2



Trúir því að hægt sé að styrkja rekstrargrundvöll sauðfjárbúa

8



Birgðir dilkakjöts hafa sjaldan verið minni og horfur á skorti á hryggjum

32–33



Ef okkur tekst öllum að stefna í sömu átt þá er mjög bjart fram undan í íslenskum landbúnaði


# Bændablaðið

7. tölublað 2019 • Fimmtudagur 11. apríl • Blað nr. 536 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is




**Um síðustu helgi voru fimm ær bornar á bænum Snartarstöðum í Lundarreykjadal í Borgarfirði. Þykir það heldur snemmt en ástæðan var að þær höfðu lifað hreint ekki frjálslyndu lífi langt fram eftir hausti áður en þær skiluðu sér heim á bæ. Á myndinni er heimasætan, Heiðdís Guðrún Jóhannsdóttir, kampakát með eitt þessara snemmbornu lamba í fanginu.** – *Sjá nánar á bls. 4*

Mynd / Guðrún María Björnsdóttir

## Sauðfjárbændur fokreiðir út í landgræðslustjóra

**Landgræðslufólk í Biskupstungum, fjallskilanefnd Biskupstungna og sauðfjárbændur í Biskupstungum, komu saman á fundi í veitingaskálanum Faxa við Tungnaréttir, sunnudaginn 7. apríl sl. Tilefni fundarins voru ummæli landgræðslustjóra, Árna Bragasonar, sem hann viðhafði á fagráðstefnu skógræktar á Hallormsstað 3.–4. apríl sl. Einnig ummæli í fjölmiðlum undanfarna daga í garð bænda, einkum þeirra sem nýta afréttir.**

Landgræðslustjóri mætti á fundinn í Faxa og samkvæmt heimildum Bændablaðsins var mikil reiði í hópi bænda og kom til mjög harðra orðaskipta milli þeirra og landgræðslustjóra.

Gagnrýnt var tal Árna um að banna ætti lausagöngu búfjár og að sumir afréttir séu ónýtir. Til dæmis Biskupstungnaafréttur. Einnig hafi hann gefið í skyn að þeir sem reki fé sitt á fjall geri það til að losna undan þeirri ábyrgð sem fylgir því að eiga búfé.

Á fundinum í Faxa var gerð afar harðorð ályktun sem samþykkt var samhljóða:

„Í áratugi hefur heimafólk í Biskupstungum unnið ötullega að uppgræðslustörfum á Biskupstungnaafrétti og alla jafna í góðu samstarfi við starfsmenn Landgræðslunnar. Landgræðslustjórar, fyrrverandi og núverandi, hafa oft komið til fundar við heimamenn og lýst aðdáun sinni á því mikla og metnaðarfulla landgræðslustarfi sem hér er unnið og að árangurinn láti ekki á sér standa. Þó nokkrir félagsmenn í Landgræðslufélagi Biskupstungna og sauðfjárbændur hafa verið heiðraðir af Landgræðslunni fyrir framúrskarandi landgræðslustörf á Biskupstungnaafrétti.

Fundarmenn telja algerlega óásættanlegt að landgræðslustjóri útmáli bændur sem óábyrga skemmdarvarga sem reki fé sitt til fjalls til þess eins að eyðileggja land og komast hjá ábyrgð á sínu búfé. Eru þessi ummæli í algerri andstöðu við það sem komið hefur fram í máli hans á fundum með heimafólki.

Þá lýsa fundarmenn undrun sinni á því að landgræðslustjóri gangi svo hart fram gegn bændum á sama tíma og haldnir eru kynningar- og samráðsfundir um samstarfsverkefnið Grólind. Telja fundarmenn að alger trúnaðarbrestur hafi orðið milli hagsmunasamtaka bænda og Landgræðslunnar með ummælum landgræðslustjóra. Hann hefur með ummælum sínum gefið það út að afréttir séu óhæfir til beitar þó svo að niðurstöður Grólindarverkefnisins liggi ekki fyrir og tiltekur þar sérstaklega Biskupstungnaafrétt. Fundarmenn telja forsendur verkefnisins brostnar, þar sem landgræðslustjóri hefur þegar sagt sína skoðun, án þess að heildstæðar vísindalegar niðurstöður varðandi þróun gróðurfars á afréttum liggi fyrir.

Þá vilja fundarmenn benda á að landbúnaður er eina atvinnugreinin sem þarf að uppfylla ströng skilyrði til að nýta afrétti /hálendi landsins. Á Biskupstungnaafrétt koma tugþúsunda ferðamanna ár hvert til að njóta útivistar á og við Langjökul og fara þeir um á vélknúnum farartækjum. Landgræðslustjóri hefur gefið í skyn að mikil loftslagsvá fylgi sauðfjárbeit á afréttum, má velta því fyrir sér hvort mengi meira, 4000 fjár í 10 vikur á ári eða tugþúsundir ferðamanna á vélknúnum farartækjum allt árið um kring.

Að endingu óska fundarmenn eftir samtali við formenn ríkisstjórnarflokkanna þriggja, þar sem framtíðarsýn lanbúnaðarins verður rædd, en verulega hefur verið vegið að sjálfstæði landsbyggðarfólks og búsetuskilyrðum með hinum ýmsu frumvarpsdrögum undanfarin misseri. Samtalið fari fram hér heima í héraði.“ */HKr.*

*– Sjá nánar á bls. 4*

### Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2019:

# Leggst alfarið gegn stofnun miðhálendisþjóðgarðs

### – Bændur krefjast þess að eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands séu virt

**Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda sem haldinn var í Bændahöllinni 4.–5. apríl 2019 leggst alfarið gegn fyrirhugaðri stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Tilgangur og þörf stofnunar þjóðgarðsins sé óljós en fyrir liggi að hún getur ógnað nytjarétti landeigenda.**

Þá er þess krafist að eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands séu virt þegar kemur að gerð frumvarpa um þjóðgarða, eða breytingum á náttúruverndarlögum sem kunna að ganga í berhögg við eðlileg réttindi landeigenda.

Í greinargerð með samþykkt fundarins segir:

„Fyrirhugaðar breytingar á náttúruverndarlögum þar sem almannaréttur er útvíkkaður, þannig að landeigendum eru enn frekar settar hömlur á að stjórna umferð um sitt land, ganga í berhögg við eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands. Allar slíkar tillögur og líka þær er varða þjóðgarða verður að kynna vel og vinna í samráði við hagsmunaaðila. Bændur eru þar stærsti hópurinn og eðlilegt að sérstaklega sé horft til þeirra í þessu samhengi.“ */HKr.*



**Frá aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda.** Mynd / HKr.

FRÉTTIR



Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda var haldinn í Bændahöllinni 4.–5. apríl 2019. Mynd / HKr.

### Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2019:

# Skorar á Alþingi Íslendinga að beita sér af fullum þunga til að tryggja lýðheilsu þjóðarinnar

## – og vernda einstaka sjúkdómastöðu íslenskra búfjárstofna við meðferð frumvarps til laga um innflutning búfjárafurða

**Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), sem haldinn var á Hótel Sögu 4.–5. apríl 2019, harmar niðurstöðu EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar varðandi innflutning á ófrosnu kjöti til landsins. Fundurinn skorar á Alþingi Íslendinga að beita sér af fullum þunga fyrir aðgerðum sem tryggja lýðheilsu þjóðarinnar og vernda einstaka sjúkdómastöðu íslenskra búfjárstofna við meðferð frumvarps til laga, mál nr. 766 um innflutning búfjárafurða o.fl.**

Á aðalfundinum var samþykktur fjöldi ályktana er varðar hagsmuni bænda. Þar á meðal hafnaði aðalfundurinn hugmyndum um sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi undir hatti matvælasjóðs. Segir í ályktuninni að Framleiðnisjóður hafi mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi, sérstaklega í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda. Þá segri í greinargerð með samþykktinni:

„Í greinargerð lagafrumvarps um afnám frystiskyldu kemur fram að unnið sé að sameiningu m.a. Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi með það að markmiði að koma á fót einum öflugum matvælasjóði sem styður betur við nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu. Framleiðnisjóður styður ýmis viðfangsefni önnur en þau er lúta beint að matvælaframleiðslu, t.a.m. uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli, námsstyrki til mastersnema á sviði landbúnaðar, skógræktar- og landgræðsluverkefni og mikilvæg framfarverkefni á ýmsum sviðum landbúnaðar, sem ekki koma öll matvælaframleiðslu beint við.“ */HKr.*

# Tryggingar vegna tjóna

**Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda beinir því til stjórnar LS að vinna að því með stjórn Bændasamtaka Íslands að halda áfram með viðræður við tryggingafélögin um að bjóða upp á tryggingu sem bætir það tjón sem bændur geta lent í sem B-hluti Bjargráðasjóðs bætti áður.**

Greinargerð: Þær breytingar sem voru gerðar á Bjargráðasjóði urðu til þess að það tjón sem var bætt úr svo kölluðum B-hluta datt niður og eru því bændur ekkert tryggðir fyrir hinum ýmsu áföllum sem geta orðið í búskap eins og t.d miklu lambaláti eða öðru afurðatjóni. Og er það því nauðsynlegt að hagsmunafélög okkar bænda vinni að því að fá tryggingafélögin til að bjóða upp á svipaða tryggingu og B-hluti Bjargráðasjóðs bætti áður. */HKr.*

# Útrýming á riðuveiki

**Aðalfundur LS beinir því til stjórnar LS og BÍ að beita sér af fullum þunga fyrir því að reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar verði endurskoðuð í heild sinni.**

Í greinargerð með þessari samþykkt fundarins segir að núverandi reglugerð taki ekki á breytingum sem hafa orðið á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Eins taki hún ekki á þeirri tekjuskerðingu sem bændur verða fyrir fyrstu árin eftir að nýtt fé er tekið. Jafnframt eru förgunarbætur fyrir hverja kind langt frá því að standa undir kaupverði á nýju fé, að því er segir í samþykktinni. */HKr.*



Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi á Straumi í Hróarstungu, var kjörinn nýr formaður Landssamtaka sauðfjárbænda (LS). Kosið var á milli þriggja frambjóðenda á aðalfundi LS. Í framboði voru auk Guðfinnu Hörpu þeir Trausti Hjálmarsson, bóndi í Austurhlíð 2, og Sigurður Þór Guðmundsson í Holti. Mynd / smh

### Guðfinna Harpa er nýr formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

# Trúir því að hægt sé að styrkja rekstrargrundvöll sauðfjárbúa

**Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi á Straumi í Hróarstungu, var kjörinn nýr formaður Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) á aðalfundi samtakanna á Hótel Sögu á föstudaginn.**

Kosið var á milli þriggja frambjóðenda í fyrstu umferð; þeirra Trausta Hjálmarssonar, bónda í Austurhlíð 2, og Sigurðar Þórs Guðmundssonar í Holti, auk Guðfinnu Hörpu.

Í seinni umferð var kosið á milli þeirra Guðfinnu Hörpu og Sigurðar Þórs þar sem þau hlutu flest atkvæði í fyrstu umferð og hlaut Guðfinna þá 23 atkvæði en Sigurður 15 og einn skilaði auðu.

### *Jákvæð merki á mörkuðum*

Guðfinna Harpa starfar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og hefur áður starfað hjá Búnaðarsambandi Austurlands. Hún segir að í stuttu máli sé það hennar skoðun að jákvæð merki séu varðandi horfur á lambakjötsmörkuðum og þar af leiðandi verð til bænda en staðan sé þó enn þá mjög viðkvæm. „Allir þeir sem þar koma að þurfa því áfram að vanda til verka þannig að vel takist til. Þegar bilið á milli afurðaverðs og framleiðslukostnaðar verður svo mikið sem það hefur verið undanfarin haust er mjög mikilvægt að ná kröftugum viðsnúningi þannig að hægt sé að styrkja á ný rekstrargrundvöll búanna. Ég trúi því að það takist þar sem við sauðfjárbændur framleiðum frábært hráefni, spennandi markaðsverkefni eru í gangi og þrýstingur vegna framleiðslumagns fer minnkandi.“

### *Fyrirliggjandi stór verkefni*

„Fyrst mun ég þurfa að setja mig hratt inn í hin ýmsu verkefni samtakanna þar sem ég hef ekki áður setið í stjórn en þar er ég heppin að hafa öfluga stjórnarmenn og framkvæmdastjóra mér innan handar,“ segir Guðfinna Harpa um sín fyrstu verk í embætti. „Fyrir liggja stór verkefni og má sem dæmi nefna áframhaldandi átak í markaðsmálum sauðfjárræktarinnar, endurskoðun rammasamnings um almenn skilyrði landbúnaðar, verkefni tengd umhverfismálum svo sem kolefnisjöfnun greinarinnar og efling grasrótar landssamtakanna.“

Nýja stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda skipa auk Guðfinnu Hörpu þeir Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum, Böðvar Baldursson, Ysta-Hvammi, Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2 og Einar Guðmann Örnólfsson, Sigmundarstöðum, sem kemur nýr inn í stjórn í stað Þórhildar Þorsteinsdóttur, Brekku. */smh*




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

FRÉTTIR

# Þungt hljóð í sauðfjárbændum vegna orða landgræðslustjóra um landnýtingu

**Á dögunum var haldin fagráðstefna skógræktar 2019. Þar voru flutt fjölmörg áhugaverð erindi. Meðal annars flutti Árni Bragason landgræðslustjóri erindi um aðgerðir í loftslagmálum – áherslur landgræðslunnar. Samantekt á erindi Árna birtist á heimasíðu Skógræktarinnar auk þess sem útdráttur er birtur í ráðstefnuriti.** Landgræðslustjóri fer víða í erindi sínu og fjallar m.a. um hlýnun jarðar, nýtt skipurit Landgræðslunnar og um ný landgræðslulög. Ummæli Árna um stöðu nokkurra afréttarsvæða á landinu vöktu nokkra athygli enda kallar landgræðslustjóri eftir pólitískum vilja til að loka þessum beitilöndum með tilheyrandi forsendubrest fyrir sauðfjárbúskap á svæðinu. Sauðfjárbændur á þessum svæðum og víðar um land hafa átt í miklu og góðu samstarfi við Landgræðsluna. Ber þar hæst verkefnið Bændur græða landið, sem hefur skilað miklum árangri og kannski ekki síður stuðlað að góðu og öflugu samtali milli bænda og Landgræðslunnar. Þá er verkefnið Grólind framtíðarverkfæri til að fylgjast með ástandi lands. Bændur bera miklar vonir til þess verkefnis enda hefur vinna við það gengið vel.


Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri LS.

Á kynningarfundi Grólindar sem haldinn var í Brautarholti á Skeiðum mætti landgræðslustjóri til að skýra mál sitt fyrir bændum. Það var þungt hljóð í fundarmönnum og mikill hiti í umræðum.

### *Ummælin hitta bændur illa fyrir*

„Ég hef fengið fjölmörg símtöl frá bændum eftir að þessi ummæli féllu í síðustu viku. Ummælin hitta bændur illa fyrir," segir Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

„Ég tel mikilvægt að landgræðslustjóri fái ráðrúm til að skýra betur ummæli sín. Við verðum að byggja samtalið milli landgræðslu og bænda á trausti. Bændum þykir að landgræðslan sé búin að gefa sér fyrirfram niðurstöður á ástandsmati þeirra afrétta sem tilteknir voru í erindi landgræðslustjóra og spyrja sig því einfaldlega hvers vegna verið sé að vinna að Grólindarverkefninu ef niðurstaðan er komin fram."

### *Afkoman byggir á sjálfbærri landnýtingu*

„Afkoma sauðfjárbænda byggir á því að landnýting sé sjálfbær. Þess vegna skiptir okkur miklu máli að Grólindarverkefnið verði öflugt verkfæri sem skilar okkur upplýsingum um ástand lands og framvindu þess. Afurð Grólindar eru gögn sem nýtast bændum beint til að bæta landnýtingu og ekki síður til að stunda markvissar landbætur. Það er ljóst að reynsla og fagþekking innan Landgræðslunnar er algjör forsenda fyrir þessu verkefni og við ætlumst til mikils af samstarfi við Landgræðsluna á þessu sviði. Enda viljum við vinna með öllum sem koma fram við okkur á sanngjarnan og málefnalegan hátt," segir Unnsteinn. */HKr.*

# Hvað er sjálfbær landnýting?

**Þung orð hafa fallið í garð Árna Bragasonar landgræðslustjóra í kjölfar erindis sem hann flutti á fagráðstefnu Skógræktar sem haldin var á Hallormsstað dagana 3. og 4. apríl síðastliðinn. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var Öndum léttar – landnotkun og loftslagsmál.**

Árni segir að erindi sitt, sem sjá má upptöku af á netinu, sé orðið tilefni skrifa og viðtals og einnig var blásið til fundar sauðfjárbænda í Bláskógabyggð vegna ummæla hans um ástand afréttar Biskupstungna.

### *Einungis 15,3% af afréttarlandinu flokkast sem ágætt, gott eða sæmilegt*

„Bændur fjölmenntu á kynningarfund Grólindarverkefnisins (www.grolind.is) í Brautarholti á Skeiðum og þar var undirrituðum afhent yfirlýsing og þung orð fylgdu.

Eins og heyra má í erindi mínu er umfjöllunin fyrirhuguð setning reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu. Meðfylgjandi er vinnukort frá árinu 2014 sem ég notaði í erindi mínu og sýnir það að einungis 15,3 % af afréttarlandinu fellur í ástandsflokkinn „Ágætt, gott eða sæmilegt" og „uppgræðslusvæði" er 2,5%. Ég velti upp þeirri spurningu hvort beit á landi sem flokkast eins og Biskupstungnaafréttur þ.e. með minna en 20% í flokkum 0-2 verði metið sem sjálfbær landnýting.

Landgræðslufélagið í Biskupstungum er eitt öflugasta landgræðslufélag landsins og þar hefur verið unnið mjög gott starf. Miklir fjármunir hafa farið í aðgerðir á undanförnum áratugum en því miður er enn virkt rof sem stöðva þarf.

Í yfirlýsingunni er undirritaður lýstur vanhæfur og að forsendur Grólindarverkefnisins séu brostnar vegna ummæla landgræðslustjóra um ástand afréttarins."

### *Upplýsingum safnað í samvinnu við bændur*


Árni Bragason landgræðslustjóri.

„Grólindarverkefnið er með kynningarfundi og hefur verið að safna upplýsingum í samstarfi við bændur. Að verkefninu vinna vísindamenn sem beita öllum bestu vísindalegu aðferðum til að fá mat á ástand lands og þær niðurstöður eiga að standast óháða skoðun. Verkefnið hefur stýrihóp sem í eiga sæti fulltrúar Landssamtaka sauðfjárbænda, RML, LbhÍ, Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands. Landgræðslustjóri getur ekki sagt þessu fólki hvaða aðferðir eigi að nota eða hvaða niðurstöður eigi að birta.

Ég hef í fyrirlestrum og í viðtölum talið að 85% framleiðslunnar fari fram við ásættanlegar aðstæður. Niðurstöður Grólindarverkefnisins munu sýna hvort sú tala sé nálægt sanni.

Niðurstöður áralangra rannsókna og mælinga dr. Ólafs Arnalds, prófessors við LbhÍ, á ástandi landsins var hafnað sem ósannindum og áróðri og hann úthrópaður á fundum. Vinnukorti frá árinu 2014 hefur verið hafnað sem áróðri og ósannindum af fámennum hópi fólks.

Við stefnum að sama markmiði með starfi okkar. Við viljum bæta landið okkar og koma á sjálfbærri landnýtingu og tryggja það að afkomendur okkar geti nýtt landið um langa framtíð," segir Árni Bragason landgræðslustjóri. */VH*

# Snemmbærur á Snartarstöðum í Lundarreykjadal í Borgarfirði

## – Lifðu frekar frjálslyndu lífi langt fram eftir hausti og það hafði afleiðingar

**Um nýliðna helgi voru fimm ær bornar á bænum Snartarstöðum í Lundarreykjadal í Borgarfirði. Þykir það nokkuð snemmt og vonaðist Guðrún María Björnsdóttir bóndi til að þær yrðu ekki fleiri í bili.**

„Þetta eru kindur sem við heimtum seint heim í haust og hafa þær því lifað frekar frjálslyndu lífi," sagði Guðrún í samtali við Bændablaðið.

Guðrún, eða Gunna Mæja eins og kunningjarnir kalla hana, tók við búinu af föðursystkinum sínum í ársbyrjun 2016 ásamt eiginmanninum, Jóhanni Páli Þorkelssyni.

### *Fækkuðu fé vegna stöðunnar í sauðfjárræktinni*

„Við erum núna með um 150 fjár eftir að hafa fækkað svolítið vegna stöðunnar í greininni. Áður vorum við með um 320 kindur, en það hefur ekki verið mikið upp úr þessu að hafa að undanförnu. Annars erum við líka með 39 kýr í básafjósi sem okkur þykir alveg passlegt og nokkrar geitur."

### *Hafa hug á að koma sér upp mjaltagryfju*

Guðrún segir að þau séu með brautarkerfi í fjósinu en þau vonist til að geta komið sér upp mjaltagryfju.

„Okkur langar ekkert sérstaklega í róbót. Enda sé ég heldur ekki fram á að við fáum þriggja fasa rafmagn hér alveg á næstunni."

Mjaltaþjónar eru flestir hannaðir til að anna 60 til 70 kúm á sólarhring. Segir Guðrún ekki ætlunina að fjölga kúm, enda þurfi þá að vera hægt að heyja ofan í þær líka og vont að þurfa að stóla á aðra með hey.

Víða um land hafa kúabændur verið að endurnýja fjós og stækka


Arnfríður Birna Jóhannsdóttir lukkuleg með snemmborið lamb á Snartarstöðum í Borgarfirði í fanginu. Myndir / Guðrún María Björnsdóttir

um leið vegna innleiðingar á nýjum aðbúnaðarreglugerðum. Þess gerist ekki þörf á Snartarstöðum þar sem fjósinu var breytt 2007 og básarnir þá hafðir rýmri en þáverandi reglugerð krafðist. Sú framsýni kemur nú að góðum notum og standast básarnir vel nýjar reglugerðir.

### *Slitlagslagningu frestað um nokkur ár yfir Uxahryggi*

Í gegnum Lundarreykjadal liggur vegur upp á Uxahryggi og yfir á Þingvelli. Stóraukin umferð ferðamanna hefur verið um þessa leið og því hefur verið ákall um endurbætur. Búið er að byggja upp veginn að verulegu leyti, en enn verður líklega bið á slitlagi yfir heiðina.

„Við förum stundum þarna yfir til að versla á Selfossi á sumrin til tilbreytingar. Það er komið samfellt slitlag til okkar af veginum í Borgarfirði og upp að Brautartungu eftir lagfæringar í fyrrasumar. Það átti að fara í að klára lagninguna á þeim kafla sem eftir er yfir Uxahryggina á þessu eða á næsta ári, en ég held að það sé búið að fresta því til 2024. Ég veit ekki af hverju þessu var frestað, en mér finnst við oft sitja dálítið á hakanum hér í Lundarreykjadal. Sama á við um fjarskiptasamband sem verið hefur upp og ofan," segir Guðrún María Björnsdóttir. */HKr.*



Hér er Heiðdís Guðrún Jóhannsdóttir með lítið sætt kið í fanginu.


Þessi þrílemba virðist una hag sínum vel á Snartarstöðum.

# LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS
SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

## GESTAHÚS

**JÖKLAR** - Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.





## BÍLSKÚRAR

**JÖKLAR BÍLSKÚR** - Nú bjóðum við Jöklahúsin útfærð sem bílskúr. Fljótleg, hagkvæm og traust leið til þess að reisa bílskúrinn eða athafnahúsið sem marga vantar. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.





## SUMARHÚS

**ÁSAR OG KLETTAR** - Heilsárshús með eða án svefnlofts. Grunnstærðir Ása og Kletta eru annars vegar 65fm og hins vegar 80fm. Báðar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.




## EINBÝLISHÚS

**FOSSAR** - Einbýlishús sem uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



## EININGAKERFI LANDSHÚSA - ÍSLENSK HÖNNUN

*– Með hagkvæmni að leiðarljósi*

- Landshús býður upp á forsniðin einingahús, útfærð í einingakerfi sem við höfum hannað og þróað alfarið út frá íslenskri byggingarreglugerð.
- Tilgangurinn er að bjóða traust hús sem hægt er að reisa á einfaldan, fljótlegan og hægkvæman hátt.
- Einingakerfið er staðlað með ýmsum val- og breytingarmöguleikum.
- Húsin eru hönnuð sem gestahús, bílskúr, sumarhús og einbýlishús. Öll húsin hafa sína breytingarmöguleika svo að allir geti útfært húsið eins og hver vill.
- **Einingakerfi Landhúsa hefur verið afar vel tekið um allt land og hefur sýnt það og sannað að hægt er að reisa traust og vel byggð hús á hagkvæman hátt.**



*- Einfalt að stækka*



Sjáðu hvernig einingakerfið virkar með því að skoða kennslumyndbandið okkar á **www.landshus.is/myndband**

**EFLA verkfræðistofa á Akureyri** sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.

EFLA

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

**Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is**

LANDSHÚS

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Valdaframsal?

**„Þriðji orkupakki Evrópusambandsins, sem verður hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ef Alþingi samþykkir, felur í sér að ríkisvaldið verður framselt til alþjóðlegra stofnana.“**

Þetta er haft eftir Stefán Má Stefánssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem er sérfræðingur í Evrópurétti í frétt RÚV þann 30. ágúst 2018. Síðan spurði RÚV:

*– Felur þessi þriðji orkupakki Evrópusambandsins í sér valdaframsal?*

***„Já, ég býst við að maður verði að svara þeirri spurningu játandi.“***

*– Á hvaða hátt?*

***„Á þann hátt að ríkisvaldið er að einhverju leyti framselt til alþjóðlegra stofnana.“***

Því hefur samt verið haldið fram af talsmönnum orkupakka þrjú innan ríkisstjórnar Íslands að innleiðing hans muni ekki fela í sér valdaafsal og að það muni ekki hafa áhrif á yfirráð Íslendinga yfir stjórn sinna orkumála. Innleiðingin hefði því ekkert með tenginguíslenska orkukerfisins að gera við orkunet ESB enda sæstrengur enn ekki fyrir hendi.

Ragna Árnadóttir, lögfræðingur og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, sagði aftur á móti í grein í vefritinu Úlfljóti 2018: *„Helstu nýmæli þriðja orkupakkans lúta að frekari aðskilnaði milli flutningsaðila og annarrar orkutengdrar starfsemi. Einnig er mælt fyrir um aukið sjálfstæði raforkueftirlits innan ríkjanna,* ***sem og samstarf þeirra og samhæfingu yfir landamæri.***“

Skrítið. – Til hvers ætli samhæfing yfir landamæri sé ef engin áform eru um að tengjast orkumarkaði ESB eða leggja sæstreng?

Um aðgreining á eignarhaldi flutningskerfa og öðrum orkurekstri segir Ragna:

*„Gerð er krafa um aðgreiningu á eignarhaldi flutningskerfis og annarrar orkutengdrar starfsemi, sbr. ákvæði 9. gr. þriðju raforkutilskipunar ESB. Er hér gengið lengra en í fyrri orkupökkunum, sem mæltu fyrir um bókhaldslegan og rekstrarlegan aðskilnað. [...] Flutningur raforku hér á landi er í höndum Landsnets hf. og eru eigendur þess vinnsluaðilar raforku. Slíkt eignarhald væri að öllu jöfnu ekki í samræmi við ákvæði þriðju raforkutilskipunarinnar.* ***Ekki er þó nauðsynlegt að gera breytingar þar á í tilefni af innleiðingu þriðja orkupakkans í íslenskan rétt þar sem Íslandi var veitt undanþága frá þessu skilyrði tilskipunarinnar í fyrrgreindri ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 93/2017. Þessi áskilnaður þriðja pakkans hefur því engin áhrif á Íslandi.“***

Ef þetta er rétt, – af hverju tilkynnti Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðarráðherra þá í byrjun mars 2019 að ríkisstjórnin hefði samþykkt að hefja viðræður við Landsvirkjun um að eignast hlut fyrirtækisins í Landsneti? Virkaði þá ekki lengur undanþágan sem Ragna nefndi?

Talsmenn innleiðingar orkupakka 3 í ríkisstjórn Íslands vitna mjög til þess að Stefán Már Stefánsson og Friðrik Árni Friðriksson Hirst hafi gefið þeim gjörningi grænt ljós. Samt er að þetta m.a. finna í álitsgerðinni fyrir ríkisstjórnina:

***„Verði 8. gr. reglugerðar nr. 713/2009 tekin upp í EES-samninginn og innleidd í íslenskan rétt í óbreyttri mynd mun reglugerðarákvæðið fela í sér framsal framkvæmdarvalds til ESA sem ella væri á hendi íslenskra stjórnvalda. Verður ESA þá falið vald til að taka ákvarðanir sem munu binda íslensk stjórnvöld að landsrétti og munu um leið varða hagsmuni mikilsverðra raforkufyrirtækja og notenda raforkukerfisins beint og óbeint. ACER myndi einnig hafa umtalsverð áhrif á efni ákvarðana ESA.“*** */HKr.*

# Nú er lag




**Freyja Þorvaldar**
bóndi á Grímarsstöðum í Borgarfirði
freyja@grimarsstadir.is


**Í síðasta tölublaði lýsti nýkjörinn formaður Bændasamtakanna framtíðarsýn sinni á íslenskan landbúnað. Sýn sem afskaplega margir bændur og áhugafólk landbúnaðar deila með honum. Það er auðvitað fyrsta skrefið að árangri að hafa skýr markmið og vita hvert er stefnt.**

### *Breytingar í aðsigi*

Fram undan eru miklar breytingar á ytri aðstæðum í landbúnaði og þannig munu íslenskir bændur standa frammi fyrir nýjum veruleika þegar innflutningur á ófrosnu kjöti hefst. Það er erfitt að spá um það fyrirfram hverjar breytingar nákvæmlega verða en augljóst er að samkeppni mun aukast að ákveðnu leyti.

Bændasamfélagið sendi mjög skýr skilaboð að því hugnaðist illa þessar fyrirætlanir. Nú er búið að taka ákvörðun sem ekki verður breytt. Þá stendur eftir spurningin um það hvernig sé best að takast á við þessar breytingar?

### *Að ná til neytenda*

Það hefur löngum loðað við bændasamfélagið að það sé ekki sérstaklega hrifið af breytingum, en breytingar geta haft í för með sér ný tækifæri sem ekki er hægt að sjá fyrir. Sá málflutningur, sem ákveðinn hópur hefur haft uppi, um að hér verði lífi bæði manna og dýra stefnt í hættu með fyrirhuguðum innflutningi, hefur verið til þess fallinn að ala á ótta. Ég tel ósennilegt að það sé besta leiðin til að ná eyrum neytenda. Það er þó rétt að taka fram að ég er á engan hátt að gera lítið úr þeirri vá sem sýklalyfjaónæmi í heiminum er, og hana ber að taka alvarlega. Hins vegar tel ég það mun vænlegra til árangurs að vekja athygli á því góða sem íslenskur landbúnaður hefur fram að færa en að hamra á slæmum afleiðingum ef fólk borðar innflutt kjöt. Það skiptir jú mestu máli að fá neytendur með okkur í lið því það eru þeir sem koma til með að kaupa þær gæðavörur sem bændur leggja sig fram við að framleiða. Þeirra er valið.

Hinn almenni neytandi er mun upplýstari um velferð dýra núna í dag heldur en hann var fyrir 5–10 árum. Aukin umræða um minnkun kolefnisspors er einnig fyrirferðarmikil í umræðunni. Hvoru tveggja vinnur þetta mjög með íslenskum landbúnaði og á þetta eigum við að leggja áherslu. Við búum við strangar kröfur um velferð dýra og það segir sig auðvitað sjálft að það losar mun minna kolefni að framleiða þær landbúnaðarvörur sem við neytum hérlendis en að flytja þær hingað til lands yfir Atlantshafið. Að frátöldum gæðum vörunnar, er það sagan á bak við vöruna sem mestu máli skiptir að mínu mati. Við hvaða aðstæður var hún framleidd og hverjir komu að því? Allar fjölskyldurnar sem standa að baki matvælaframleiðslu í landinu og þeim menningararfi sem býr í sveitum landsins. Ég hef trú á íslenskum neytendum og er sannfærð um að með jákvæðum málflutningi tekst okkur að ná enn þá betur til þeirra. Það er, að mínu mati, stærsta áskorunin sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir á þessum tímamótum.

### *Þurftafrekir milliliðir*

Keðjan eins og við þekkjum hana í dag frá bónda til neytanda hefur tvo þurftafreka milliliði, afurðarstöðvarnar og verslunina. Það hefur færst mjög í aukana að bændur selji sínar vörur beint til neytenda og ört stækkandi hópur neytenda hefur af því mikið dálæti að færa þessi kaup í persónulegri viðskipti. Reglur kveða hins vegar á um að bændur verða að slátra sínum gripum hjá löggiltum sláturhúsum. Það er bannað að selja kjöt af heimaslátruðu. Eftir að afurðaverð til sauðfjárbænda lækkaði brugðu margir á það ráð að selja meira kjöt beint og leggja minna inn í afurðastöðvarnar. Svar afurðastöðvanna við því var að hækka sláturkostnað af heimteknu kjöti til muna, sem gerði mörgum bændum erfiðara um vik.

Þetta er umhverfið sem við þekkjum í dag. En það er ekki þar með sagt að það sé ekki hægt að breyta því til batnaðar.

Síðla árs 2018 lagði Matís fram tillögu um að reglum um heimaslátrun yrði breytt með það í huga að bændur gætu sett upp svokölluð örsláturhús heima hjá sér. Þessar tillögur eru til þess fallnar að gefa bændum tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar og rými til þess að verðleggja vörur sínar án þess að þurfa að greiða háan sláturkostnað til afurðastöðvanna. Með þessu móti myndu tekjurnar skila sér þangað sem hin raunverulega verðmætasköpun á sér stað – til bænda í sveitum landsins. Þetta er mín framtíðarsýn.

Við lifum á tímum þar sem þróunin er ör og það er nauðsynlegt að landbúnaðurinn þróist í takt við samfélagið. Það þarf að bregðast við breyttum aðstæðum en einnig breyttu neyslumynstri og ákalli neytenda um breytta viðskiptahætti. Þar skyldu bændur og landbúnaðurinn í heild ekki láta sitt eftir liggja.

Núna er lag og við höfum tækifæri til þess að horfa björtum augum fram á veginn og takast á við komandi áskoranir með jákvæðni og skynsemi að vopni. – ***Áfram gakk!***

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Í Skarðsstöð í landi Skarðs á Skarðsströnd í Dalasýslu er góð hafnaraðstaða frá náttúrunnar hendi. Bærinn Skarð var talin besta jörð við Breiðafjörð og raunar eitt helsta höfuðból landsins, mikil hlunnindajörð og henni fylgdi fjöldi eyja og hólma. Frásagnir eru til af útgerð og skipaferðum í höfninni í sögnum frá upphafi Íslandsbyggðar. Bryggja var byggð 1956 og á árunum milli 1960 og 1970 var algengt að 120 tonna flutningaskip lægju þar við bryggju. Byggður var sjóvarnargarður 1992, smábátahöfn 1994, flotbryggja 1995 og svo var lagt rafmagn, settur upp löndunarkrani og löndunaraðstaða.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Flytjendur eru leikkonurnar Edda Þórarinsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Helga E. Jónsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir, sem jafnframt er umsjónarmaður verkefnisins. Myndir / Hilmar Þorsteinn

## Passíusálmar Hallgríms Péturssonar fluttir í Hallgrímskirkju:

# Svoddan ljós mætti fleirum lýsa

**Föstudaginn langa, 19. apríl næstkomandi, munu sjö leikkonur flytja Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Hallgrímskirkju. Yfirskrift flutningsins er „Svoddan ljós mætti fleirum lýsa“ og er tilvitnun í hvatningu sem Hallgrímur fékk frá skáldbróður sínum til þess að hefja útbreiðslu á verki sínu.**

Flytjendur eru leikkonurnar Edda Þórarinsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Helga E. Jónsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir, sem jafnframt er umsjónarmaður verkefnisins. Tónlistin verður í höndum Björns Steinars Sólbergssonar, organista.

*Kúabóndi í Gnúpverjahreppi*

Halla Guðmundsdóttir, einn flytjenda, er kúabóndi að Ásum í Gnúpverjahreppi. „Þegar ég flutti í sveitina skömmu eftir 1970 ásamt manninum mínum var ég leikkona í Reykjavík og við ætluðum að vera þar í eitt ár eftir að foreldrar mínir hættu búskap en erum þar enn. Við eru með milli 40 og 50 mjólkurkýr sem þykir ekki mikið í dag. Reyndar ætlum við fljótlega að hætta búskap og hleypa næstu kynslóð að.“

Halla segist áður hafa komið að flutningi Passíusálma. „Hluti okkar flutti sálmanna í Hallgrímskirkju í Saurbæ á síðasta ári og aðrar hafa komið að flutningi þeirra áður og núna ætlum við að gera það í sameiningu.“

*Treysti konum fyrir varðveislu sálmanna*

„Það er gaman að hugsa til þess að það voru konur sem Hallgrímur treysti á í markaðssetningu Passíusálmanna og varðveislu þeirra. Vorið 1660 sendi Hallgrímur frá sér fyrstu þrjú handritin til þriggja valinna kvenna sem hann treysti til þess að kynna sálmana fyrir öðrum, verja þá fyrir gagnrýni og sjá til þess að þeim yrði ekki „undir bekk varpað“ eins og hann orðaði það. Konurnar voru Ragnhildur Árnadóttir í Kaldaðarnesi, Kristín Jónsdóttir í Einarsnesi og Helga Árnadóttir í Hítardal, allar innbyrðis tengdar og í áhrifastöðu á sínum tíma.

Með handritunum fylgdi beiðni frá Hallgrími þar sem hann bað konurnar um að passa upp á að sálmunum yrði ekki breytt, þannig að honum var annt um höfundarverkið sitt og vildi ekki að það færu af stað óvandaðar og breyttar útgáfur af þeim. Hann treysti líka þessum konum til að koma verki sínu á framfæri, sem var ekki auðvelt á þeim tíma.

Vorið 1661 fékk Ragnheiður Brynjólfsdóttir í Skálholti fjórða handritið ritað eigin hendi skáldsins og er það eina handritið sem varðveist hefur til okkar daga og í raun stórmerkilegt að Passíusálmarnir séu til í handriti Hallgríms.



Hallgrímur Pétursson.

Sálmarnir voru Ragnheiði svo mikils virði þegar hún lá banaleguna eftir mikið skipbrot í lífinu að hún sendi eftir Hallgrími og hann dvaldi hjá henni síðustu vikurnar sem hún lifði.

Handritin sem þessar samtímakonur Hallgríms fengu frá höfundinum gegndu lykilhlutverki fyrstu árin og aldirnar sem Passíusálmarnir voru að vinna sér sinn einstæða sess í sál þjóðarinnar. Dæmi um hvað sálmarnir hafa haft djúpstæð áhrif á fólkið í landinu er að amma mín, Halla Lovísa Loftsdóttir, lærði Passíusálmana utan að sem barn eins og margir aðrir gerðu.“

*Tala til okkar enn í dag*

Halla segir að sálmarnir höfði til okkar í dag ekki síður en á þeim tíma sem þeir voru ortir. „Hallgrímur þekkti mannssálina greinilega mjög vel og veit hvernig fólki líður og hvað brennur á því og samsamar daglegri baráttu fólks við stórsamhengið í lífinu.“

*Heiðra minningu kvennanna*

Halla segir að það sé til þess að heiðra minningu kvennanna úr innsta hring sálmaskáldsins sem leikkonurnar sjö koma saman til að flytja verkið.

Flutningurinn hefst klukkan 13.00 og lýkur upp úr klukkan 18.00 á föstudaginn langa og er fólki boðið að koma og fara og hlýða á flutninginn að vild. /VH



Flytjendur Passíusálmanna búnar að stilla sér upp í Hallgrímskirkjunni og tilbúnar í flutninginn.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 223

Sigurbjörn Kristjánsson, **Boddi**, var fæddur á Finnsstöðum í Köldukinn 20. desember 1917, en lést á Kristnesspítala 2. október 1973. Sigurbjörn fékkst talsvert við kveðskap og orti fjöldann allan af gamanbrögum sem sungnir voru á samkomum í Kinninni. Virkur var hann, enda í Ungmennafélaginu Gaman og alvara, sem starfrækt var í sveitinni. Flestar lausavísur Sigurbjarnar voru í gamansömum stíl, ekki síst um hann sjálfan, sem verður að teljast kostur hvers hagyrðings. Hér verða birtar nokkrar af vísum **Bodda**, einkum þó vísur ortar til kvenna sem voru honum einkar huglægar:

*Lenti einn með átta konum*
*auminginn hann Sigurbjörn,*
*stóð sig býsna vel að vonum*
*þó varla fæðist af því börn.*

*Heima sáttur held mig kyr*
*frá heimsins fláttskap sloppinn,*
*þó ég ætti áður fyr*
*ósköp bágt með kroppinn.*

*Ást til kvenna ölum við,*
*en algengt því er miður,*
*að grein af henni er gegnum kvið*
*og gjarnan lengra niður.*

Um fatatísku kvenna orti **Boddi**:

*Áður voru ber með bók*
*og birtist þá margt sem laðar.*
*En nú sér ekki í auða vök*
*á þeim nokkursstaðar.*

Sigurbjörn átti í einhverjum bréfaskrifum við konu, sennilega með nokkrum þægilegheitum. Ekki verður séð af því ljóðabréfi sem **Boddi** síðast sendi henni, að hún hafi verið tilkippileg:

*Um vináttu sanna vitnar þitt bréf*
*og vita þú skalt mína hagi,*
*að sérlega ágæta heilsu ég hef*
*og hægðir í stakasta lagi.*

*Ég vil ekki slíta þitt vináttuband,*
*en verð yfir einu að kvarta,*
*að nærgætni er ekki að nefna það hland*
*sem nú hefir fangað mitt hjarta.*

*En þegar svo heftir þig hjúskaparband*
*og hjartað mun ástin fylla,*
*við manninn þinn skalt ekki minnast á hland;*
*-mér finnst það hljóma svo illa.*

**Sigurbjörn** lést úr krabbameini langt um aldur fram á Kristnesspítala þar sem hann starfaði lengi sem smiður. Næstu tvær vísur eru sennilega með hans síðustu vísna, en þó ekki lausar við kímni:

*Mikinn telja myndi auð,*
*-því mín er lífsnautn ekki dauð,*
*fengi ég heimabakað brauð*
*bráðum, og líka slátur.*
*Óskaplega yrði ég þá kátur.*

*Svona fór nú með Sigurbjörn*
*þó sigraði dauðann máttug vörn.*
*Skáru úr honum skeifugörn*
*og skáldsins alla strengi.*
*Ort ég hefi ekkert lengi, lengi.*

Þeir voru bræðrasynir, **Sigurbjörn** og **Höskuldur Einarsson** frá Vatnshorni, og ólust því báðir upp við ríka kveðskaparhefð heima á Finnsstöðum í Köldukinn. Vel fer því saman, að Höskuldur fái sviðið það sem eftir lifir þessa þáttar. **Höskuldur** orti ærið af vísum tengdum hestum og gangnastússi. En hann orti líka til kvenþjóðarinnar:

*Prjáli skreyttar, púðraðar,*
*píkur reyttar hér og þar.*
*Allt er breytt sem áður var,*
*yfirleitt til bölvunar.*

*Haga rósa, brekku blóms,*
*bjartra drósa hóta,*
*dagar ljósra,yndis óms,*
*ýmsir kjósa njóta.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*



FRÉTTIR

### Aðalfundur LS – Líkur á afurðaverðshækkun til sauðfjárbænda í haust en samt blikur á lofti vegna afnáms frystiskyldunnar:

# Birgðir dilkakjöts hafa sjaldan verið minni og horfur á skorti á hryggjum

## –segir forstjóri SS og telur að góðir sölumöguleikar á Þýskalandsmarkaði geti gjörbreytt markaðsstöðunni til hins betra

**Steinþór Skúlason, forstjóri SS, lýsti því á aðalfundi Samtaka sauðfjárbænda á dögunum að batnandi staða á kjötmarkaði, m.a. með auknum sölumöguleikum á Þýskalandsmarkaði, gæti farið að skila bændum hærra afurðaverði í haust. Blikur væru þó á lofti vegna heimildar til innflutnings á fersku og ófrosnu kjöti. Það gæti leitt til samdráttar í sölu dilkakjöts á innanlandsmarkaði.**

Steinþór lýsti einnig þeirri skoðun sinni að vegna mögulegs samdráttar þyrfti að hagræða og ein leið væri að fækka sláturhúsum í landinu um helming frá því sem nú er. Slíkt gæti þá líka orðið til þess að bændur fengju hærra skilaverð fyrir sínar afurðir. Hann sagði einnig að þótt áskoranir væru víða þá væri greinin ekki lengur í þeim djúpa vonleysispytti sem verið hefði á síðustu tveim til þrem árum.



Steinþór Skúlason, forstjóri SS, sagði sauðfjárbændur ekki lengur vera í þeim djúpa vonleysispytti sem þeir hafi verið í á undanförnum árum. Mynd / HKr.

***Bættur hagur afurðastöðva ætti að skila sér í aukinni staðgreiðslu***

Steinþór sagði að miðað við tölur afurðastöðvanna á síðasta ári þá virtust þær flestar hafa verið að skila hagnaði sem væri mjög mikilvægt. Það þýddi að bændur ættu ekki að þurfa að óttast að afurðastöðvarnar gætu ekki greitt fyrir þær afurðir sem þeir afhentu afurðastöðvunum til meðhöndlunar. Slíkt hefði líka áhrif á getu afurðastöðva til að staðgreiða við slátrun. Það væri mikið hagsmunamál bænda og hafi verið almennt hér áður fyrr þótt fáir hafi staðgreitt í fyrra.

***Aldrei minni birgðir á dilkakjöti***

Steinþór sagði að lítil birgðasöfnun væri nú í kindakjötsframleiðslu sem oft hafi verið vandamál. Samkvæmt opinberum tölum hafi verið 710 tonnum minni birgðir af dilkakjöti í landinu í lok febrúar en á sama tíma 2018.

„Ég held að þetta sé lægsta birgðastaða sem ég hef séð í mjög langan tíma og ég man hreinlega ekki eftir svo lágri birgðastöðu eins og núna.

Ég tel að þetta megi einkum þakka þrem þáttum. Í fyrsta lagi var farið í markaðsátak 2018 og flutt út töluvert af kjöti fram á sumar. Það leiddi til að birgðastaðan síðasta haust var hófleg. Síðan liggur fyrir að framleiðslan í fyrra minnkaði og framleiðsla á dilkakjöti dróst saman um 3,4%. Síðan hafði það veruleg áhrif að Noregur, sem keypti ekkert í nokkur ár, er núna að taka töluvert af kjöti. Þá bindum við miklar vonir við Þýskaland. Það sem er frábært við markaðinn í Þýskalandi er að þar fæst svipað verð og hér innanlands. Það liggur fyrir að verð á heilum skrokkum til Þýskalands er 6,1 evra á kíló afhent í Þorlákshöfn," sagði Steinþór. Þetta þýðir um 815 krónur fyrir kílóið miðað við gengi sl. þriðjudag.

***Jákvæð teikn á Þýskalandsmarkaði***

Steinþór sagði að þessi staða á Þýskalandsmarkaði gæti haft mjög jákvæða þýðingu fyrir sauðfjárræktina á Íslandi. Þá geti sláturleyfishafar valið að selja úr landi eins og þeir teldu henta til að koma í veg fyrir offramboð á innanlandsmarkaði. Þá breyttist þetta úr að verða kaupendamarkaður þar sem kaupendur stýrðu verðinu í að vera seljendamarkaður. Ef allt gengur upp á Þýskalandsmarkaði þá telur Steinþór eins víst að gæti orðið lag til að auka dilkakjötsframleiðsluna á nýjan leik.

***Breyttar forsendur gætu leitt til hærra afurðaverðs til bænda***

„Þarna eru að verða vatnaskil og þessar breyttu forsendur ættu að gefa möguleika á verðhækkun næsta haust. Eins og þið vitið er bannað að hafa samráð á markaði og ég get því ekki sagt til um hvað afurðastöðvarnar geta eða verðið ætti að hækka. Það er ákvörðun hvers og eins aðila. Það ætti samt að vera hægt að byrja á að vinda ofan af þeirri miklu verðlækkun sem varð til bænda."

***Óheppilegur skortur á hryggjum á innanlandsmarkaði***

Steinþór sagði að í ljósi þessarar jákvæðu markaðsstöðu, þá væri mjög óheppilegt að það væri nánast skortur á hryggjum á innanlandsmarkaði. Það er ekki hægt að líta á þetta öðruvísi en að einhverjir sláturleyfishafar hafi gert þau mistök að selja frá sér hryggi á of lágu verði og væru að komast í þrot með birgðir.

Sagðist Steinþór hafa lært það af langri reynslu í þessari grein að það þyrfti að beita verðstýringum til að allir skrokkhlutar seldust jafnt. Á liðnum árum hafi eftirspurn eftir hryggjum verið að aukast, en afurðastöðvarnar hafi ekki fylgt því nægilega vel eftir með hækkandi verði.

Steinþór benti á að vegna þessarar stöðu þá hafi einhverjir innflytjendur farið fram á það við ráðuneytið að fá að flytja inn lambahryggi vegna skorts á innanlandsmarkaði. Því erindi hafi þó verið hafnað. Hann taldi samt ljóst að það yrðu fluttir inn hryggir í einhverjum mæli, jafnvel þótt menn þyrftu að greiða aðflutningsgjöld. Þetta væri staða sem ætti ekki að þurfa að koma upp ef menn verðlegðu skrokkhlutana eðlilega.

***Frelsi til að flytja inn ferskt kjöt mun hafa ruðningsáhrif á innanlandsframleiðslu***

Varðandi heimild til innflutnings á fersku ófrosnu kjöti, sem væntanlega verður samþykkt á Alþingi, sagðist Steinþór telja að áhrifin yrðu mest á innflutning nautakjöts. Þar hafi innflutningsgjöld verið lækkuð 2007 um 40% og væru í raun orðin of lág. Það væri því hægt að flytja inn nautakjöt frá útlöndum, borga full aðflutningsgjöld, en samt vera með vöru á íslenskum markaði sem er 20–30% ódýrari en innlent nautakjöt. Taldi Steinþór líklegt að Costco færi að flytja inn nautakjöt frá Bretlandi í gegnum sín viðskiptasambönd.

„Þetta mun augljóslega raska sölu á innlendu nautakjöti og verð mun væntanlega lækka. Það mun þá væntanlega hafa ruðningsáhrif á aðrar kjöttegundir. Á sama tíma munum við leitast við að hækka verð á dilkakjöti og má þá alveg búast við því að þetta muni leiða til sölusamdráttar á dilkakjöti hér innanlands eins og á öðru kjöti. Ég held að menn þurfi að búa sig undir slíkt." */HKr.*

# Fjármagn vegna kolefnisbindingar

**Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda, leggur til að sérstakt fjármagn sem ætlað verði til kolefnisbindingar í samvinnu við sauðfjárbændur komi sem viðbótarfjármagn til þeirra inn í rammasamning um landbúnað.**

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að gengið verði til samstarfs við sauðfjárbændur um kolefnisjöfnun greinarinnar í samræmi við aðgerðaáætlun þar um. Landssamtök sauðfjárbænda hafa sett sér markmið um kolefnisjöfnun og leggja þar til ákveðnar tillögur sem unnar voru með fagaðilum. Þá liggja einnig fyrir tillögur um útfærslu sem unnar voru að beiðni stjórnvalda af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Skógræktinni og Landgræðslunni. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum seinnipartinn í desember að gengið verði til samstarfs við sauðfjárbændur á árinu 2019 um kolefnisjöfnun greinarinnar. Unnið verður að þróun og innleiðingu verkefnisins á grundvelli þeirra tillagna og greininga sem fram hafa komið. Verkefnið verður vistað í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og unnið í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Til að reynsla fáist á verkefnið og verkferla á þessu ári verður nú þegar að hefja vinnu við að fastmóta útfærslur." */HKr.*



Frá aðalfundi LS, talið frá vinstri: Guðrún Tryggvadóttir, formaður BÍ, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Oddný Steina Valsdóttir, fráfarandi formaður LS. Mynd / HKr.

### Þörf á að bregðast við ruðningsáhrifum af auknum kjötinnflutningi:

# Auðveldlega hægt að hagræða með helmingsfækkun sláturhúsa

## – að mati Steinþórs Skúlasonar, forstjóra SS

**Afnám frystiskyldu á innfluttu kjöti í kjölfar EFTA-dóms og frelsi í innflutningi á fersku kjöti geta haft verulegar afleiðingar á innlenda kjötframleiðslu að mati forstjóra SS. Við því sé hægt að bregðast, m.a. með helmingsfækkun sláturhúsa.**

„Þetta mun augljóslega raska sölu á innlendu nautakjöti og verð mun væntanlega lækka. Það mun þá væntanlega hafa ruðningsáhrif á aðrar kjöttegundir," sagði Steinþór Skúlason, forstjóri SS, á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda.

Telur hann að búast megi við sölusamdrætti á dilkakjöti hér innanlands eins og á öðru kjöti. Sagði Steinþór að best væri að bregðast við mögulegum samdrætti í sölu á dilkakjöti með hagræðingu.

***Fjögur sláturhús duga***

„Á síðastliðnu hausti var slátrað sauðfé í átta sláturhúsum á landinu. Það duga fjögur. Ég held að það sé auðveldlega hægt að spara 300 milljónir króna á ári í rekstrarkostnaði ef það yrði slátrað í fjórum húsum í staðinn fyrir átta.



Steinþór Skúlason. Mynd / HKr.

***Hægt að spara allt að 60–80 krónur á kíló í slátrun***

„Gróft reiknað þá gera 300 milljónir á tíu þúsund tonn um 30 krónur á kílóið sem hægt væri að spara með fækkun sláturhúsa.

Ef afurðastöðvar fengju þess utan heimild til að vinna saman, hvort sem væri undir nýjum lögum eða með undanþágu frá samkeppnislögum, þá held ég að það væri hægt að spara 30–40 krónur í viðbót á hvert kíló. Það væri með því að afurðastöðvarnar gætu sérhæft sig og væru ekki allar að framleiða fyrir alla markaði. Sumir gætu sérhæft sig í útflutningi, aðrir fyrir ákveðinn hluta af innanlandsmarkaði og svo framvegis. Þarna er hagræðingarmöguleiki sem gæti í heildina numið 60–80 krónum á kílóið.

***Óhagkvæmni lendir á endanum á bændunum sjálfum***

Í þeirri stöðu sem blasir við okkur er ekki annað hægt en að fara þessa braut. Það er alveg ljóst að það verða engir aðrir en bændur sem borga fyrir þessa óhagkvæmni að lokum. Því ætti að vera mikill þrýstingur frá bændum á fækkun afurðastöðva, því það eru beinir hagsmunir ykkar bænda að það verði hagrætt," sagði Steinþór Skúlason. */HKr.*

www.n1.is facebook.com/enneinn







## Comma Trans Flow UD 10w-40

Vnr. 115 TFUD205L og 115 TFUD20L

Syntetísk olía fyrir Euro VI nútíma dísilvélar með sótkornasíum og útblástursheinsibúnaði.




## Mobil Delvac XHP ESP M 10w-40

Vnr. 3020 152809 og 3020 152994

Syntetísk olía fyrir Euro IV, V og VI dísilvélar með sótkornasíum og útblástursheinsibúnaði.




## Mobil Delvac MX ESP 15w-40

Vnr. 3020 150774 og 3020 150775

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum með sótkornasíu (DPF) og hreinsibúnaði í útblásturskerfi.




## Mobilfluid 426

Vnr. 706 4721208 og 706 472120

Drif- og vökvakerfisolía fyrir allar dráttarvélar og vinnuvélar.




## Mobilube HD 80w-90

Vnr. 706 4238120

Gírolía fyrir mismunadrif og gírkassa í mörgum vélum.



## HD Universal Grease 400ml

Vnr. 0094 0670004

Alhliða smurfeiti með góðu hita-, vatns- og titringsþoli, ásamt öflugum háþrýstibætiefnum.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

FRÉTTIR

### Búfjáreign hefur tekið töluverðum breytingum með fjölgun í flestum greinum en töluverðri fækkun sauðfjár:

# Ferfætlingar og fiðurfénaður Íslendinga teljast vera 1.554.482

## – þar af eru alifuglar tæplega 943 þúsund, sauðfé tæplega 437 þúsund, nautgripir rúmlega 81 þúsund og hross rúmlega 73 þúsund

**Samkvæmt ársskýrslu Matvælastofnunar, MAST, hefur verið fjölgun dýra í öllum býfjárgreinum nema í sauðfjárhaldi og loðdýrarækt. Nýjustu tölur um hross landsmanna sýna einnig töluverða fækkun frá fyrra ári, en skýringuna er að finna í uppstokkun og leiðréttingum á talnasöfnun í þeirri grein.**

Samkvæmt tölum MAST áttu Íslendingar yfir 1,5 milljónir búfjár um síðustu áramót. Þar af voru alifuglar flestir, eða 942.921.

**Fjöldi búfjár á Íslandi 2018** - *Miðað við haustskýrslur 2018*

| Umdæmi | Nautgripir | Sauðfé | Geitfé og lífkið | Hross*** | Svín** | Loðdýr | Alifuglar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurumdæmi | 30.909 | 66.824 | 213 | 18.869 | 1.050 | 10.413 | 292.868 |
| Vesturumdæmi | 12.264 | 105.846 | 480 | 9.069 | 640 | 9 | 130.518 |
| **Norðvesturumd.** | **13.884** | **115.288** | **296** | **16.849** | **2** | **8.892** | **18.734** |
| Norðausturumd. | 18.232 | 71.754 | 182 | 4.570 | 307 | 37 | 47.617 |
| Austurumdæmi | 4.856 | 70.342 | 251 | 1.779 | 0 | 35 | 5.365 |
| Suðvesturumd. | 1.324 | 2.686 | 69 | 2.000 | 1.324 | 16 | 447.819 |
| **Samtals árið 2018:** | **81.469** | **432.740** | **1.491** | **53.136** | **3.323** | **19.402** | **942.921** |

*Fjöldi dýra í umdæmum og á landsvísu skv. haustskýrslum árið 2018. Tölur um fjölda dýra byggja á bráðabirgðartölum þann 20.3.2019.*

*****Svín – samtals gyltur og gelti***

*** Sjá endurbætur á gagnasöfnun hrossa. ***Heimild: MAST***

**Í töflunni eru hross sögð vera 53.136, en það er samkvæmt haustskýrslum. Í endurbættu kerfi áætlar MAST hins vegar að þau séu um 73.000. Þannig er heildartala búfjár um 1.554.482, en ekki 1.534.482 ef miðað er við töfluna.**

### *Veruleg fækkun í sauðfjárstofninum*

Sauðfé telst vera næststærsti bústofninn, eða 432.740 fjár. Þar hefur hins vegar orðið veruleg fækkun í stofninum frá 2016 þegar stofninn taldi 474.704 skepnur. Frá 2016 til 2017 fækkaði sauðfé um 14.939. Því fækkaði svo enn meira 2018, eða um 27.026 fjár. Það er 5,88% fækkun milli ára.

### *Mikil breyting í talningu hrossa*

Árið 2018 skiluðu umráðamenn búfjár rúmlega 5.402 haustskýrslum, sem er um 17% aukning frá fyrra ári. Skýrist það meðal annars af breyttu fyrirkomulagi í gagnasöfnun hrossa, að því er segir í ársskýrlu MAST. Gerð var grundvallarbreyting á skráningu hrossa að mögulegt var að skrá haustskýrslu í upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFeng. Með þessu var gerð tilraun til að auðvelda skráningu hrossa á haustskýrslu. Þessi nýjung tókst eins og við mátti búast þegar nýjungar eru kynntar til sögunnar, sem kalla á breytt vinnubrögð.

### *Endurbætur á gagnasöfnun hrossa árið 2018*

Þær tölur sem söfnuðust á haustskýrslur árið 2018 í samanburði við fyrirliggjandi tölur í WorldFeng gefa betri grunn til að áætla fjölda hrossa í landinu. Búnaðarstofa MAST áætlar að fjöldinn sé á bilinu 73 þúsund með 5% skekkjumörkum. Nú er komið í veg fyrir tvískráningar sem var ákveðin hætta á áður. Ástæðan er að nú liggja einstaklingsnúmer hrossa í hjarðbók að baki hverrar haustskýrslu. Aðrar betrumbætur sem fylgt hafa þessum breytingum eru að nú eru ítarlegri upplýsingar um staðsetningar hrossanna aðgengilegar ásamt því að fleiri hross eru nú skráð með réttan umráðamann, en umráðamenn eru meðal annars ábyrgir fyrir fóðrun, umhirðu og vörslu hrossanna. Búnaðarstofa MAST vill af þessi tilefni vekja athygli á mikilvægi þess að tilkynna um kaup og sölu hrossa og að hjarðbókarupplýsingar séu uppfærðar jafnóðum í heimarétt WorldFengs, og vísar þar í reglugerð um merkingar búfjár nr.

Tekið skal fram að með framangreindum breytingum á skráningum haustskýrslna var umráðamönnum hrossa gert kleift að uppfylla ákvæði laga um búfjárhald og reglugerðar um merkingar búfjár á sama tíma, þá bæði hvað varðar skilaskyldu haustskýrslu og skráningu upplýsinga í hjarðbók. Breytingarnar í haust leiddu meðal annars í ljós að skráningu upplýsinga í hjarðbók var ábótavant. Upplýsingar komu fram um fjölda hrossa sem voru til að mynda ekki örmerkt eins og lög kveða á um, fjöldi hrossa var skráður lifandi í hjarðbók sem höfðu verið felld, og töluvert var um vanskráningar á geldingum stóðhesta. Búnaðarstofa MAST telur að vel hafi tekist til með breytingarnar í heild sinni og gerir ráð fyrir að þessar breytingar muni skila sér að fullu á þessu og næsta ári með aukinni kynningu til eigenda hrossa.




**Gögn um fjölda nautgripa miðast við haustskýrslur bænda í lok árs 2018, Fjöldi nautgripa er samtala fjölda mjólkurkúa, holdakúa til undaneldis, kelfdra kvíga, geldneyta eldri en eins árs, kvígukálfa yngri en eins árs og nautkálfa yngri en eins árs. Samkvæmt tölum Búnaðarstofu fjölgaði nautgripum um 678 frá fyrra ári, eða um 0,84%. Búum fækkaði um 25 á milli ára en þau eru 783 talsins.**

### *Fjölgun nautgripa*

Nautgripum hefur fjölgað mjög á Íslandi frá 2013 þegar þeir töldust vera 68.014. Á milli áranna 2013 til 2014 fjölgaði þeim um 5,82% og um 1,58% í viðbót á árinu 2015. Árið 2016 fjölgaði svo í stofninum um 1.09% og aftur um 0,84% árið 2018. Samkvæmt haustskýrslum taldist nautgripastofninn vera 81.573 skepnur, en samkvæmt útgefnum tölum þann 20. mars 2019 eru gripirnir 81.469 talsins. Mjólkurkúm hefur samt fækkað frá 2017 úr 26.742 í 26.477 kýr. Þær voru hins vegar flestar árið 2015 eða 27.441.

### *Holdakúm fjölgar*

Greinilegt er að kúabændur hafa verið að veðja á aukna kjötframleiðslu því fjöldi holdakúa til undaneldis hefur aukist úr 1.708 árið 2012 í 2.640 árið 2018. Þá hefur búum með holdakýr fjölgað úr 122 í 133 á sama tímabili.

### *Geitastofninn að rétta við*

Ánægjulegt er að sjá að íslenski geitastofninn er hægt og bítandi að hjarna við. Þannig hefur geitum fjölgað úr 857 árið 2012 í 1.492 árið 2018. Fjöldi búa sem ala geitur hefur sömu leiðis aukist, eða úr 86 árið 2012 í 118 árið 2018, samkvæmt tölum MAST. */HKr.*




### Opna vefsíðuna oruggurmatur.is:

# Átakinu „Öruggur matur“ hleypt af stokkunum

**Samtök bænda, afurðastöðvar og aðrir búvöruframleiðendur hafa tekið höndum saman og sett af stað fræðsluátak og kynningarherferð vegna breytinga sem aukinn innflutningur á búvörum hefur í för með sér.**

Frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um afnám frystiskyldu á hráu kjöti var kveikjan að því að hagsmunaaðilar komu saman til þess að bregðast við.

Markmiðið er að fræða og fjalla um ýmis atriði sem lúta að öryggi matvæla, m.a. dýraheilbrigði, lýðheilsu, sýklalyfjaónæmi og gildi upprunamerkinga. Vefsíðan oruggurmatur.is verður opnuð auk þess sem auglýsingar og myndbönd munu verða áberandi. Sérstök áhersla er lögð á að fræða og upplýsa um mikilvægi þess að vita hvaðan maturinn kemur, huga að heilnæmi og þeim framleiðsluaðstæðum sem viðgangast í matvælaframleiðslu. */IB*




# Djúpsteikt hvelja, reyktur rauðmagi og lifrarmajónes

## – þótti besti rétturinn í hugmyndasamkeppni um vannýtt hráefni

**Úrslit voru kynnt á þriðjudaginn í Granda Mathöll í samkeppni sem Matarauður Íslands og Hótel- og matvælaskólinn stóðu fyrir. Nemendur skólans unnu að útfærslum hugmynda um vannýtt hráefni til matargerðar.**

Besti rétturinn að mati dómara var Djúpsteikt hvelja [sem er „roð“ hrognkelsis], með reyktum rauðmaga og lifrarmajónesi.

### *Þangís úr stórþara og þangskeggi*

Í öðru sæti hjá dómnefnd var rétturinn Hafís; þangís gerður úr stórþara og þangskeggi – borið fram á íslenskri pönnuköku, og í þriðja sæti rétturinn Húsdýragarðurinn; brasseraður nautaháls og mergur borinn fram á laufabrauði með rauðvínssósu. Alls kepptu tíu réttir um sigurinn. Uppskriftirnar munu birtast fljótlega á vefnum *mataraudur.is* */smh*



**Sigurhópurinn. Sigurður Aron Snorrason, Arnór Hugi Sigurðarson, Helga Gabríela Sigurðardóttir og Úlfur Ægisson. Á myndina vanta Hróa Leví Eco.**

Mynd / Matarauður Íslands

## SSANGYONG REXTON

# STAÐFESTIR YFIRBURÐIR!

**+ Jeppi ársins 2018 + Bestu kaupin 2019 + „Offroad-bíll“ ársins 2018**

Hinn margverðlaunaði SsangYong Rexton hefur hlotið fádæma góðar viðtökur hérlendis sem erlendis. Á vefsíðu okkar má finna umfjallanir bílagagnrýnenda sem reynsluekið hafa bílnum. Er ekki komið að þér að reynsluaka?

„Frábærlega vel búinn bíll með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með flotta innréttingu.“ **Finnur Thorlacius – Fréttablaðið**

„Ökutæki sem er hlaðið búnaði, meiri búnaði en hægt er að telja upp og ég hef það á tilfinningunni að það vanti nánast ekki neitt. Bíllinn er með flottar innréttingar og er eins og hugur manns í akstri.“ **Jóhannes Reykdal – Bíllinn.is**

„Bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í 300 km.“ **Hjörtur L. Jónsson – Bændablaðið**

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega og yfirbragðið og efnisvalið innadyra allt eins og í mun dýrara farartæki.“ **Sigríður Vilhjálmsdóttir – Morgunblaðið**




Fimm ára ábyrgð

Leiðsögukerfi

3.000 kg dráttargeta

Millikassi með læsingu og lágu drifi

Byggður á grind og með háu og lágu drifi

SSANGYONG

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

benni.is

Bílabúð Benna

FRÉTTIR

# 53% sveitarfélaga með færri en þúsund íbúa

**Þegar íbúafjöldi sveitarfélaga í dag er skoðaður kemur í ljós að 39 sveitarfélög, eða 54% þeirra, eru með færri en eitt þúsund íbúa og sjö fámennustu sveitarfélögin eru með íbúafjölda á bilinu 47–93. Það fjölmennasta, Reykjavíkurborg, er með 127 þúsund íbúa.**

Einvörðungu sjö sveitarfélög eru með fleiri en 10 þúsund íbúa. Þetta kom m.a. fram í ávarpi Aldísar Hafsteinsdóttur, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, á ársfundi sambandsins nýlega. Þar sagði Aldís einnig orðrétt:

„Við sveitarstjórnarmenn þurfum að taka umræðuna um það hvernig við teljum að hægt sé að veita íbúum sveitarfélaga svo til sambærilega þjónustu. Við þurfum að efla sveitarstjórnarstigið þannig að það geti tekist á við áskoranir framtíðarinnar. Það gerum við með stærri og öflugri sveitarfélögum. Sveitarfélögum sem búa yfir slagkrafti og getu til að standa undir bæði þjónustustigi og þeim kostnaði sem við þá þjónustu sem hverju sveitarfélagi ber að veita, án þess að vera um of háð fjárframlögum frá öðrum í gegnum jöfnunarsjóð.“


Aldís Hafsteindóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aldís vill að ríkið setji lög um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélagi.

„Já, ég ætla að leyfa mér að halda því fram að slík lagasetning sé nauðsyn. Við getum síðan endalaust deilt um það hver lágmarksíbúatalan á að vera. En það er ljóst að það getur ekki gengið að sveitarfélög hafi engin neðri mörk hvað íbúatölu varðar. Við því þarf að bregðast. Skrefin þarf að stíga og það er best ef við sveitarstjórnarmenn reynum að hafa áhrif á það með hvaða hætti þau verða stigin,“ sagði Aldís í samtali við blaðið. */MHH*

Hvolsvöllur:

# Byggt verði nýtt húsnæði undir Sögusetrið

**Fagráð Sögusetursins á Hvolsvelli hefur lagt til við sveitarstjórn Rangárþings eystra að byggt verði nýtt hús sem hýsir Njálurefilinn og starfsemi tengda honum á lóð við Austurveg á Hvolsvelli.**

Jafnframt leggur fagráðið til að núverandi húsnæði Sögusetursins verði selt og fjármagnið sett í nýja byggingu. Einnig að leitað verði eftir tillögum um hönnun á nýju húsnæði. Núverandi húsnæði Sögusetursins er orðið mjög lélegt en það er talið að kostnaðurinn við endurbæturnar séu á þriðja hundrað milljónir króna. */MHH*



Húsnæði Sögusetursins er orðið illa farið en þar er m.a. sýning um Njálsöguna, Kaupfélagssafn er í húsinu, veitingasalur og starfsemi Njálurefilsins er í húsinu. Mynd / MHH

Ærblöndur fyrir metfé



**Ærblöndurnar frá Líflandi innihalda forblöndu sem sérstaklega er löguð að steinefna- og vítamínþörfum sauðfjár.**

**Ærblanda með fiskimjöli**
Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini.
Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina.
Hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi.

**Ærblanda LÍF**
Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum.

Fáið upplýsingar um tilboð í verð og flutning.

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lyngháls

Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvöllur
Óseyri | Borgarbraut | Efstubraut | Ormsvöllur

LÍFLAND
Stofnað 1917



Lous Bodin og Jerome Raoul sem starfa að rannsóknum sem lúta að erfðafræði og frjósemi búfjár í Frakklandi.
Mynd / HKr.

Frakkar áhugasamir um frjósemi íslenskra áa:

# Skoða háa tíðni tvílembinga í íslensku sauðfé

**Hlutfallslegur fjöldi tvílembinga er rannsóknarefni tveggja franskra búvísindamanna sem staddir voru hér á landi fyrir skömmu. Frakkarnir segja að tíðni tvílembinga, miðað við ein- og þrílembinga, hjá íslensku sauðfé sé einstök og fallþungi lamba því hagstæður.**

Frakkarnir Lous Bodin og Jerome Raoul, sem báðir starfa að rannsóknum sem lúta að erfðafræði og frjósemi búfjár fyrir INRA – landbúnaðarstofnun Frakka í Toulouse, segja hið háa hlutfall tvílembinga í íslenska sauðfjárstofninum einstakt og þeir hafi komið til landsins til að kynna sér það.

Þeir Bodin og Raoul voru hér í fylgd dr. Ólafs Dýrmundssonar, fyrrverandi ráðunautar hjá Bændasamtökum Íslands, og heimsóttu meðal annars íslenskt sauðfjárbú. Einnig sátu þeir fund með Eyjólfi Ingva Bjarnasyni og Eyþóri Einarssyni hjá RML ásamt fleirum.



Í Frakklandi er að finna um fimmtíu sauðfjárkyn.

### *Íslenskt sauðfé ólíkt fé í Evrópu*

„Við störfum báðir að rannsóknum sem lúta að bættri frjósemi og auknum fallþunga sauðfjár í Frakklandi. Frjósemi sauðfjár í Frakklandi er óhagstæðari þegar kemur að afurðum eftir hverja á en á Íslandi. Á Íslandi er hlutfall tvílembinga mun hærra en í Frakklandi. Auðvitað bera franskar ær tvílembingum en tíðni ein- og þrílembinga er mun hærri en á Íslandi og þar af leiðandi er meðalfallþungi franskra lamba minni en þeirra íslensku.

Það kom á óvart þegar við fórum að skoða gögn um íslenska sauðfjárstofninn hversu einsleitur hann er þegar kemur að fjölda lamba við burð. Tilgangurinn með heimsókn okkar til Íslands er því að læra meira um íslenska sauðfjárstofninn og hvers vegna það er eins mikill munur á honum og frönskum og evrópskum sauðfjárstofnum sem við höfum borið hann saman við.

Hugmyndin er því sú að reyna að komast að því hvað veldur þessum góðu kostum. Eru það erfðir eða aðrir þættir eins og umhirða og fóðrun eða allir þessir þættir í senn?“ segir Bodin.

### *Um 50 sauðfjárkyn í Frakklandi*

Raoul segir að sauðfjárkyn í Frakklandi séu tæplega fimmtíu og að frjósemi og fjöldi lamba sé misjafn milli stofnanna.

„Meðalfjöldi lamba er frá því að vera 1,2 og upp í 2,3 lömb á hverja á. Við erum líka með nokkra stofna til mjólkur- og ostaframleiðslu. Á síðasta áratug eða svo hefur okkur tekist að auka fallþunga og framleiðslu nokkurra stofna bændum til hagsbóta enda framleiðslumagnið það sem skiptir mestu þegar kemur að tekjum bænda. Vandamálið er aftur á móti það að ræktunarstarfið hefur leitt til þess að ærnar bera fleiri þrílembingum og þeir koma ekki eins vel út hvað varðar vigt og tvílembingar og eru fyrirhafnarsamari á sauðburði.“

### *Einangrun og náttúruval*

Bodin og Raoul segjast vona að með heimsókninni takist þeim að skapa sér betri mynd af sauðfjárrækt hér á landi og átta sig betur á hvaða þættir í ræktuninni og eldinu hafa mest áhrif á fjölda tvílembinga og hvort við getum beitt sömu aðferðum heima í Frakklandi.

Að sögn Raoul er íslenskt sauðfé einstakt hvað einsleitni í fjölda fæddra lamba varðar. „Hugsanlega er ástæðan sú að íslenskt fé hefur verið einangrað hvað erfðablöndun varðar frá landnámi og að náttúruval hafi eitthvað með þessa þróun að gera.“

### *Annar fengitími*

„Annað sem er áhugavert við íslenskt fé er að fengitími þess er töluvert annar en hjá evrópsku fé, eða öllu heldur öllu öðru fé sem við þekkjum í heiminum,“ segir Bodin. „Sé farið frá suðri til norðurs styttist fengitíminn. Við miðbaug nær fengitími sauðfjár yfir allt árið en hann styttist eftir því sem fjær dregur miðbaug. Í norðanverðu Frakklandi og Belgíu er fengitíminn frá lok júlí og byrjun ágúst og fram í lok desember og byrjun janúar.

Fengitími sauðfjár á Íslandi er lengri en vænta mætti af legu landsins og stendur frá því í nóvember og fram í maí. Þetta er eitt af því sem okkar langar að skoða nánar og fá upplýsingar um hjá íslenskum sérfræðingum í sauðfjárrækt, einkum Ólafi. Er þetta arfbundið eða vegna annarra þátta?“

### *Viðmiklar erfðarannsóknir á sauðfé*

Raoul segir að undanfarin ár hafi verið gerðar viðamiklar rannsóknir á erfðum sauðfjár í Frakklandi og annars staðar í heiminum og að hann voni að þær rannsóknir geti nýst Íslendingum í kynbótastarfi þeirra.

„Við höfum meðal annars gert rannsóknir sem miða að því að útrýma riðuveiki með hjálp erfðatækninnar og í dag er nánast allt sauðfé í Frakklandi ónæmt fyrir riðu. Ég hef heyrt að riða komi upp á Íslandi annað slagið en verið sé að útrýma henni. Vonandi geta rannsóknir okkar hjálpað til við það starf.“ */VH*

# ÞAÐ ER EKKI **ALLT** Í LAGI

## – ÞÓTT ÞAÐ SÉ HÆGT



Matvæli eru framleidd við mismunandi skilyrði um allan heim. Aðbúnaður manna og dýra, lyfja- og varnarefnanotkun í landbúnaði, búfjárheilsa og heilnæmi afurða er ekki alls staðar eins. Við erum heppin að á Íslandi er staðan góð og hana þarf að vernda. Rýmkaðar reglur um innflutning á mat geta haft neikvæð áhrif á öryggi matvæla á markaði. Óheftur innflutningur er því ekki skynsamlegur.

Það er hins vegar skynsamlegt að sýna aðgát og aðhald og vera upplýstur neytandi. Hlutverk innflutningsaðila er líka að vanda valið á því sem þeir ákveða að bjóða neytendum upp á og þannig sýna þeir samfélagslega ábyrgð í verki.

Það er mikilvægt að við vöndum okkur. Við eigum öll rétt á að vita hvaðan maturinn okkar kemur og við hvers konar aðstæður hann er framleiddur.

**Verum upplýst. Kynntu þér málið á**
**oruggurmatur.is**

HÓPUR UM **ÖRUGG** MATVÆLI



Þröstur Þorsteinsson á Moldhaugum tekur við nautgriparæktarverðlaunum Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2018. Með honum á myndinni er Gunnhildur Gylfadóttir, bóndi á Steindyrum í Eyjafirði og formaður BSE. Í síðasta blaði var birt röng mynd með þessari frétt og eru viðkomandi beðnir velvirðingar á því. Mynd / BSE

# Nautgriparækt til fyrirmyndar á Moldhaugum í Hörgársveit

**Þröstur Þorsteinsson og fjölskylda hans á Moldhaugum í Hörgársveit hlutu nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir árið 2018 fyrir góðan árangur í greininni.**

Þröstur Þorsteinsson er fæddur á Moldhaugum og ólst þar upp en foreldrar hans keyptu jörðina 1947 og hóf hann búskap með þeim 1987. Frá árinu 1999 hefur Þröstur búið þar með konu sinni, Söru Saard Wijannarong, ásamt tveimur sonum þeirra hjóna.

*Í hópi afurðahæstu búanna*

Lengi hefur verið vel búið á Moldhaugum en nýtt fjós með mjaltaþjóni var tekið í notkun árið 2013 og í kjölfar þess hækkuðu afurðir búsins um nálægt 2000 kg af mjólk á hverja kú á tveimur árum. Síðustu fjögur ár hafa Moldhaugar verið í hópi 15 afurðahæstu kúabúa landsins. Árið 2016 skipuðu þau annað sæti listans með 8.274 kg af mjólk eftir 61 árskú. Á síðasta ári var bú þeirra hjóna í 7. sæti með 8.149 kg eftir tæplega 64 kýr. Á þessum árum hefur búið verið í fyrsta til fjórða sæti afurðahæstu búa á félagssvæði BSE.

Einnig eru þau hjón með talsverða nautakjötsframleiðslu og á síðasta ári voru lögð inn nálægt 5 tonnum af 20 gripum. /MÞÞ

Lely Center Ísland



RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



BÍLAR
Kæli- & frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.
Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.



HURÐIR fyrir kæla
Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.
Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!
KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Hvatningarverðlaun BSE fyrir árið 2018 fóru til fjölskyldunnar í Fagrabæ sem rekur félagið Milli fjöru og fjalla, sem framleiðir fjölbreyttar vörur úr lambakjöti. Margrét Melstað og Guðmundur Björnsson eru bændur í Fagrabæ, en með þeim í rekstrinum eru börn og tengdasonur, Halla Sif, Einar Rafn, Önnu Sif og Ágúst Logi. Mynd / BSE

## Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

# Fjölskyldufyrirtækið Milli fjöru & fjalla í Fagrabæ hreppti verðlaunin

**Fjölskyldan í Fagrabæ í Grýtubakkahreppi hlaut Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2018 fyrir að hafa staðið vel að fjölskyldufyrirtækinu Milli fjöru & fjalla.**

Fyrirtækið var stofnað haustið 2017 en að því standa hjónin Margrét Melstað og Guðmundur Björnsson, bændur í Fagrabæ, ásamt börnum og tengdasyni, Höllu Sif, Einari Rafni, Önnu Sif og Ágústi Loga.

Fagribær hefur verið í eigu fjölskyldunnar í áratugi, en afi og amma Margrétar keyptu jörðina fyrir rúmlega 80 árum.

Milli fjöru & fjalla vinnur fjölbreyttar vörur úr lamba- og kindakjöti og mikið er lagt upp úr því að auka virði vörunnar, m.a. með því að bjóða upp á handhægar og passlega stórar einingar, framleiða vöru tilbúna til eldunar án allra íblöndunarefna og í fallegum umbúðum. Fjölskyldan hefur að leiðarljósi að framleiða gæðavöru sem seld er beint frá býli í nánum tengslum við neytandann.



Vörur frá fjölskyldufyrirtækinu Milli fjöru & fjalla hafa vakið athygli.

*Vilja gera lambakjöti hærra undir höfði*

Fjölskyldan hefur að leiðarljósi að gera lambakjöti hærra undir höfði og vilja markaðssetja það fyrir alla aldurshópa með því að bjóða fjölbreyttar vörur við allra hæfi sem mótvægi við skyndibitamat og annan fljótlega eldaðan mat. Markmið fyrirtækisins er að neytandinn kunni að meta afurðirnar sem falla til í sauðfjárrækt og þekki gæði þeirra og margbreytileika, hvort sem það er í hversdagsmatinn eða sem hátíðarmatur.

Milli fjöru & fjalla hefur verið vel tekið á markaði, viðskiptavinir eru jákvæðir og áhugasamir um það sem í boði er. /MÞÞ

## Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

# Svertingsstaðir 2 fengu sauðfjárræktarverðlaun

**Hákon B. Harðarson og Þorbjörg H. Konráðsdóttir á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit hlutu sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar að þessu sinni.**

Hákon og Þorbjörg tóku við búskap á Svertingsstöðum 2 árið 2015 af foreldrum Hákonar. Hann er 4. ættliður sem er með búskap á Svertingsstöðum, en Tryggvi Jónsson og Ágústína Gunnarsdóttir keyptu Svertingsstaði árið 1921. Hákon hefur verið með sauðfjárbúskap í félagi við foreldra sína frá árinu 1995, en Þorbjörg kom inn í búið 2004. Þau hjónin tóku við kúabúskapnum sem fyrr segir á árinu 2015 en haustið 2017 tóku þau alfarið við sauðfjárbúskap einnig og fækkuðu þá um leið um 100 kindur.

*Ræktun í áratugi*

Skipulögð ræktun á sauðfé hefur verið stunduð á Svertingsstöðum í áratugi og hefur til að mynda verið skýrsluhald samfleytt síðan fyrir 1970 og sæðingar hafa verið stundaðar í yfir 40 ár. Síðustu 15 árin hefur markvisst verið ræktað fyrir góðri mjólkurlagni og frjósemi með það að leiðarljósi að hver ær skili tveimur lömbum tilbúnum til slátrunar í byrjun september.



Gunnhildur Gylfadóttir, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, afhendir Hákoni B. Harðarsyni viðurkenninguna.

Á Svertingsstöðum voru á síðasta vetri 109 fullorðnar ær og 27 veturgamlar. Fullorðnu ærnar skiluðu að meðaltali 40 kg/ af kjöti. Fædd lömb eftir hverja á voru 1,96 en til nytja komu 1,84. Hver fullorðin ær með lambi skilaði 40,6 kg af kjöti. Hver veturgömul ær með lambi skilaði 23,5 kg.

Fallþungi 179 sláturlamba var 21,1 kg, meðal kjötprósenta var 46,7 %. Gerðarmat var 11,3 og fita 7,6, sem gefur hlutfall gerðar og fitu 1,49. Aldur þessara lamba við slátrun var 135 dagar sem þýðir að vaxtarhraði lamba var 156 á dag miðað við fallþunga.

*Þriðja afurðahæsta búið*

Búið á Svertingsstöðum var árið 2018 þriðja afurðahæsta bú landsins þar sem fleiri en 100 fullorðnar ær voru á skýrslu, í þrettánda sæti yfir þau bú sem höfðu besta gerðarmat og í 7.–9. sæti yfir þau bú sem náðu mestum vaxtarhraða.

Svertingsstaðabúið tekur talsvert stökk upp á við milli ára en frá árinu 2017 jukust afurðir eftir fullorðna á um 8 kg á milli ára og fallþungi lamba um 3,8 kg, aukning í vaxtarhraða var 28 grömm fallþunga/dag og gerðarmat hækkaði um 2,07 stig. /MÞÞ


Er kominn tími til að skipta um glugga og hurðir?
NETVERÐ
35%
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ
Útihurðir
Fánagluggar
Fastrammagluggar
24/7
NETVERSLUN
✓ CE-merkt ✓ 10 ára ábyrgð ✓ Slagveðursprófun ✓ Sérsmíðað eftir þínum þörfum ✓ Verðvernd - við bjóðum besta verðið
Fiskislóð 31E | 101 Reykjavík | S: 558 8400 | Skanva.is
Sýningarsalur Skanva er opinn alla föstu- og mánudaga frá kl. 9-16
Skanva.is


Láttu Cleverdog eftirlitsmyndavélina auðvelda störfin.
Væri ekki gott að fylgjast með sauðburðinum úr sófanum eða hvaðan sem er, í gegnum símann, spjaldtölvuna eða tölvuna?
living room
BSV
netverslun
Verð frá aðeins 8.740 kr
Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000
Clever Dog

# STEKKUR

## Langafasta og skreið

**Langafasta, eða sjöviknafasta, hefst á öskudegi sem er miðvikudagur í 7. viku fyrir páska. Föstuna má rekja til 40 daga föstu gyðinga fyrir páska.**

Föstuinngangur stendur frá sunnudeginum á undan og getur borið upp á 1. febrúar til 7. mars og fara þeir víðast hvar fram með fögnuði fyrir föstutímann.

Hér á landi er í dag haldið upp á sunnudaginn með æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar, mánudaginn með bolludegi og þriðjudaginn með sprengidegi og svo hefst langafasta á miðvikudeginum með öskudegi.

Rómversk-kaþólska kirkjan og gríska rétttrúnaðarkirkjan settu áður ströng boð um föstur og þá mátti ekki borða kjöt. Ströngust voru boðin á langaföstu. Hin mikla árlega hátíð sem hæst bar á mardi gras, „feiti þriðjudagur“ eða sprengidagur, fékk nafnið carnivale, úr latínu carne vale, eða kjötkveðjuhátíð. Ekkert kjötkyns mátti vera á borðum eftir að öskudagur rann upp.

Föstuhald er misstrangt í kaþólskum sið en kjöt er efst á bannlistanum, síðan egg og smjör en svo fiskur, grænmeti og mjólkurvörur en strangust var fasta upp á vatn og brauð. Mismunandi var hve mikið eða hve oft mátti neyta þessa matar en fasta er ekki megrun né svelti heldur aðhald og agi.

Reglur um mataræði eru skýrar í Kóraninum. Múslímar mega ekki borða svínakjöt, dýrablóð né heldur kjöt af rándýrum og ránfuglum. Undantekning frá þessu er ef líf liggur við. Fiskar með hreistur eru undanskildir þessari reglu og mega múslímar neyta þeirra hvernig sem þeir voru veiddir svo lengi sem ekki sé í þeim blóð.

Hefð er fyrir fiskneyslu á föstunni í Portúgal, Spáni, Ítalíu og Grikklandi. Saltfiskur er þá vinsæll matur og útflutningur á honum héðan talsverður á föstunni.

Föstur í kaþólskum sið voru helstu forsendurnar fyrir skreiðavinnslu og fiskútflutningi Íslendinga fyrr á öldum og í langan tíma var hertur fiskur svo til eina útflutningsvaran.

Harðfiskur gegndi einnig öldum saman hlutverki sem nokkurs konar daglegt brauð fyrir Íslendinga. Hann var hafður í flest mál og etinn með smjöri, bræðingi eða öðru feitmeti, rétt eins og um brauð væri að ræða. Þú borðar þetta eins og fisk, var sagt um fólk sem tók ótæpilega til matar síns. Mjöl var hér lengi af skornum skammti, og þá var talið drýgra að nota mjölið í graut frekar en í brauð, enda ofnar fáir og lítið um eldivið.

Þótt harðfiskurinn sé ekki lengur sú undirstaða í fæðu Íslendinga sem áður var, nýtur hann samt enn mikilla vinsælda, ekki síst sem heilsusamlegt snakk og margir telja harðfiskinn ómissandi nesti.

Kalt og þurrt loftslag hentar best fyrir góða harðfiskverkun og er þurrkhjallurinn gjarnan hafður á annesjum, þar sem kalt sjávarloftið nær að leika um fiskinn. Fiskurinn, sem er þurrkaður úti, er yfirleitt látinn hanga í 4 til 6 vikur, en tíminn ræðst af veðurfari. Í dag er nánast allur harðfiskur þurrkaður í þurrkofnum.

Áður fyrr var fiskurinn barinn á steini eða steðja með stórum hamri áður en hann var etinn og slíkt eitt af daglegum störfum til sveita. Nú orðið sjá vélar um völsunina.

Skreið er gamla heitið á harðfiski og er hennar víða getið í fornum ritum. /VH

NYTJAR HAFSINS

# Deilt um deilistofna



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Á þessu ári er áætlað að heildarafli makríls verði 823.000 tonn. Vísindamenn hafa ráðlagt 318.000 tonn þannig að veiðar umfram ráðgjöf verða samkvæmt því 160%.

**Ósamkomulag ríkir um kvótaskiptingu úr öllum deilistofnum uppsjávarfisks sem Íslendingar eiga hlutdeild í að undanskildum loðnustofninum. Þetta hefur leitt til ófremdarástands sem lýsir sér í því að árum saman hefur verið veitt langt umfram veiðiráðgjöf vísindamanna.**

Með deilistofnum er átt við þá fiskistofna sem Ísland nýtir sameiginlega með öðrum löndum vegna þess að stofnarnir ganga milli lögsagna ríkjanna og sömuleiðis út á alþjóðlegt hafsvæði. Í þessu tilfelli er um að ræða makríl, norsk-íslenska síld og kolmunna.

### *Ísland á jaðri útbreiðslunnar*

Höfundur þessarar samantektar gekk á fund Kristjáns Freys Helgasonar, aðalsamningamanns í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, til þess að fræðast um þróun þessara mála á síðustu árum og stöðu þeirra í dag. Kristján Freyr segir að samningamenn Íslendinga hafi ávallt lagt til að farið væri að ráðleggingum vísindamanna Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) við ákvörðun heildarafla úr þessum stofnum. Þegar komi að mótun nýtingarstefnu fyrir þessa stofna aðhyllist Ísland ætíð varfærna nálgun en þurfi að semja um slíkt við aðrar þjóðir. Almennt séð séu sjálfbærar veiðar forsendan fyrir skynsamlegri nýtingu stofnanna. Auk þess sé Ísland á jaðri útbreiðslusvæðis þessara stofna og því hagsmunamál okkar að halda stofnunum sterkum svo þeir haldi áfram að ganga í átt til Íslands. Á því byggðist hlutdeild okkar í þessum fiskistofnum upphaflega og gerir enn.

Vandinn er ekki eingöngu sá að samningsaðilar virði ekki vísindaráðgjöf heldur ekki síður sá að ekki næst samkomulag um það hver eigi að vera hlutur hvers og eins í heildaraflanum.

### *Makríllinn gengur til Íslands*

Tökum makrílinn fyrst. Íslendingar fóru ekki að veiða makríl svo orð sé á gerandi fyrr en árið 2006. Árið eftir var aflinn orðinn 37.000 tonn og ári seinna fór hann yfir 112.000 tonn. Síðustu árin hefur aflinn verið um og yfir 170.000 tonn en minnkaði í fyrra niður í 136.000 tonn. Framan af viðurkenndu aðrar makrílveiðiþjóðir ekki Ísland sem strandríki í makrílveiðum. Þær vonuðust til að makríllinn myndi hörfa frá Íslandi eins fljótt og hann hefði komið þangað og málið leystist af sjálfu sér. Þess vegna var Íslandi ekki hleypt að samningaborðinu fyrst í stað en að því kom árið 2010 að eldri veiðiríkin samþykktu Ísland sem samningsaðila.

Veiðihlutfall Íslendinga var að jafnaði yfir 16% á tímabilinu 2008–2013. Ísland gerði upphaflega kröfu um 16,5% hlutfall af heildarveiðinni og hefur miðað kvótasetningu sína síðustu árin við þá tölu. Mótaðilarnir buðu fram sáralágt hlutfall Íslandi til handa. Norðmenn lögðu til dæmis fyrst til 0,3%, síðan 3% og þar á eftir 6–7%. Hvorki gekk né rak í viðræðunum.

### *Samkomulag ESB, Noregs og Færeyja*

Árið 2014 náðist samkomulag um makrílsamning milli ESB, Noregs og Færeyja sem fólst í því að ESB fengi 49,3% af settum heildarkvóta, Færeyjar 12,6% og Noregur 22,5%. Skilin voru eftir 15,6% fyrir Ísland, Rússland og Grænland að skipta milli sín. Þannig stendur málið enn í dag þrátt fyrir reglubundna samningafundi sem engu hafa skilað. Þannig endurnýjuðu samningsaðilarnir frá 2014 samkomulag sitt óbreytt síðasta haust til tveggja ára en Íslandi, Rússlandi og Grænlandi er áfram ætlað að gera sér að góðu 15,6% sameiginlega enda þótt veiðar Íslendinga einna nemi 16%, veiðar Rússa 11–12% og Grænlendingar séu vaxandi veiðiþjóð.

Á síðustu árum hafa íslensk stjórnvöld brugðist við með því að setja sér kvóta sem nemur 16,5% af heildaraflamarki en kvótar ársins í ár hafa ekki verið gefnir út. Fastlega er búist við að Rússland og Grænland haldi sínu striki.

Þegar þetta er skrifað hefur Evrópusambandið, sem hefur umsjón strandríkjanna fyrir makrílviðræður ársins 2019, boðað til strandríkjafundar í London dagana 20.–21. maí.

### *Veiðar umfram vísindaráðgjöf*

Þetta ástand gerir það að verkum að veitt er verulega umfram settan heildarkvóta, en fleira kemur til. Enda þótt veiðiþjóðirnar hafi fallist á að miða heildaraflamark við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), sem hefur farið hratt lækkandi á undanförnum árum, hefur þríeykið ESB/Noregur/Færeyjar ákveðið einhliða að aflasamdrátturinn megi ekki vera meiri en 20% milli ára. Það er mun minni samdráttur en vísindamennirnir ráðleggja. Þetta hvort tveggja leiddi til þess að veidd var rúm ein milljón tonna af makríl á síðasta ári þegar vísindamenn ráðlögðu rúmlega 550.000 tonna veiði. Aflinn varð því 82% umfram ráðgjöf. Á þessu ári er áætlað að aflinn verði 823.000 tonn meðan ráðgjöfin er 318.000 tonn. Afli umfram ráðgjöf yrði þá 160% (sjá meðfylgjandi töflu úr norska sjávarútvegsblaðinu Fiskaren).

**Makríll - veiði og kvótar 2017-2019**
*(í þúsundum tonna)*

| Ríki | Afli 2017 | Afli 2018 | Kvótar 2019 |
|---|---|---|---|
| ESB | 503 | 403 | 322 |
| Noregur | 230 | 189 | 147 |
| Færeyjar | 129 | 103 | 82 |
| ÍSLAND | 168 | 132 | 105* |
| Grænland | 66 | 66 | 59 |
| Rússl/aðrir | 83 | 107 | 107* |
| **Samtals** | **1.179** | **1.001** | **823** |
| | | | |
| Ráðgjöf ICES | *857* | *551* | *318* |
| Afli umfram ráðgjöf | *321* | *450* | *505** |
| Umfram ráðgjöf í % | *37,50%* | *82%* | *160%* |

** Áætlun* *Heimild: Fiskaren, Noregi.*

**Ísland er á jaðri útbreiðslusvæðis þessara þriggja fiskistofna og því hagsmunamál okkar að halda stofnunum sterkum svo þeir haldi áfram að ganga í átt til Íslands.**

### *Færeyingar rjúfa samkomulag um síldina*

Um norsk-íslenska síld var síðast í gildi samningur frá 2007. Færeyingar sögðu sig frá samningnum í byrjun árs 2013 og juku hlutdeild sína einhliða úr 5% í 13%. Hinar þjóðirnar héldu sig við óbreytta skiptingu í eitt ár en síðan hefur enginn heildarsamningur verið í gildi. Á samningafundi síðastliðið haust var á grunni nýsamþykktrar nýtingarstefnu samþykkt að fara að ráðgjöf ICES en síðan fór hver til síns heima og ákvað sér einhliða hlutdeild í því heildaraflamarki. Hlutur Íslendinga í síldinni hafði verið 14,51% og Norðmanna 61%. Á því tímabili sem síðan er liðið er Noregur búinn að hækka sig í nokkrum þrepum úr 61% í 67%, síðan í 70% og svo í 73% á þeirri forsendu að þetta sé þeirra stofn, hann hrygni við Noreg og hafi vetursetu þar. Að saman skapi hafa Færeyingar aukið sinn í 20%. Íslendingar hafa brugðist við með því að taka hlutfallslegu hækkun Norðmanna og bæta henni ofan á sína hlutdeild. ESB og Rússar hafa hins vegar ekki aukið sinn hlut. Þá eru Grænlendingar ný veiðiþjóð og á síðasta ári settu þeir sér einhliða kvóta upp á 25 þúsund tonn og verða ábyggilega á svipuðum stað á þessu ári.

Áætlaður afli í norsk-íslenskri síld á þessu ári verður því nærri 800 þúsund tonn en ráðgjöf vísindamanna hljóðaði upp á 588 þúsund tonn. Afli umfram ráðgjöf yrði því 36%. Kvóti Íslands verður 102 þúsund tonn, eða um 17,3%% af heild.

### *ESB og Færeyjar segja sig frá kolmunnasamningi*

Kolmunnasamningur náðist í árslok 2005 eftir áralangt veiðikapphlaup sem leiddi til þess að stofninn skrapp mikið saman en hefur verið að byggjast upp á ný á síðustu árum. Árið 2014 sögðu bæði ESB og Færeyingar sig frá samningnum og juku veiðar sínar verulega ásamt Norðmönnum. Íslendingar tóku mið af því til að halda sínum hlut í heildarveiðinni.

Nú er staðan sú að heildarveiði kolmunna er áætluð 1,5 milljónir tonna á þessu ári en ráðgjöf ICES hljóðaði upp á ríflega 1,1 milljón tonna. Veiði umfram ráðgjöf yrði því 36%. Kvóti Íslands í kolmunna verður 241 þúsund tonn í ár, eða 21,1%% af heild.

### *Þriggja stofna nálgun*

Eins og að framan greinir eru engir samningar í gildi um nýtingu norsk-íslenskrar síldar og kolmunna og einungis þrír aðilar, ESB, Noregur og Færeyjar, standa að makrílsamningi. Vinnulagið hefur verið þannig að fundað er sérstaklega um hvern stofn og ekki endilega sömu samningamenn, sem fara með alla stofnana fyrir hvert ríki.

Að sögn Kristjáns Freys Helgasonar var að frumkvæði Íslands gerð tilraun til þess að breyta þessu sumarið 2015. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands tók málið þá upp á fundi sjávarútvegsráðherra Norður-Atlantshafs. Hugsunin var sú að með því að fjalla um alla stofnana samtímis, aðgang til veiða í lögsögum hver annars og jafnvel markaðsaðgang væri frekar möguleiki að finna lausn sem allir fengju eitthvað jákvætt út úr.

„Með þessu móti gætu menn aðlagað sig betur að því að gefa og þiggja. Það er óhugsandi fyrir nokkurn ráðherra að senda samningamenn sína á fund sem koma síðan heim með drög að þremur samningum þar sem menn þurfa að gefa eftir á öllum vígstöðvum. Hins vegar geta menn hugsanlega betur sætt sig við að standa í stað í einu tilviki, fengið smávegis meira í öðru og gefið eftir í því þriðja. Þetta teljum við að gæti verið árangursríkara en að fjalla bara um einn stofn í einu,“ segir Kristján Freyr.

Samhliða hefðbundnum strandríkjaviðræðum hafa fram að þessu verið haldnir fjölmargir fundir þar sem þessari nálgun hefur verið beitt en áfram er ósamið um nýtingu stofnanna þriggja og engar vísbendingar um að það breytist í bráð. Hvaða langtímaáhrif það mun hafa á stærð og viðgang þessara fiskistofna á eftir að koma í ljós.



can-am
BRP
TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á
OUTLANDER
450L 6X6
VERÐ ÁN VSK
1.605.000 KR
VERÐ MEÐ VSK
1.990.000 KR
OUTLANDER
650 FB 6X6
VERÐ ÁN VSK
2.250.000 KR
VERÐ MEÐ VSK
2.790.000 KR
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
BRP@ELLINGSEN.IS




VORTILBOÐ
INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR
GRAFSKRIFT
UPPSETNING Á N-LANDI OG
HÖFUÐBORGARSVÆÐI
110
100x57 frá sökkli
130 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund
101
100x57 frá sökkli
150 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund
113
41x60 cm frá sökkli
66 cm sökkull
GRÁR - 149 þúsund
103
76x55 cm frá sökkli
120 cm sökkull
GRÁR - 245 þúsund
með lugt og vasa 325 þúsund
103M
68x47 cm frá sökkli
80 cm sökkull
GRÁR - 198 þúsund
STEINSMIÐJA AKUREYRAR
s: 466 2800 | 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is

## Mjótt á munum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum:

# Jakob Svavar sigurvegari í fyrsta sinn

**Jakob Svavar Sigurðsson stóð uppi sem sigurvegari Meistaradeildar Cintamani í hestaíþróttum eftir æsispennandi lokamót sem fram fór í Fákaseli fimmtudaginn 4. apríl sl. Lið Hrímnis/Export hesta sigraði liðakeppni deildarinnar.**

Reiðhöllin að Ingólfshvoli var full af áhorfendum á lokamóti Meistaradeildarinnar sem nú var haldin í 16. sinn. Keppt var í tölti og flugskeiði á lokamótinu og var ljóst eftir forkeppni í tölti að einvígið um bikarinn stæði milli Jakobs og Aðalheiðar Önnu Guðjónsdóttur.

***Spennandi töltkeppni***

Jakob tefldi fram reynsluboltanum Júlíu frá Hamarsey í töltkeppnina, en þau unnu greinina í fyrra ásamt því að vera ríkjandi Reykjavíkur- og Íslandsmeistarar í tölti. Hlutu þau hæstu einkunn í forkeppninni, 8,63.

Aðalheiður Anna mætti hins vegar til leiks með hæst dæmda klárhest í heimi, Kveik frá Stangarlæk 1, en þetta mun hafa verið hans fyrsta keppni. Frumraun þeirra vakti hrifningu meðal dómara og hlutu þau 8,07 fyrir fyrstu sýningu sína sem reyndist næsthæsta einkunnin.

Örugg framganga Jakobs og Júlíu í úrslitum leiddi til sigurs þeirra í greininni með 8,44 í lokaeinkunn en Aðalheiður Anna og Kveikur hlutu 8,22 og 2. sætið.

Viðar Ingólfsson var í 3. sæti á hryssunni Maístjörnu frá Árbæjarhjáleigu II. Elin Holst og Frami frá Ketilsstöðum urðu fjórðu, fimmta var Hulda Gústafsdóttir á Draupni frá Brautarholti og Sigurodur Pétursson á Stegg frá Hrísdal lauk greininni í 6. sæti.

Ljóst var að aðeins örfá stig skildu þau Jakob Svavar og Aðalheiði Önnu að fyrir lokagrein deildarinnar, flugskeið.

Þar þurfa keppendur að bruna gegnum reiðhöllina á fljúgandi skeiði og getur munað aðeins sekúndubrotum milli fyrsta og tíunda sætis. Jakob Svavar fór brautina á 6,06 sekúndum á Jarli frá Kílhrauni sem tryggði honum 10. sæti. Aðalheiður Anna og Ása frá Fremri-Gufudal voru örlítið fljótari, eða 6,02 sekúndur og endaði í 8. sæti greinarinnar.

Fljótastir á fluguskeiði urðu hins vegar Guðmundur Friðrik Björgvinsson á Glúmi frá Þóroddsstöðum sem skutust í gegnum höllina á 5,73 sekúndum. Heimsmethafinn Konráð Valur Sveinsson á Kjark frá Árbæjarhjáleigu II varð annar á tímanum 5,76 og þriðji var Árni Björn Pálsson á Skykkju frá Breiðholti í Flóa á 5,79 sekúndur.

***Bikarar á loft***

Þegar öll stig höfðu verið reiknuð út var ljóst að aðeins 3,5 stig skildu að þau Jakob og Aðalheiði Önnu í einstaklingskeppninni. Jakob hampaði meistarabikarnum en þetta var í fyrsta sinn sem hann nær þessum áfanga.

Meistaradeildin er einnig keppni átta liða, sem hafa safnað sér inn stigum eftir sætaröðun í hverri grein. Lið Hrímnis/Export hesta stóðu efstir í ár með 360 stig. Liðið var skipað knöpunum Viðari Ingólfssyni, Hans Þór Hilmarssyni, Helgu Unu Björnsdóttur, Siguroddi Péturssyni og Þórarni Ragnarssyni.

Meistaradeildin í hestaíþróttum hefur verið haldin frá árinu 2001 og er ávallt kærkomið þjófstart á keppnisárinu sem mun ná hámarki á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín síðsumar. Deildin hefur frá upphafi notið vinsælda meðal áhorfenda og aðdáenda hestaíþróttanna og voru mótin í ár m.a. sýnd í beinni útsendingu á RÚV.

*/ghp*



**Jakob Svavar Sigurðsson og hryssan Júlía frá Hamarsey hafa verið sigursæl á keppnisbrautinni undanfarin ár. Þau bættu við sig enn einum bikarnum með sigri í tölti auk þess sem Jakob stóð uppi sem sigurvegari Meistaradeildarinnar í ár.** Mynd/ Louisa Hackl




**Vekringarnir geystu í gegnum Fákasel á örfáum sekúndum í keppni í flugskeiði. Hér má sjá Guðmund og Glúm sem urðu þar hlutskarpastir.**




**Steggur frá Hrísdal og Siguroddur Pétursson slaka á eftir sýningu.**



**Liðsmenn Hrímnis/ Export hesta fögnuðu innilega þegar úrslit liðskeppninnar lá fyrir. Frá vinstri: Siguroddur Pétursson Viðar Ingólfsson, Helga Una Björnsdóttir, Hans Þór Hilmarsson og Þórarinn Ragnarsson.**




**Áhorfendur biðu spenntir eftir frumraun Kveiks frá Stangarlæk í keppni og urðu ekki fyrir vonbrigðum. Þau Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir urðu í öruggu 2. sæti töltkeppninnar.**


**Gámurinn** er þarfaþing




**Til leigu eða sölu:**

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur




Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði










ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

**Hrossabændur óska eftir hryssum**

**Mega vera þriggja til fimmtán vetra**

**Enn hækkað verð!**

**Greiðum nú 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.**

**Sækjum frítt** á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

***Geymið auglýsinguna!***

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.






FRÉTTASKÝRING

## Norska alþýðusambandið (LO) berst gegn félagslegum undirboðum í skjóli EES-samnings sem valdi skaða á vinnumarkaði:

# Fyrirtæki skrá starfsemi í láglaunalöndum til að undirbjóða samkeppnisaðila

## – Fyrrum stjórnarmaður WOW telur slíkt af hinu góða og hefur sagt að það m.a. hafi orðið félaginu að falli að nota íslenskt vinnuafl



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Hart er gengið eftir því þessa dagana að Íslendingar samþykki innleiðingu á orkupakka númer þrjú frá Evrópusambandinu sem eina af afurðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, EES. Það er þó bara ein af mörgum birtingarmyndum á einhliða innleiðingum ESB á viðbótum við EES-samning sem gerður var 1992 og gengið frá 1993. Orkupakki 3 er eitt, en í Noregi er líka tekist á við innleiðingu á flutningapökkum 1, 2 og 3 sem sagðir eru fela í sér niðurnjörfun á félagslegum undirboðum á vinnumarkaði í skjóli EES-samningsins.**

Norska alþýðusambandið, eða Landsorganisasjonen i Norge, sem skammstafað er LO, er á móti orkupakka þrjú sem búið er að samþykkja þar í landi og ræðir nú um að Noregur segi upp EES-samningnum vegna undirboða sem hann hefur leitt til á norskum vinnumarkaði. Enda virðist rúllupylsuaðferðin við innleiðingu á þrem flutningapökkum (Mobility Package), sem gulltryggja slík undirboð, vera hönnuð til að grafa undan norrænni atvinnulöggjöf og kjarasamningum.

Um er að ræða það sem kallað er félagsleg undirboð á vinnumarkaði, eða „sosial dumping", og snertir beint aðild Noregs að EES-samningnum og fjórfrelsinu svonefnda. Kom þetta m.a. fram í fyrirlestri Morten Harper, rannsóknastjóra norsku samtakanna Nei við ESB, sem fluttur var á Háskólatorgi Háskóla Íslands 21. mars síðastliðinn.



Norska alþýðusambandið, eða Landsorganisasjonen i Norge, hefur áhyggjur af þeim undirboðum sem stunduð eru á norskum vinnumarkaði í skjóli EES-samningsins við Evrópusambandið. Nú er um það rætt að þetta mál ásamt innleiðingu á orkupakka 3 gæti leitt til kröfu um að Noregur segi sig úr EES-samstarfinu fyrir 2025.




Morten Harper, rannsóknastjóri norsku samtakanna Nei við ESB, ræddi um slæma reynslu Norðmanna af innleiðingu á orkupökkum 1, 2 og 3 á Háskólatorgi Háskóla Íslands 21. mars síðastliðinn. Hann ræddi líka þá miklu andstöðu sem ríkir í norsku samfélagi varðandi málið og önnur mál tengd reglugerðarinnleiðingum vegna EES sem styðja m.a. undirboð á norskum vinnumarkaði, eða „sosial dumping". Mynd / HKr.

Vegna ákvæða EES-samningsins um frjálst flæði vinnuafls og fjármagns þvert á landamæri aðildarríkja samningsins, þá geta t.d. erlend flutninga- eða rútufyrirtæki haldið úti starfsemi í Noregi en verið með fyrirtækin skráð m.a. í Austur- eða Suður-Evrópu. Þannig geta þau nýtt sér starfsfólk þaðan á mun lægri launum en þekkjast í Noregi. Þetta hefur þegar skekkt verulega samkeppnistöðu norskra fyrirtækja sem byggja sína starfsemi á norsku vinnuafli samkvæmt norskri vinnulöggjöf.

Bent er á að frá undirskrift EES-samningsins 1993 hefur verið stöðugur samdráttur í útflutningi á iðnaðarvörum, fyrir utan olíu, frá Noregi til ESB-landanna. Er það þvert á þróun útflutnings frá 1988 til 1993 og einnig fullyrðingar um hver áhrifin yrðu af EES-samningnum eftir 1993, að því er fram kom í máli Morten Harpers.

### *Ódýrt vinnuafl líka flutt inn til Íslands í samkeppni við það íslenska*

Farið er að bera á nákvæmlega sama vandamáli á Íslandi vegna starfsemi erlendra rútufyrirtækja sem gagnrýnd hefur verið af íslenskum fyrirtækjum í sömu grein. Kom það m.a. upp á yfirborðið í aðdraganda þeirra vinnudeilna sem uppi hafa verið á Íslandi undanfarnar vikur en vonandi eru yfirstaðnar.

### *Stjórnarmaður WOW taldi miður að það væri undir íslenskri vinnulöggjöf*

Athygli vakti á dögunum er fyrrverandi stjórnarmaður í hinu gjaldþrota flugfélagi WOW, Ben Baldanza, hagfræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri lággjaldaflugfélagsins Spirit Airlines, taldi að WOW hefði hugsanlega bjargast ef það hefði skráð starfsemina erlendis. Í Fréttablaðinu kom fram að hann nefndi fimm ástæður fyrir falli WOW. Þær væru skortur á aðhaldi við útgjöld en kostnaður við rekstur flugfélaga fari hækkandi, bæði vegna þess að starfsfólk og flugvélar verði dýrari með aldrinum. Hann sagði það einnig hafa orðið félaginu að falli að hafa nánast einvörðungu notast við íslenskt vinnuafl því laun á Íslandi séu hærri en gengur og gerist í Evrópu. Það hafi reynst eigandanum Skúla Mogensen dýrkeypt að leita ekki til ódýrara vinnuafls.

Það er einmitt þetta sjónarmið grjótharðra peningahyggjumanna sem hefur hleypt illu blóði í norsku verkalýðshreyfinguna. Með öðrum orðum, þessi fjármálaspekúlant hefði helst viljað að Skúli hefði tekið þátt í félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði með því að skrá WOW t.d. í Austur-Evrópu líkt og virðist hafa verið gert varðandi Primera Air sem varð gjaldþrota undir lok síðasta árs. Ætti mönnum að vera í fersku minni þær hörðu deilur sem íslenskar flugfreyjur áttu í við Primera Air vegna slíkra mála. Slíkt var líka ásteytingarsteinn þegar unnið var að gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ef flutningapakkar ESB verða að fullu innleiddir á Íslandi mun íslensk verkalýðshreyfing væntanlega ekki hafa lengur lagalega stöðu til að skipta sér framar af slíkum málum. Allavega er varðar erlent starfsfólk sem vinnur við flug og aðra flutninga á vörum og fólki í lofti, láði og á legi.

---

## Samtök norskra flutningafyrirtækja og Félag evrópskra flutningaverkamanna óhress með reglugerðabrölt ESB:

# Trukka- og rútubílstjórar krefjast heiðarlegra flutninga í Evrópu

## – Samtök flutningaverkamanna mótmæltu innleiðingu á skaðlegum reglugerðarpökkum frá Brussel

**Um 5.000 manns víða að úr Evrópu tóku þátt í mótmælum gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði (sosial dumping) fyrir utan þinghús ESB í Brussel í mars. Samtök norskra flutningafyrirtækja hafa gert kröfu um að ríkisstjórn landsins taki á málinu.**

Þau félagslegu undirboð sem þarna var mótmælt eru stunduð með þeim hætti að fyrirtæki í flutningastarfsemi skrá starfsemi sína í láglaunalöndum t.d. í Austur- eða Suður-Evrópu. Allt er það löglegt samkvæmt ákvæðum EES-samnings um frjálst flæði vinnuafls og fjármagns milli landa. Þessi fyrirtæki fara síðan með sína bíla og láglaunuðu bílstjóra frá þessum löndum og halda uppi starfsemi í löndum eins og Noregi. Það keppa þau við norsk fyrirtæki í sömu grein verða að lúta norskum kjarasamningum þar sem bílstjórar eru á mun hærri launum. Þannig geta erlendu fyrirtækin hæglega undirboðið flutninga í Noregi sem getur valdið innlendum fyrirtækjum miklu tjóni og kostað bílstjóra vinnuna.




Um 5.000 manns víða að úr Evrópu tóku þátt í mótmælum gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði (sosial dumping) fyrir utan þinghús ESB í Brussel í mars. Mynd / Bodøposten

Er þetta jafnframt hluti af innleiðingum reglugerðarpakka vegna EES. Athygli vekur að rökstuðningurinn á bak við þær innleiðingar á þrem pökkum er efnislega nákvæmlega eins samansettur og rökstuðningurinn á bak við orkupakka 3.

### *Samtök 5 milljóna flutningaverkamanna mótmæla*

Samtök norskra flutningafyrirtækja eru aðili að Samtökum evrópskra flutningaverkamanna (European Transport Workers' Federation – ETF), sem er með yfir 5 milljónir félagsmanna í yfir 200 stéttarfélögum í 41 landi. Þessar stofnanir hafa skipulagt yfir 100 mótmælafundi í Evrópu undir slagorðunum „Fair Transport" eða „heiðarlegir flutningar". Náðu þessi mótmæli hámarki með fundi fyrir utan skrifstofur Evrópuþingsins þann 27. mars síðastliðinn.

Ástæðan fyrir herferðinni er gríðarlegur þrýstingur á samgöngumiðlun í Evrópu, bæði á landi, í sjó og í lofti. Verð, laun og vinnuskilyrði eru útfærð í löggjöf ESB og er hluti af regluverki EES um frjálst flæði vinnuafls milli aðildarlanda samningsins.

Félag evrópskra flutningaverkamanna, EFT, segir að greinin liggi nú undir árásum vegna óheiðarlegra viðskipta vegna félagslegra undirboða á vinnumarkaði í boði Evrópusambandsins. Afleiðingin sé sú að störf glatist, vinnuaðstæður versni, gerðir séu varhugaverðir samningar og laun lækki. EFT hvetur til þess að flutningaverkamenn í Evrópu sameinist gegn þessum viðskiptaháttum.

„Við krefjumst þess að vinnuveitendur og stjórnmálamenn gefi valdið eftir til greinarinnar til að skapa milljónir gæðastarfa í Evrópu. Það eru heiðarlegir flutningar."

### *Eftir miklu að slægjast*

Meira en 10 milljónir Evrópubúar vinna í samgöngugeiranum eða um 5% af heildar vinnuaflinu. Búist er við að farþegaflutningar muni aukast um 42% innan ESB-landanna til 2050 og um 60% í vöruflutningum samkvæmt frétt Alþjóðasamtaka um flutninga á vegum IRU. Það er því greinilega eftir miklu að slægjast fyrir fjárfesta á þessum vettvangi.

### *Þrír flutningapakkar frá ESB verða innleiddir í skrefum*

IRU segir líka að þessar greinar séu mjög mikilvægar fyrir efnahag Evrópusambandsins. Þess vegna hafi framkvæmdastjórn ESB verið að setja saman flutningapakka (Mobility Package) sem innleiða á í þrennu lagi, pakki 1, 2 og 3. Þriðja flutningapakkanum er ætlað að ná

stjórn á öllum atvinnuflutningum á vegakerfinu innan ESB-landanna. Segir IRU að í þessum innleiðingum felist mestu breytingar sem nokkru sinni hafa verið gerðar á reglum um flutninga á vegum í Evrópu. Er reglunum ætlað að samræma og einfalda regluverk á milli landa að sögn IRU.

*Hættuleg skref*

Samtök evrópskra flutninga-verkamanna, EFT, segir að nýjustu ákvæðin í flutningapakka framkvæmdastjórnar ESB, sem kynntur var 31. maí 2018, þýði að atvinnurekendur muni fá meira frelsi til að stýra tímaáætlunum. Það hafi í för með sér lengri vinnutíma og styttri hvíldartíma en núverandi reglur gera ráð fyrir. Þetta skapi aukna hættu á vegunum og heilsu bílstjóra sé stefnt í voða. Það er þvert á fullyrðingar í rökum ESB fyrir innleiðingu pakkans sem segir að þetta sé gert til að draga úr dauðaslysum. Þar segir reyndar líka að þetta sé gert til að draga úr stjórnarkostnaði í flutningum um 20–27 milljarða evra á árunum 2018 til 2040.

Þá segir IRU að reglurnar vinni gegn því að sömu laun séu greidd fyrir sömu vinnu. Ástæðan er að heimilt er að láta alþjóðlega bílstjóra starfa tímabundið í einu landi á launum sem tíðkast í því landi sem fyrirtækið er skráð, óháð launakerfi í því landi sem starfað er í.

*Innleiðing tveggja pakka í sigtinu*

Samkvæmt frétt Bodøposten í Noregi vinnur ESB nú að innleiðingu tveggja stórra „pakka“ þar í landi sem munu hafa áhrif á vinnuskilyrði vörubifreiða- og rútubifreiðastjóra í Noregi. Þrýstingur frá Samtökum evrópskra flutningaverkamanna, ETF, er talinn hafa mikið að segja til að hafa áhrif á ESB í rétta átt, en enn er mikil óvissa um hver niðurstaðan verður. Mótmælin 27. mars voru talin mikilvæg til að gera ESB-þingmönnum grein fyrir þeim skuldbindingum sem á að leggja á samgöngugeirann.

*Mikill þrýstingur frá fyrirtækjum*

Leiðtogi Samtaka norskra flutningafyrirtækja, Jim Klungnes, er áhyggjufullur um framtíð norska samgöngugeirans og telur ríkisstjórnina þurfa að gera meira fyrir ökumenn.

„Bílstjórar hafa lengi upplifað mikinn þrýsting á að taka á sig verri vinnuskilyrði vegna þess að fyrirtæki beita félagslegum undirboðum til að tryggja sér samkeppnisforskot. Þetta er að gerast um alla Evrópu. Nú virðist sem þetta muni ganga yfir rútubílageirann líkt og flutninga-bílana. Ríkisstjórnin gerir of lítið til að ná stjórn á málunum og jafna samkeppnisskilyrði í greininni,“ segir Klungnes.

*Tillögur ESB sagðar geta valdið margvíslegum skaða*

Við frekari útfærslu á svonefndum flutningapakka 1, „Mobility Package 1“, hafa verið nokkrar tillögur á borðinu hjá ESB. Niðurstaðan af þeirri útfærslu mun hafa mikil áhrif á laun, vinnuskilyrði og jafnvægi milli vinnu og tómstunda fyrir ökumenn í Evrópu.

Í versta falli er búist við verulega versnandi vinnuskilyrðum í sam-göngugeiranum. Það getur leitt til aukinna undirboða, minna öryggis í umferðinni, aukinnar glæpatíðni og versnandi samkeppnishæfni norskra flutningafyrirtækja og fækkunar starfa í greininni.

Með flutningapakka 2 (Mobility Package 2) vill framkvæmdastjórn ESB að regluverkið nái líka yfir allan rútubílaiðnaðinn – bæði á hraðleiðum og sérleiðum. Það opnar erlendum fyrirtækjum aðgang að markaði eins og í Noregi (og þess vegna á Íslandi) með varanlegum hætti. Í grundvallaratriðum fá erlend fyrirtæki þannig samkeppnisforskot á heimafyrirtækin. Þessi pakki var kynntur og gefinn út af framkvæmdastjórn ESB þann 8. nóvember 2017.

Þetta opnar fyrir að erlend fyrirtæki geti lagt fram tilboð í samkeppni við norsk og komið með starfsmenn sem eru skráðir erlendis og sem ekki er hægt að krefjast að undirgangist norska samninga. Norskir rútubílstjórar líkt og vöruflutningabílstjórar geta þurft að upplifa mikil félagsleg undirboð í kjölfarið. Búast má við að norski rútubílaiðnaðurinn verði um leið fyrir miklum áföllum, að því er segir í frétt Bodøposten. Þá á alveg eftir að ræða innleiðingu á flutningapakka númer þrjú.




**Á fyrirlestri á Háskólatorgi í Háskóla Íslands sýndi Norðmaðurinn Morten Harper fram á að sæstrengslögn og tenging ICE-Link við Ísland var þegar komið á dagskrá í regluverkasmíði EES 2013 sem forgangsverkefni. Þetta hefur verið unnið í fullu samráði við Landsvirkjun, Landsnet og íslensk stjórnvöld allavega frá 2015.**


MENER STORTINGETS VEDTAK OM ACER ER UGYLDIG

Saksøker Erna Solberg

Saksøkt statsminister: Erna Solberg (H) saksøkes for brudd på Grunnlovens paragraf 115. Foto: GEORGES GOBET

Stortingets vedtak, som sa ja til til at Norge blir underlagt EUs regler for strøm og gass er ugyldig, mener jusprofessor Hans Petter Graver. Nå stevnes staten ved statsminister Erna Solberg for brudd på Grunnlovens paragraf 115.

**Erna Solberg, forsætisráðherra Norðmanna, horfir nú fram á lögsókn fyrir meint brot á stjórnarskrá Norðmanna við innleiðingu á orkupakka þrjú.**



UTAN ÚR HEIMI

### Íbúar Yukon í Kanada vilja auka matvælaframleiðslu sína:

# Hafa borðað það sem berst með þjóðveginum frá degi til dags

**Matvælaframleiðsla í Yukon-fylki í Kanada lagðist að mestu niður með tilkomu hraðbrautar í gegnum fylkið frá Bandaríkjunum til Alaska á síðustu öld. Afleiðingin er sú að í dag eru íbúar fylkisins gríðarlega háðir flutningum á matvælum með flutningabílum til héraðsins og að ef hraðbrautin lokast klárast þar allur matur á nokkrum dögum.**

Kanadíski Yukon-maðurinn Sonny Gray var í heimsókn á Íslandi fyrir stuttu til að kynna sér landbúnað á Íslandi. Grey er stjórnarformaður North Star Agriculture sem er einkafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun landbúnaðar í Yukon og Norður-Kanada auk þess sem hann er formaður Bændasamtaka Yukon-fylkis.

Yukon er sjálfstjórnarsvæði í norðvesturhluta Kanada og er rúmlega 482 ferkílómetrar að stærð og íbúarnir um 40 þúsund. Svæðið er nefnt eftir Yukon-fljóti og er við landamæri að Alaska í vestri og eru barrskógar ríkjandi gróður í fylkinu.



Sonny Gray, stjórnarfornaður North Star Agriculture og formaður Bændasamtaka Yukon-fylkis í Kanada. Mynd / HKr.

### *Vill auka matvælaframleiðslu í Yukon*

Grey segir að frá því hann kom til Íslands hafi hann séð eitt og annað sem er svipað með landbúnaði í Yukon og á Íslandi og enn fleira sem sem hann vildi sjá gert heimafyrir.

„Mér sýnist Ísland vera að mestu leyti sjálfbært þegar kemur að landbúnaðarframleiðslu og hefð fyrir því löng. Við sem búum í Yukon langar mikið að verða sjálfbær þegar kemur að matvælaframleiðslu og leggjum mikla vinnu í að ná því markmiði sem fyrst með aukinni landbúnaðarframleiðslu.“

### *Hraðbrautin til Alaska breytti öllu*

Gray segir að auðvitað hafi frumbyggjar í Yukon verið sjálfbærir á fæðu fyrr á tímum en á tímum kalda stríðsins lögðu Bandaríkjamenn hraðbraut í gegnum Yukon til Alaska og hún breytti öllu.

„Í kjölfar hraðbrautarinnar komu vöruflutningabílar með ódýrari mat að sunnan sem fyllti hillur verslananna og matvælaframleiðsla í fylkinu svo gott sem lagðist af. Með auknum vöruflutningum urðu íbúar Yukon sífellt háðari aðsendum mat og staðan í dag er þannig að ef matarsendingarnar berast ekki reglulega þá tæmast verslanirnar á fáeinum dögum og íbúarnir verða fljótlega matarlausir.“



Sonny Gray og Bugs Bunny.

Að sögn Gray lokast hraðbrautin alltaf annað slagið vegna snjóa, aur- og snjóflóða, skógarelda eða umferðarslysa.

„Síðast þegar slíkt gerðist og vegurinn var lokaður í þrjá daga voru flestar hillur matvöruverslana tómar þegar hann opnaðist aftur.

Verslunareigendur hafa ekki pláss og vilja ekki sitja uppi með birgðir og það má því segja að við borðum það sem kemur eftir þjóðveginum frá degi til dags og því má ekki mikið út af bera til að það verði skortur á mat eða að það þurfi að grípa til annarra og mun dýrari aðferða til að flytja mat til íbúanna.“




Yukon er fylki á norðvesturströnd Kanada við landamærin að Alaska.

### *Mörg tækifæri í stöðunni*

Samkvæmt Gray er megin landbúnaðarframleiðsla í fylkinu korn, kartöflur, rófur og gulrætur, auk þess að fyrir tveimur árum hafi verið byggt þar lítið sláturhús og það hafi opnað fyrir aukið húsdýraeldi og að fyrir skömmu hafi líka verið sett á laggirnar mjólkurbú. Það fyrsta í fylkinu í áratugi.

„Þrátt fyrir og líklega vegna þess hve landbúnaðarframleiðsla er lítil er það í mínum huga kjörið tækifæri fyrir bændur til að auka framleiðslu sína og um leið að gera fylkið sjálfbærara og helst sjálfbært hvað matvæli varðar. Ég sé til dæmis fram á að ef mjólkurbúin yrðu fleiri myndi það breyta miklu, því að mjólk er sú matvara sem klárast fyrst sé hætta á skorti og svo geymist hún líka illa.“

### *Virkjun lághitasvæðis*

„Eitt af þeim verkefnum sem North Star Agriculture er að vinna og helsta ástæða þess að ég er á Íslandi er að við erum að byggja upp fiskeldi sem á að reka samhliða gróðurhúsum. Hugmyndin er að vatnið frá fiskeldinu, sem er fullt af næringarefnum, verði notað til að vökva plönturnar í gróðurhúsinu sem verða aðallega salat, kálplöntur og kryddjurtir. Allar þessar plöntur er erfitt að fá í Yukon á veturna en það sem fæst af þeim kemur alla leið frá Mexíkó og er lengi á leiðinni og með hátt kolefnisspor. Með því að rækta plönturnar sjálf tryggjum við betri gæði, öruggara framboð og auðvitað lægra kolefnisspor.

Fiskeldið og gróðurhúsin eru á lághitasvæði þar sem vatnið er 30 til 40° á Celsíus og nóg til að hita húsin og gerir okkur kleift að rækta í þeim árið um kring með lýsingu.“

Grey segist hafa átt í viðræðum við sérfræðinga hjá Orkustofnun um verkefnið og til að koma að hönnun hitakerfisins. Auk þess sem hann segist hafa heimsótt nokkur gróðurhús og skoðað starfsemi þeirra.

„Ólíkt gróðurhúsum á Íslandi ætlum við að ekki að vera með gler í þeim heldur hafa þau lokuð og með raflýsingu.“

### *Íslendingar góðu vanir*

Grey segir að í framhaldi af heimsókn sinni til Íslands langi hann að skipuleggja ferð hóps íslenskra



Fyrir skömmu var sett á laggirnar mjólkurbú. Það fyrsta í Yukon í áratugi. Mynd / Zakus Farms.



Megin landbúnaðarframleiðsla í Yukon er korn, kartöflur, rófur og gulrætur. Mynd /Yukon Agricultural Association and the Government of Yukon.

sérfræðinga til Yukon til að veita sérfræðiþekkingu við gróðurhúsa- og fleiri verkefni.

„Að mínu mati eru Íslendingar mjög góðu vanir þegar kemur að innlendri landbúnaðarframleiðslu og líta á gæði matvörunnar sem sjálfsagðan hlut. Þið verðið því að gæta þess að hætta ekki að búa til eigin matvæli þrátt fyrir að innflutningur eigi eftir að aukast. Þið megið einfaldlega ekki gefa eftir þegar kemur að gæðum eigin framleiðslu þrátt fyrir að innfluttur matur geti verið ódýrari,“ segir Sonny Gray, stjórnarformaður North Star Agriculture og formaður Bændasamtaka Yukon í Kanada, að lokum. /VH








**Keno™cox** er breiðvirkt sótthreinsiefni sem drepur sníkjudýr, hnísla, bakteríur, veirur og myglu. **Keno™cox** er með einstaka einkaleyfisvarða formúlu. Hún er án fenóls og þar af leiðandi örugg fyrir notendur og dýr. Sótthreinsun nauðsynleg til að koma í veg fyrir smit á hníslum.

- Hægt að nota á allt yfirborð
- Drepur hnísla (coccidiosis) sem valda hníslasótt
- Drepur saurgerla, e-coli og coli
- Drepur myglu
- Drepur veirur
- **Keno™cox** hjálpar til við að draga úr sýkingarhættu í útihúsum
- Kemur í veg fyrir smit af sníkjudýrum eins og eimeria spp og cryptosporidium parvum sem eru mjög hættuleg fyrir ungviði

Hníslar orsakast af einfrumungnum eimería. Þeir eru að verða æ algengari í sauðburði, sérstaklega ef stíur eru blautar og þröngar, einnig í þröngum högum, sérstaklega í votviðri. Hníslar geta lifað af frost 5-8°C í mánuði en þola ekki sótthreinsun.

**Einkenni smits eru:**

- Lömb þrífast ekki og eru mjög kvalin
- Ef lömb fá blóðuga skitu þá er skaðinn orðinn
- Smit á milli lamba tekur 12-20 daga
- Lömbin eru varin gegn sýkingu, með mótefnum úr broddmjólkinni fyrstu 2-4 vikurnar




mjollfrigg.is NORÐURHELLA 10 | 221 HAFNARFJÖRÐUR | SÍMI 512 3000



# Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðar-dekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við sölumenn **Bílaþjónustunnar** í síma **464 1122** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




BÍLAÞJÓNUSTAN EHF

**GARÐARSBRAUT 52** / 640 HÚSAVÍK / **464 1122**

# Ágreiningur um lóðamörk heldur endur- uppbyggingu á Laxabakka í gíslingu

**„Það er óumdeilt að í Laxabakka, húsum og landi og hvernig þetta tvennt tvinnast saman, felast einstök verðmæti. Það er líka deginum ljósara að á meðan réttmætir eigendur, Íslenski bærinn, geta ekki umgengist húsin og lóðina sem þeim fylgir með eðlilegum hætti og sótt um tilskilin leyfi til framkvæmda, aðgerða og uppbyggingar er Laxabakki í gíslingu og dauðadæmdur," segir Hannes Lárusson, myndlistarmaður og eigandi félagsins Íslenski bærinn, sem á torfbæinn Laxabakka.**

Málþing um stöðu mála vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Laxabakka var haldið í Meðalholtum fyrr í þessum mánuði undir yfirskriftinni „Fallegasta hús á Íslandi á heljarþröm", þar sem erindi fluttu sérfræðingar í byggingalist, handverki, náttúru- og minjavernd.

Laxabakki er tveggja bursta torfbær sem stendur við Sogið í Grímsnesi, skammt frá Þrastalundi. Húsið byggði Ósvald Knudsen, málarameistari og kvikmyndagerðarmaður, árið 1942 af miklu listfengi og alúð sem sumarbústað og veiðihús.

Ósvald lést árið 1975 og komst húsið þá í eigu afkomenda sem um það hugsuðu, en við skuldaskil árið 2004 komst húsið í eigu Lögheimtunnar. Viðhaldi var ekki sinnt sem kom mjög niður á húsinu sem varð ekki svipur hjá sjón.

Á liðnu ári, 2018, eignaðist félag í eigu Hannesar, Íslenski bærinn, húsið og var ætlunin að hans sögn að gera það upp og færa til fyrra horfs. Um var að ræða kaup á húsinu og einum hektara lands. Segir Hannes að meginástæða þess að Lögheimtan seldi Íslenska bænum Laxabakka hafi verið velvilji gagnvart þeim áformum að byggja bæinn og umhverfi hans upp, húsinu væri þar með borgið. Sú ósk hefði hins vegar ekki ræst.





Laxabakki. Lóðamörk til austurs; yfir hliði er útskorið skilti af Ríkharði Jónssyni myndhöggvara sem á stendur Laxabakki með ártalinu 1943.



Hannes Lárusson á félagið Íslenski bærinn sem keypti Laxabakka á síðastliðnu ári með það í huga að endurreisa hann. Ágreiningur um lóðamörk hefur tafið það að endurbætur geti hafist og á meðan verður ástand hússins verra og verra.



Horft frá vestur lóðamörkum í átt að Laxabakkabænum, bátaskýli í forgrunni. Myndin er tekin 1944.

### *Ágreiningur um lóðamörk*

Fljótlega eftir að áform um uppbyggingu lágu fyrir og hafist var handa við að sækja um tilskilin leyfi hafa þau rekist á vegg, en á milli nágranna hans, Landverndar og Héraðsnefndar Árnesinga, kom upp ágreiningur um lóðamörk.

„Til þess að Laxabakka verði bjargað þurfa nágrannarnir að skrifa undir lóðablað og staðfesta lóðamörk sem og að ræða um hentugasta fyrirkomulag á aðkomu á lóðinni. Farið hefur verið kirfilega yfir málið og heilmiklar bréfaskriftir staðið yfir um þetta mál undanfarna mánuði, en lítið hefur þokast," segir Hannes.

Hann segir að fyrir 40 árum hafi Landvernd og Héraðsnefnd Árnesinga verið færðar tvær jarðir að gjöf, Alviðra og Öndverðarnes 2, mörg hundruð hektarar lands. Þrátt fyrir þá miklu landareign segir Hannes félögin ágirnast um þrjá hektara lands til viðbótar sem eru í einkaeign, en liggja að umræddri landareign. „Mér sýnist þeir gera sig líklega til að sækja þessa landskika með kjafti og klóm, þar á meðal er einn hektari í eigu Íslenska bæjarins, þann sem tilheyrir Laxabakka. Samt sem áður verður ekki séð að þessi almannasamtök skorti land undir sína starfsemi," segir Hannes.

### *Vongóður um að lausn finnist*

„Í mínum huga, og annarra hlutlausra aðila sem skoðað hafa málið, er skýrt hvar landamörk liggja og voru mörkuð og afgirt fyrir um áttatíu árum. Málið þarf því ekki að vera í þessum farvegi, það er óskaplega dapurlegt að framkvæmdum sé haldið í gíslingu og ásigkomulag hússins verður æ verra með hverjum degi sem líður. Það er afskaplega mikilvægt að hefja endurbyggingu og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir sem allra fyrst og ég er vongóður um að lausn finnist sem allir sætta sig við, enda er hér um byggingarsögulega perlu að ræða sem ekki má glatast," segir Hannes. /MÞÞ



Suðurhlið Laxabakka vorið 2017. Enn hefur hallað á ógæfuhlið hússins og í nýlegu óveðri hrundi strompurinn.




## Héraðsnefnd Árnesinga:

# Þröngt skorinn stakkur

**Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga, segir stjórn nefndarinnar alla af vilja gerða til að leita lausna þannig að Íslenski bærinn geti sem fyrst hafið aðgerðir við að bjarga húsinu á Laxabakka, en Héraðsnefnd sé þröngur stakkur skorinn, enda aðeins helmings eigandi landsins á móti Landvernd.**

Alviðra og Öndverðarnes 2 eru í jafnri sameign Héraðsnefndar og Landverndar og segir Eyþór að samkvæmt ákvæðum gjafabréfs fylgi strangir skilmálar, það sé því ekki eingöngu í valdi Héraðsnefndar að leysa málið, þótt þar á bæ séu allir af vilja gerðir að finna farsæla lausn.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar er sammála því að mikilvægt sé að endurbyggja og vernda Laxabakka á þessum stað eða annars staðar að sögn Eyþórs. „Vandinn snýst um það að hvorki núverandi né fyrrverandi eigendum hússins hefur tekist að sýna fram á eignarrétt á lóð í kringum húsið svo óyggjandi sé né hver séu möguleg mörk og stærð slíkrar lóðar. Í raun er líklegt að leita þurfi atbeina dómstóla til að fá úr því skorið hvort og þá hversu stór lóð tilheyrir Laxabakka. Héraðsnefnd, sem opinber aðili, getur ekki afhent einkaaðila verðmæti eins og eignarland án þess að fyrir því liggi lögmætar ástæður,“ segir Eyþór.

*/MÞÞ*















Stefán Bragi Bjarnason, framkvæmdastjóri Lely Center á Íslandi. Á innfelldu myndinni getur að líta nýjasta mjaltaþjóninn, Lely Astronaut A5, sem kynntur var til leiks á síðasta ári. Mynd / HKr.

## VB-landbúnaður orðið að Lely Center á Íslandi:

# Fyrstu tveir mjaltaþjónarnir á Íslandi komu fyrir nær tuttugu árum

### – eru báðir af gerðinni Lely og hófu vaktina fyrir meira en 170 þúsund klukkutímum og eru enn í fullri notkun



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Fyrstu tveir mjaltaþjónarnir á Íslandi voru settir upp fyrir nær 20 árum og eru enn í fullri notkun. Báðir eru þeir af Lely gerð en umboðið er nú orðið að útibúi sem er í 50% eigu móðurfélagsins í Hollandi.**

VB-landbúnaður ehf. hefur frá 2009 verið umboðsaðili Lely á Íslandi að Krókhálsi 5 í Reykjavík og forvera þess frá 1999. Í haust var breytt um nafn og fyrirtækið straumlínulagað í kringum þjónustu við Lely mjaltaþjónana. Heitir fyrirtækið nú Lely Center Ísland og er rekið á sömu kennitölu og VB-landbúnaður áður.

Stefán Bragi Bjarnason framkvæmdastjóri segir að þetta hafi gerst í kjölfar þess að helmingseigandi fyrirtækisins, sem er Lely í Hollandi, seldi frá sér alla hollensku heyvinnuvéladeildina til AGCO. Á sama tíma var seld verksmiðja Lely í Wolfenbuttel í Þýskalandi sem framleiddi Lely Tornado rúllubindivélar í samstarfi við Welger. Þess má geta að AGCO er móðurfélag þekktra nafna eins og Massey Ferguson, Fendt, Valtra, Challenger, GSI, Fella, Fuse, Gleaner, Sunflower, White Planters og fleiri.

Um leið var ákveðið að hætta að selja dráttarvélar og heyvinnutæki hjá Lely Center Íslandi og leggja megináherslu á sölu og þjónustu við Lely tækjabúnað fyrir fjós og einnig ýmsa aðra varahluti og rekstrarvörur fyrir íslenska bændur. Þar má nefna gjafagrindur, hlið og stíugrindur, haugsugur, haughrærur, rúllugeipar og margt fleira. Þá hefur verið unnið að endurskipulagningu á versluninni að Krókhálsi í Reykjavík og öll starfsemin flutt upp á efri hæð hússins og við það verður verslunarplássið fyrir rekstrarvörurnar mun stærra.





Lely Astronaut 5 mjaltaþjónninn er sagður marka tímamót hvað varðar þægindi fyrir kýrnar. Segja sérfræðingar Lely að kýrnar séu frjálsari í þessum mjaltaþjónum og flæði kúnna í fjósinu betra. Skepnunum líði því betur og mjólki meira. Myndir / Lely

*Algjörlega hættir í dráttarvélaslagnum*

„Nú erum við bara að selja síðustu heyvinnuvélarnar og þar með förum við að einbeita okkur að rekstrarvörum og öllu sem tengist Lely. Við erum algjörlega hættir í dráttarvélaslagnum og ætlum okkur ekki að taka þátt í honum frekar,“ segir Stefán. Hann segir að starfsmönnum hafi auðvitað fækkað við þessar breytingar, eða úr 26 í 21 eins og staðan er í dag.

„Það munaði mestu um að við hættum með John Deere dráttarvélarnar þegar nýr umboðsaðili tók við því vörumerki á Íslandi. Á árinu 2018 hættum við síðan líka með Avant vinnuvélarnar.“

*Orðið hluti af Lely Center samfélaginu*

Lely keypti hlut í VB-landbúnaði 2009 til að tryggja rekstur Lely mjaltaþjónanna á Íslandi.

„Í nóvember á síðasta ári gerðum við sérstakan Lely Center samning þar sem Lely er 50% eigandi. Þar með erum við orðin eitt af 182 formlegum Lely Center miðstöðvum um allan heim og útibú Lely hér á landi. Samt sem áður erum við að selja mjög mikið af rekstrarvörum og varahlutum fyrir utan það sem viðkemur Lely mjaltaþjónunum.“

Þegar blaðamaður Bændablaðsins leit þar við í heimsókn hjá Lely Center á Krókhálsi í síðustu viku voru starfsmenn búnir að koma sér þokkalega fyrir í nýrri aðstöðu, en mörg handtökin eru samt eftir.

*Bjúgnapressur seldar í stórum stíl*

Þótt starfsemi Lely Center snúist mikið um sölu og þjónustu á mjaltaþjónum þá má finna þar ýmsa aðra vöruflokka eins og búnað til heimavinnslu matvæla. Segist Stefán t.d. vera búinn að selja ógrynni af bjúgnapressum, sem erlendir birgjar undrist mjög. Þannig hafi þeir spurt að því hvort ekki væri bjúgnasalar á hverju einasta götuhorni á Íslandi. Sérstaðan hér á landi varðandi þessar vélar er samt sú að þær eru jafnvel fremur notaðar við sláturgerð en að búa til bjúgu.

*Telur mikla uppstokkun fram undan í kúabúskap*

Stefán segist búast við að mikil uppstokkun eigi eftir að verða í kúabúskap á Íslandi. Kúabændur hafi nýverið greitt atkvæði um og samþykkt að haldið verði áfram með kvótakerfið. Ef samningar gangi eftir við ríkið þá megi búast við að til verði alvöru kvótamarkaður. Þar muni þeir sem ekki hafi tök á að endurnýja sín fjós í samræmi við aðbúnaðarreglugerðir selja sig út úr greininni og eflaust einhverjir fleiri. Það þýði að kúabúum fækkar og þau sem eftir verða muni allavega sum verða stærri.

Í sauðfjárbúskap sé afkoman ekki góð þessa dagana og greiðslugeta til tækjakaupa og endurnýjunar þar af leiðandi fremur lítil.

*20 ár frá gangsetningu fyrstu mjaltaþjónanna á Íslandi*

Lely var fyrsti mjaltaþjónninn sem kom á markað á Íslandi, en það var 1999. Var þessi tegund einráð á markaðnum í nokkur ár. Segir Stefán að það hafi í upphafi tekið þó nokkurn tíma að sannfæra bændur um að þetta virkaði allt saman og dygði meira en nokkur misseri.

*Bjóla og Hvassafell riðu á vaðið*

„Það voru tveir róbótar settir upp 1999 í Bjólu í Djúpárhreppi og á Hvassafelli undir Eyjafjöllum og eru báðir enn í gangi á sömu bæjum.

Þegar þessir mjaltaþjónar voru seldir spurðu menn eðlilega um endingu. Fljótlega var það gefið út af framleiðanda að endingartíminn væri að lágmarki 12 ár. Nú eru að verða komin tuttugu ár.

Enn er 41 mjaltaþjónn af gerðinni Lely A2 í gangi, en nýjasti mjaltaþjónninn sem kynntar var í fyrravor er af gerðinni Lely Astronaut A5.“

Stefán segir að enn sé ekki vandamál að fá varahluti í elstu mjaltaþjónana en auðvitað sé þó frekar dýrt að halda við 20 ára gömlum tækjum.

„Oft er tekið sem dæmi að þegar mjaltaþjónarnir voru fundnir

upp voru varla til GSM símar. Menn geta því rétt ímyndað sér tæknibreytinguna síðan og margt er því orðið úrelt í tækninni sem fyrstu mjaltaþjónarnir byggðu á, þótt þeir virki enn vel.“

*Um 17 sinnum betri ending en á dráttarvélum*

Til gamans þá nefnir Stefán að gott þyki að dráttarvél skili án mikilla áfalla 10.000 klukkustunda notkun á sínum ferli. Mjaltaþjónn sem búinn er að vinna í 24 tíma á sólarhring í 20 ár hefur hins vegar skilað hátt í 175 þúsund klukkustundum ef bilanastopp hafa verið fá. Það er ríflega 17 sinnum betri nýting en á dráttarvél sem kostar kannski svipað í innkaupum. Auðvitað er ólíku saman að jafna, en í báðum tilfellum eru verið að tala um vélræn tæki.

*Snýst fyrst og fremst um þjónustuna*

„Hjá bændum snýst þetta um að tækin virki því mjaltaþjónarnir eru í gangi allan sólarhringinn alla daga ársins. Ef þeir stoppa í fjóra til sex klukkutíma, þá getur farið að verða tjón.

Þetta snýst því fyrst og fremst um hversu góð þjónustan er á bak við mjaltaþjónana. Um þetta erum við að hugsa alla daga og passa upp á að við eigum alltaf varahluti. Þá erum við líka með þjónustumenn á nokkrum stöðum á landinu sem geta brugðist hratt við og það minnkar kostnað við akstur. Við erum þannig með þjónustumenn í Eyjafirði, í Skagafirði, á Selfossi og í Reykjavík,“ segir Stefán.

*Nýrri gerðirnar allar tölvutengdar*

Fyrir Lely A2 og A3 er boðið upp á sex þjónustuheimsóknir á ári. Fyrir nýrri gerðirnar er ekki talin þörf á svo mörgum heimsóknum, eða aðeins tveimur til þremur á ári. Frá 2006 eru allir mjaltaþjónarnir tölvutengdir og hægt að þjónusta þá yfir netið eða jafnvel í gegnum síma.

Stefán segir að Lely mjaltaþjónarnir séu gefnir upp fyrir að ráða við að mjólka 65–70 kýr. Ef bændur eru með fleiri kýr og tvo róbóta þá þykir hæfilegt að hvor mjaltaþjónn þjóni um 60 kúm. Aðstæður í fjósunum eru þó æði mismunandi sem og ástand gripanna, svo þessar tölur eru alls ekki algildar.

*Sprenging í sölu mjaltaþjóna eftir 2002*

„Enginn mjaltaþjónn var settur upp árið 2000. Þá var bannað að selja mjaltaþjóna vegna þess að salmonella hafði fundist í fjósinu í Bjólu. Var tækinu kennt um sem smitbera, en seinna þótti talið líklegast að fugl hafi skilið eftir drit í heyrúllu. Einnig var mikið um að fólk kæmi í þetta fjós til að skoða þetta undratæki. Kannski var ekki endilega hugsað nógu vel um hvaðan gestirnir voru að koma og þá staðreynd að kjúklingasláturhús er þar ekki allfjarri.

Síðan voru tveir róbótar seldir



Stefán Bragi Bjarnason segist búast við að mikil uppstokkun eigi eftir að verða í kúabúskap á Íslandi. Mynd / HKr.


Tvö af mjög vinsælum sjálfvirkum hjálpartækjum í íslenskum fjósum. Til vinstri er Juno fóðursópur sem sér um að ýta fóðrinu að kúnum allan sólarhringinn og hægra megin er Lely Center flórskafa. Mynd / Lely


Nú er Lely komið með á markað alsjálfvirkt fóðurkerfi, Lely Vector, eins og búið er að setja upp á Páfastöðum í Skagafirði og á bænum Garði í Eyjafirði. Mynd / Lely Center á Íslandi


Lely Discovery Flórgoði, en yfir 100 slíkir eru nú í notkun á Íslandi. Mynd / Lely


Næsta bylting frá Lely er Lely Orbiter mjólkurstöð sem fullvinnur mjólkina heima á býli. Mynd / Lely

árið 2001, annar á Egilsstaðabúið og hinn í Miklaholt. Mjaltaþjónninn á Egilsstaðabúinu flutti svo vestur á land í Miðskóg og þaðan í Bakkakot, þannig að hann er á þriðja bænum frá upphafi í dag. Einir átta voru svo settir upp árin 2002 og 2003. Eftir það varð sprenging á markaðnum og fleiri merki fóru að sjást hér, eins og DeLaval og nú síðustu ár GEA og Merlin Fullwood.

Árin 2004, 2005, 2006 og 2007 voru að seljast hér yfir 20 mjaltaþjónar á hverju ári.“

*Samið um sölu á yfir 40 mjaltaþjónum árið 2017*

Árið 2017 voru gerðir samningar um sölu á aragrúa af mjaltaþjónum. Þeir hafa þó ekki enn allir verið settir upp m.a. vegna tafa við fjósbyggingar og fleira.

„Okkur telst til að það hafi verið seldir yfir 40 mjaltaþjónar af öllum gerðum árið 2017, sem er þá langstærsta ár í sölu slíks búnaðar hér á landi.“

Um síðustu áramót voru komnir í notkun 247 mjaltaþjónar hjá 200 mjólkurframleiðendum og er Lely með um 60% markaðshlutdeild í dag að sögn Stefáns.

*Framhaldið ræðst af kerfisbreytingum í kúabúskap*

„Ég held að framhaldið snúist svolítið mikið um kerfisbreytingar í greininni. Við heyrum af mörgum bændum sem eru með fjós sem standast ekki breyttar reglugerðir. Þá eru þeir annaðhvort komnir á aldur eða hafa ekki fjármagn til að fara í stórar breytingar og ætla sér því að hætta. Spurningin er bara hversu lengi þeir haldi áfram.

Það vill enginn láta neyða sig til að láta frá sér kvótann, eins og gert er með því að lækka endurgjaldið sem þeir fá á hverju ári fyrir kvóta. Þeir eru svo þvingaðir til að láta hann frá sér fyrir ákveðið fast verð og honum er svo úthlutað á sama verði. Slíkt felur í sér eignaupptöku að mínu áliti og bitnar á þeim sem missir kvótann. Það finnst mér fullkomlega óeðlilegt á sama tíma og umframeftirspurn er eftir kvóta.

Mjög marga bændur sem eru með mjaltaþjóna vantar meiri kvóta. Nú hlýtur að verða breyting eftir að um 80% bænda lýstu því yfir í kosningu að þeir vildu halda kvótakerfinu. Næsta skref hlýtur að vera að búa til reglur um einhvers konar kvótamarkað. Þannig að menn geti stundað viðskipti með


Stefán í nýju verslun Lely Center á Íslandi sem búið er að standsetja á Krókhálsi 5. Mynd / HKr.

þessa „eign“, sem þeir hafa fjárfest í, alveg eins og í sjávarútvegi. Bændur hljóta að krefjast þess að það sé hægt að eiga frjáls viðskipti í þeim geira eins og í sjávarútvegi. Við höldum að það verði þróunin og kúabændum muni þá fækka en búin stækka.“

Ekki hafa allir kúabændur veðjað á mjaltaþjóna í sínum rekstri. Dæmi eru um mjaltagryfjur og hefðbundin rörakerfisfjós sem gengið hafa afskaplega vel. Nægir þar að nefna Hraunháls í Helgafellssveit sem fjallað var um í síðasta Bændablaði. Þá hefur t.d. bóndi í Hofdölum í Skagafirði veðjað á mjaltagryfju sem nú er verið að setja upp.

Auk mjaltaþjóna selur m.a. Lely Center flórsköfur eins og Lely Discovery Flórgoðana en yfir 100 slíkir eru nú í notkun á Íslandi. Þeir eru alsjálfvirkir og eru allir enn að störfum þótt sumir séu orðnir gamlir og slitnir.

Nú er Lely komið með á markað alsjálfvirkt fóðurkerfi, Lely Vector, eins og búið er að setja upp á Páfastöðum í Skagafirði og á bænum Garði í Eyjafirði. Þessi kerfi eru að blanda fóðri og gefa sex til sjö sinnum á sólarhring. Þá býður Lely líka upp á lýsingartækni fyrir fjós sem hægt er að stilla í takt við atferli gripa. Juno fóðursópur Lely er líka eitt fyrirbærið sem sér um að ýta fóðrinu að kúnum allan sólarhringinn og eykur þannig bæði nýtingu á fóðri og sparar bóndanum sporin.

„Þannig er Lely tækjafjölskyldan í fjósinu alltaf að stækka,“ segir Stefán.

*Vindrafstöðvar ekki taldar borga sig á Íslandi*

Lely framleiðir líka vindrafstöðvar til raforkuframleiðslu en samkvæmt útreikningum sem Lely hefur látið gera þá þykir raforkuverð á Íslandi ekki nógu hátt til að rekstur slíkra vindmylla borgi sig. Hér á landi njóta bændur enn mun lægra raforkuverðs en þekkist erlendis. Þar eru blikur á lofti og telja ýmsir að ef orkupakki 3 verður samþykktur sem hluti af innleiðingu á EES-regluverkinu, þá muni það óhjákvæmilega leiða til hærra orkuverðs.

*Fullkomin Lely mjólkurvinnslustöð heima á býli*

Fullvinnsla á mjólk heima á kúabúunum er tækni sem Lely er í lokafasa að þróa. Þessi búnaður hefur fengið nafnið Lely Orbiter. Tveir íslenskir kúabændur hafa að sögn Stefáns verið að skoða möguleika þessa búnaðar. Í honum er mjólkin gerilsneydd, fitusprengd og fullunnin og pökkuð í fernur eða á flöskur heima á býli. Stefán segir að Lely Orbiter sé enn ekki kominn í sölu og alls óvíst hvort sá búnaður verði boðinn til sölu á Íslandi enn sem komið er.

„Ég lít svo á að afkoma bænda muni alltaf snúast um það hversu langt í framleiðsluferlinu þeir komast heima hjá sér. Þannig að virðisaukinn verði sem mestur eftir á búinu. Það eru allir að kalla eftir örsláturhúsum í dag því sauðfjárbændur eru rukkaðir um ótrúlegt gjald ef þeir vilja taka eigið kjöt úr sláturhúsum til fullvinnslu heima. Þetta er víða verið að gera erlendis en má ekki hérlendis. Ef menn ætla að halda í sauðfjárrækt hér á landi þá verður að fara að endurskoða þetta.

Í mjólkurframleiðslunni eru fjölmargir bændur sem eflaust gætu selt mun meira af heimaframleiðslu til ferðamanna en nú er gert. Í framtíðinni hlýtur það að teljast hagkvæmara að selja mjólkina sem næst framleiðslustað í stað þess að keyra með mjólkina í og úr vinnslu langar leiðir,“ segir Stefán Bragi Bjarnason.

### Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands:

# Stefnt að fjölgun félaga

## – Sama stjórn situr áfram



Geitahangikjöt. Myndir / Guðni Ársæll Indriðason



Anna María Flygenring er formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Mynd / úr einkasafni



Geitarúllukjöt á crostini með steinseljurótarmæjó og sýrðum rauðlauk.



Flatkaka með léttreyktu geitakjöti, geita ferskosti og skyrkremi.

**Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands var haldinn 23. mars í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Að sögn Önnu Maríu Flygenring formanns er mikil gróska í félaginu. Hún segir að talsvert hafi verið rætt á fundinum um leiðir til að ná til þeirra geitabænda sem ekki eru í félaginu, sem væri nauðsynlegt til að styrkja starfið.**

Anna María segir að engin breyting verði á stjórn félagsins og áfram sitja þau Guðni Ársæll Indriðason, Anna María Lind Geirsdóttir, Birna Kristín Baldursdóttir og Guðný G. Ívarsdóttir. „Ný stjórn á eftir að funda og skipta með sér verkum, en ég vona að verkaskiptingin verði bara eins og hún er því hún hefur reynst vel,“ segir Anna María.

#### *Alþjóðleg skráning og skýrsluhald fyrir íslenska geitfjárkynið*

Að sögn Önnu Maríu lagði Ólafur Dýrmundsson tillögu fyrir fundinn um skýrsluhaldsforritið Heiðrúnu, sem fundarmenn samþykktu. Þar er stjórn Geitfjárræktarfélags Íslands falið að beita sér fyrir endurskoðun og framþróun Heiðrúnar þannig að það verði bæði aðgengilegt og nýtilegt öllum eigendum íslensku geitarinnar. Við endurskoðunina verði hugað að litaskráningu, bæði á litum og litaafbrigðum – og leitað sérfræðiaðstoðar eftir þörfum.

Þá er í tillögunni þeim tilmælum beint til Bændasamtaka Íslands að skýrsluhaldskerfið skuli þróað á þann veg að það nýtist til alþjóðlegrar skráningar.

#### *Aukið verðmæti geitaafurða*

Anna María segir að félagið hafi átt í áhugaverðu samstarfi við Matarauð Íslands, sérfræðinga á vegum Matís og Hótel- og matvælaskólann, þar sem verkefnið væri að bæta geitakjötsmat og efla þekkingu kjötvinnslumanna á vinnslu geitakjöts. Tilgangurinn sé að auka verðmæti geitaafurða. „Það var eins konar uppskeruhátíð þessa samstarfs á dögunum í Hótel- og matvælaskólanum, þar sem saman komu aðilar frá þeim sem lögðu til kjöt í rannsóknir Matís á innihaldi geitakjöts, kjötiðnarmenn og fjölmennt lið kokkanema, þjónanema, stjórnar GFFÍ, Matísmanna og verkefnastjóra Matarauðs Íslands. Vel var að verki staðið þar og bornir fram alls kyns réttir, allir úr geitakjöti en ýmsu öðru bætt við eftir hugmyndaflugi nemanna.

Það er mikil lyftistöng fyrir geitabændur að fá þetta upp í hendurnar, því að allt svona er gríðargóð kynning á afurðunum. Allir réttirnir brögðuðust feikna vel. Uppskriftirnar má finna á vef Matarauðs Íslands (mataraudur.is).“ /smh

---

### Aðalfundur framleiðenda í lífrænum búskap:

# Ályktað um hlutverk lífræns landbúnaðar í matvælastefnu fyrir Ísland og í styrkjakerfi landbúnaðarins



Ný stjórn VORs, félags framleiðenda í lífrænum búskap og fullvinnslu. Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Ytri-Fagradal, Guðfinnur Jakobsson, Skaftholti, Eygló Björk Ólafsdóttir, Vallanesi og Guðmundur Ólafsson frá Neðra-Hálsi. Á mynd vantar Kristjáns Oddsson, Neðra-Hálsi. Mynd / VOR

**Aðalfundur VORs, félags framleiðenda í lífrænum búskap og fullvinnslu, var haldinn 3. apríl á Hótel Sögu. Fyrir hádegi voru hefðbundin aðalfundarstörf en eftir hádegi var ráðstefna. Tvær ályktanir voru samþykktar á fundinum; önnur um matvælastefnu fyrir Ísland, þar sem því er beint til verkefnisstjórnar um mótun stefnunnar að stuðningur sé tryggður við útbreiðslu lífrænnar ræktunar á Íslandi. Í hinni er hvatt til þess við endurskoðun búvörusamninga að lífrænn landbúnaður verði stóraukinn með almennum hvötum í styrkjakerfinu.**

Áfram í stjórn sitja þau Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður frá Vallanesi, Guðmundur Ólafsson ritari frá Búlandi, Kristján Oddsson gjaldkeri frá Neðra-Hálsi, og Guðfinnur Jakobsson meðstjórnandi frá Skaftholti. Ný í stjórn er Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Ytri-Fagradal, sem kemur inn fyrir Þórð G. Halldórsson, Akri. Að sögn Eyglóar er líklegt að sama verkaskipting verði í stjórninni en reglan sé að stjórn skipti með sér verkum. Hún segir að helstu tíðindin af fundinum, fyrir utan ályktanirnar, séu að samþykkt hafi verið að fela stjórn að stuðla að stofnun fagráðs í lífrænum búskap og standa vonir til að það verði hægt fyrir sumarið.

#### *Ályktun um matvælastefnu fyrir Ísland*

Í ályktuninni um matvælastefnu fyrir Ísland segir að félagið beini því til verkefnastjórnar um mótun matvælastefnu fyrir Ísland að gera ráð fyrir vaxandi hlutdeild lífrænnar matvælaframleiðslu og tryggja að stefnan styðji við útbreiðslu lífrænnar ræktunar á Íslandi. Markviss áætlun, til að mynda um umfang vottaðs ræktaðs lands, ætti að vera þáttur í matvælastefnu fyrir Ísland nú á tímum loftslagsbreytinga; að stjórnvöld setji sér markmið að 25 prósent af íslenskum landbúnaði verði orðinn lífrænn árið 2030 – og vinni ötullega að því markmiði.

Í greinargerð með ályktuninni segir að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé kveðið á um að unnin verði matvælastefna fyrir Ísland og í ágúst síðastliðinn hafi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skipað starfshóp til að vinna að þessu máli. „Lífræn framleiðsla á Íslandi hefur átt undir högg að sækja og stöndum við langt að baki þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

VOR, Verndun og ræktun – félag framleiðenda í lífrænum búskap bendir á vaxandi mikilvægi lífrænnar ræktunar í heimi þar sem umhverfisvá er sífellt stærri ógn fyrir líf á jörðinni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að lífræn ræktun bindur mjög mikið kolefni í jarðvegi og jafnast þar á við skógrækt. Sýnt hefur verið fram á að ef öll framleiðsla heimsins væri lífræn myndi það binda allt kolefni sem mannkyn losar og gott betur. Þar með er sú losun sem verður til við framleiðslu tilbúins áburðar, eiturs og ýmiss konar varnarefna fyrir landbúnað en það er bannað í lífrænni ræktun.

Í lífrænni ræktun eru strangari reglur um lyfjanotkun en almennt gerist, hvort sem er í akuryrkju eða búfjárrækt auk þess er bönnuð hverslags notkun á erfðabreyttum lífverum. Því má reikna með að mun minni hætta sé á að upp byggist lyfjaónæmar bakteríur í búfjárstofnum sem í dag er talin ein helsta vá sem að mannkyni steðjar. Í lífrænni akuryrkju er jarðvegurinn og heilbrigði hans undirstaðan í ræktuninni og allt gert til að halda vistkerfinu undir og yfir yfirborðinu sem öflugustu. Þannig fást hollar og næringarríkar afurðir sem ætti að vera skylda okkar að bera á borð fyrir uppvaxandi kynslóðir og stuðla þannig að heilbrigði.

Víða á landinu liggur mikið magn lífræns úrgangs sem ekki er nýtt og jafnvel urðað. Koma þarf á opinberum hvata til nýtingar á þessu hráefni og koma þannig í veg fyrir sóun. Þarna liggur stórt tækifæri þar sem lífræn ræktun getur verið í meginhlutverki og um leið dregið úr innflutningi á tilbúnum áburði. Um leið getur þetta skipt meginmáli í eflingu byggða um allt land þar sem saman fara fjölskyldubú með dýravelferð, hreinleika og sjálfbærni að leiðarljósi,“ segir í greinargerðinni.

#### *Útbreiðsla lífrænna afurða einna minnst hér*

Í ályktuninni um styrkjakerfi landbúnaðarins segir að afurðir úr lífrænni ræktun njóti vaxandi hylli neytenda víða um heim og sé útbreiðsla slíkra búskaparhátta mjög hröð, en hér á landi sé hún einna minnst meðal Evrópulanda. „Á undanförnum árum hafa fjölmargar rannsóknir komið fram sem sýna fram á að lífræn ræktun getur lagt mikið til loftslagsmála. Ástæðan er m.a. sú að jarðvegur í lífrænni ræktun virðist binda mun meira $CO_2$ en þar sem tilbúinn áburður er notaður (sjá m.a. rannsókn Rodale Institute). Lífræn ræktun hefur sjálfbærni sem markmið í víðum skilningi og stuðlar að hreinleika jarðvegs, grunnvatns og sjávar þar sem notkun eiturefna og tilbúins áburðar er ekki leyfð.

Beinan stuðning við lífrænan landbúnað á Íslandi er einungis að finna í formi aðlögunarstuðnings við nýja framleiðendur og nemur hann 34 milljónum króna á ári. Í hlutfalli við heildarstuðning við landbúnað nemur sú upphæð einungis 0,25% af árlegum heildarstuðningsgreiðslum landbúnaðarins.

Aðalfundur VOR beinir því til yfirvalda að endurskoða áherslur í stuðningskerfi landbúnaðarins með það að markmiði að ráðstöfun fjármagns sé í takt við áskoranir nútímans og styðji í auknum mæli við ótvírætt sjálfbærar framleiðsluaðferðir líkt og vottaður lífrænn landbúnaður felur í sér,“ segir í ályktuninni. /smh

# Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.

Akureyri | Akranes | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkrókur | Selfoss

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is





HELGAFELL FASTEIGNASALA

s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is

Hólmar Björn Sigþórsson
löggiltur fasteignasali
gsm 893 3276




## Veitingastofan T-bær til sölu.

Um er að ræða 100 fm veitingahús,1 hektara eignalóð ásamt tjaldstæði í fallegri náttúru í Selvogi, Ölfusi. Staðurinn er stutt frá hinni frægu Strandarkirkju sem er afar vinsæl, ekki síst hjá ferðamönnum. Norðurljósin hafa haft mikið aðdráttarafl. Miklir möguleikar eru á að auka við núverandi rekstur, t.d. með gistiaðstöðu ofl.

Eignin er á góðum og fallegum stað, 60 km frá Reykjavík, og gæti einnig vel nýst sem sumarhús til einkanota.

**Eign sem vert er að skoða.**

**Verð 34.9 milljónir.**

**Nánari upplýsingar og sýningu á eigninni annast Hólmar Björn Sigþórsson löggiltur fasteignasali og félagsmaður í Félagi fasteignasala s. 893-3276 eða með tölvupósti: holmar@helgafellfasteignasala.is**






SPECTRA PRECISION LASER

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

ÍSMAR
SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100 / ISMAR.IS





**Greinakurlari**
15hp bensínmótor fyrir allt að 100mm greinar.

**Bensínhjólbörur**
B&S 7.5 hp mótor með drifi á öllum.

Einnig fyrirliggjandi járn girðingastaurar og 6 strengja net á góðu verði.

Vír og lykkjur ehf
s. 772-3200
viroglykkjur.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



# FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

4MOTION



Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm togi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

**Volkswagen Amarok**
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.

**Volkswagen Crafter**
verð frá **6.220.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

**Volkswagen Caddy**
verð frá **2.870.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

**Volkswagen Transporter**
verð frá **4.590.000 kr.**

Atvinnubílar

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ


Borðeyri við Hrútafjörð. Mynd / HKr.

# Tíu mánaða bið eftir staðfestingu ráðherra

**Mennta- og menningarmálaráðherra hefur enn ekki skrifað undir staðfestingu á því að hluti Borðeyrar verði verndarsvæði í byggð en tíu mánuðir eru liðnir frá því sveitarstjórn Húnaþings vestra óskaði eftir því.**

Þann 19. maí 2018 samþykkti sveitarstjórn að hluti Borðeyrar verði verndarsvæði í byggð vegna menningarsögulegs gildis og ásýndar svo auðveldara verði að vernda sérkenni byggðakjarnans í komandi skipulagsvinnu. Þann 30. maí óskaði sveitarfélagið eftir staðfestingu mennta- og menningarmálaráðherra, eins og kveðið er á um í lögum að þurfi að gera.

Í millitíðinni hefur Minjastofnun sent inn sína umsögn og mælir stofnunin með staðfestingu. Töfin hefur hamlað skipulagsvinnu á Borðeyri og uppbyggingu ferðaþjónustu í Hrútafirði, að því er fram kemur í fundargerð byggðarráðs Húnaþings vestra.

Byggðarráð Húnaþings vestra harmar þessi vinnubrögð og hvetur ráðherra til að klára málið sem fyrst. Þetta kemur fram á fréttavefnum huni.is. /MÞÞ

## Náttúrugripasafnið í Neskaupstað:
# Útbúa steinahelli í safninu

**Unnið er að því að gera helli inni í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað þar sem hluti steinasafnsins verður sýndur með lýsingu og skemmtilegri framsetningu.**

Það var franski rýmishönnuðurinn Valentin Sanitas sem átti hugmyndina og Unnur Sveinsdóttir vinnur nú að skemmtilegri útfærslu á hellinum. Ráðgert er að hann verði tilbúin þegar Safnahúsið í Neskaupstað opnar í vor. Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað styrkir verkefnið. Þetta kemur fram á vefsíðu Náttúrustofu Austurlands. /MÞÞ


**Unnið er að því að gera helli í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað.**


Börn í leikskólanum Álfasteini tóku fyrstu skóflustungu að stækkun leikskólans, en ljóst er að þörf verður fyrir meira rými á leikskólanum samhliða fólksfjölgun í Hörgársveit. Mynd / Karl Eskil

## Framkvæmdir hafnar við nýtt svæði við Lónsbakka í Hörgársveit:
# Um 100 nýjar íbúðir á næstu árum

**Framkvæmdir standa yfir við gatnagerð og lagnavinnu á þéttbýlissvæðinu við Lónsbakka í Hörgársveit, skammt norðan Akureyrar, en samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var á liðnu ári er gert ráð fyrir að það svæði stækki verulega. Samkvæmt skipulagi verða um 100 íbúðir á þessu nýja byggingarsvæði.**



**Framkvæmdir eru hafnar við nýtt íbúðasvæði í þéttbýlinu við Lónsbakka í Hörgársveit. Fyrsta skóflustunga var tekin á dögunum, en frá vinstri eru Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri, Axel Grettisson oddviti, María Albína Tryggvadóttir og Jón Þór Benediktsson, sem sæti eiga í sveitarstjórn.** Mynd / MÞÞ

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, segir að áætlun gangi út á að jarðvegsvinnu ljúki þegar kemur fram á sumar, í júní næstkomandi, og að stefnt sé að því að byggingarhæfar lóðir fyrir um 50 íbúðir verði tilbúnar á þeim tíma. „Það verður byrjað að byggja á svæðinu um leið og lóðir verða tilbúnar," segir hann.

### *Áhuginn var strax mikill*

Fulltrúar Hörgársveitar kynntu áform um þetta nýja byggingarsvæði síðastliðið haust og fengu að sögn Snorra þá þegar sterk viðbrögð. „Það kom snemma í ljós að áhugi fyrir svæðinu var mikill og við erum ánægð með það," segir hann. Þegar er búið að úthluta nokkrum lóðum á svæðinu, öllum til byggingaverktaka, en þar er um að ræða 6 parhúsalóðir með alls 12 íbúðum, þremur raðhúsalóðum með 18 íbúðum og einnig þremur fjölbýlishúsalóðum með 14 til 28 íbúðum. Þá segir Snorri að ein raðhúsalóð fyrir 5 íbúðir sé laus og í auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

### *Á annað hundrað nýir íbúar*

„Gangi öll okkar áform eftir með 1. áfanga þessa verkefnis má áætla að á annað hundrað nýir íbúar hafi bæst við sveitarfélagið á næstu tveimur árum. Við erum sannfærð um það hér í Hörgársveit að þeir byggingaverktakar sem eru í startholum að hefja hér byggingaframkvæmdir séu með sölulegar íbúðir sem henta breiðum hópi fólks," segir Snorri. Mikil íbúafjölgun varð í sveitarfélaginu árið 2018, í upphafi þess árs voru þeir 580 en nú í ársbyrjun 2019 voru þeir 624 talsins, hefur fjölgað um 44 íbúa eða 7,6%, sem er með því mesta hér á landi. Snorri segir að framhaldið, þ.e. hvenær hafist verði handa við næsta áfanga í Lónsbakkahverfinu, ráðist af viðtökum, svæðið sé til staðar og skipulag fyrir fjölbreyttar húsagerðir.

### *Þörf fyrir að stækka leikskólann*

Snorri segir að byggja þurfi upp þjónustu samhliða fólksfjölgun, en þegar eru hafnar framkvæmdir við viðbyggingu við leikskólann Álfastein. „Það er ljóst að þörf fyrir meira rými á leikskóla verður fyrir hendi strax núna í sumar og við erum að bregðast við því," segir hann, en jafnvel gera menn ráð fyrir að ráðast þurfi í aðra stækkun á leikskólanum á árinu 2020. „Það mun fara eftir íbúasamsetningu í nýju götunum." Snorri segir að húsnæði í Þelamerkurskóla sé á hinn bóginn nægjanlegt og þar þurfi ekki að grípa til ráðstafana, í það minnsta ekki fyrst um sinn.

### *Skoða breytingar á skipulagi á Hjalteyri*

Tveir þéttbýlisstaðir eru í Hörgársveit, sá við Lónsbakka sem er við bæjarmörkin við Akureyri og annar á Hjalteyri. Á liðnu ári var einnig gengið frá nýju deiliskipulagi fyrir Hjalteyri og þar er að sögn Snorra talsvert af nýjum einbýlishúsalóðum sem hafa verið auglýstar.

Eftirspurn hefur verið mjög dræm og segir hann því að verið sé að skoða breytingar á skipulaginu svo auka megi úrval húsagerða á þessu svæði. „Við erum líka að skoða hvort þetta svæði á Hjalteyri geti fallið að átaki sem hrinda á af stað í samvinnu Íbúðalánasjóðs og Hörgársveitar auk 6 annarra sveitarfélaga um að efla íbúðabyggingar á landsbyggðinni," segir Snorri. Í þeim efnum er líka til skoðunar hvort nýta megi heimavistarhús að Laugarlandi á Þelamörk sem staðið hefur nær ónotað undanfarin misseri. „Við sjáum fyrir okkur að þar sé möguleiki á að koma fyrir nokkrum smærri íbúðum á mjög góðum og glæsilegum stað," segir hann. /MÞÞ


VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is


Bændablaðið kemur næst út 2. maí

# Veruleg aukning umferðar á Hringvegi

**Umferðin á Hringveginum jókst verulega í febrúar, eða um tæp 16%. Í sama mánuði í fyrra dróst umferð saman þannig að munurinn er mikill þegar þessir tveir mánuðir eru bornir saman. Umferðin á Hringvegi er nokkuð sveiflukennd en fyrstu tvo mánuði ársins nemur aukningin 10,6 prósentum sem er mjög mikið.**

Aldrei hafa mælst fleiri ökutæki, sem ekið hafa yfir 16 lykilteljara Vegagerðarinnar á Hringvegi, í febrúar en mælaniðurstöður segja að umferðin hafi aukist um 15,8% í nýliðnum mánuði borið saman við sama mánuð á síðasta ári. Þessi mikla aukning kemur aðeins á óvart en þess ber þó að geta að á síðasta ári dróst umferðin saman um 2,6% í sama mánuði miðað við árið þar á undan. Þetta kemur fram í frétt á vef Vegagerðarinnar.

Þar segir einnig að mest hafi umferð aukist yfir teljarasnið á Vesturlandi, eða um rúmlega 22%, en 1,4% samdráttur varð í umferð um teljarasnið á Austurlandi.

Af einstaka sniðum jókst umferðin mest undir Hafnarfjalli, eða um 22,9%, en Hvalfjarðargöng fylgja þar fast á eftir með 22,7% aukningu. Þó enn sé of snemmt að segja til um það þá er mögulegt að ökumenn séu ef til vill að nýta sér Hvalfjarðargöng meira eftir að gjaldtöku var hætt. Mest dróst umferðin hins vegar saman um mælisnið á Mývatnsöræfum, eða um 8,9%.

Umferð hefur aukist um 10,6% fyrir teljarasniðin 16, þegar janúar- og febrúarumferð hefur verið lögð saman. Þetta er mun meiri aukning en á sama tíma á síðasta ári en þá hafði umferðin aðeins aukist um 1,5%. */MÞÞ*

SANDBLÁSTUR - GLERBLÁSTUR - SÓDABLÁSTUR - PÓLÝHÚÐUN - RYÐVARNIR - MÁLUN
BLÁSTUR.IS
MARGRA ÁRATUGA REYNSLA Í SANDBLÆSTRI



Áratuga reynsla í yfirborðshreinsun á bílahlutum og bílaboddýum, vélum og vélahlutum, traktorum, felgum, mótorhjólum, mannvirkjum, skipum, pottofnum, húsgögnum og fleira.
VIÐ BLÁSUM NÝJU LÍFI Í HLUTINA!
SÍMI 555-6005 - BLASTUR@BLASTUR.IS - HELLUHRAUN 6, 220 HFJ



Árni Kristinsson, verslunarstjóri Skagfirðingabúðar og Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri verslunar- og þjónustusviðs KS.

## Skagfirðingabúð: Sjálfsafgreiðsla

**Kaupfélag Skagfirðinga býður nú viðskiptavinum þann valkost að afgreiða sig sjálfir í Skagfirðingabúð á Sauðárkróki en mannaðir afgreiðslukassar verða áfram í versluninni.**

„Þegar við vorum að huga að nýju afgreiðslukerfi fyrir verslanir okkar ákváðum við að heimsækja fjölda verslana hér á landi og erlendis og kanna hver framtíðarmúsíkin væri í þessum efnum. Á endanum ákváðum við að taka upp afgreiðslukerfi frá Advania og setja upp sjálfsafgreiðslukassa sem valkost fyrir þá sem vilja. Markmiðið er að þeir losi um raðir á álagstímum, svo sem í hádeginu og seinni part dags. Með þessu breytist hlutverk afgreiðslufólks og það öðlast nýtt og fjölbreyttara hlutverk. Það getur varið tíma sínum í að þjónusta viðskiptavini, fylla á vörur og hlúa að versluninni," segir Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri verslunar- og þjónustusviðs.

### *Þrjár dagvöruverslanir*

Kaupfélag Skagfirðinga rekur byggingavöruverslun, bílabúð og þrjár dagvöruverslanir í Skagafirði. Sjálfsafgreiðslubúnaðurinn var settur upp í Skagfirðingabúð í nóvember sl. og fer vel af stað. Hann er framleiddur af NCR sem er leiðandi á heimsmarkaði í afgreiðslulausnum.

„Kaupfélag Skagfirðinga hefur verið mjög lengi í verslunarrekstri. Við viljum fylgja tækninni í þessu eins og öðru sem við erum í. Við ætlum hins vegar að byrja hægt og prófa okkur áfram. Við viljum vera framsækin og hugsa til langs tíma," bætir Marteinn við. */MHH*



FRUM - www.frum.is

CLAAS dráttarvélar – Augljós valkostur

Fjölbreytt lína CLAAS dráttarvéla frá 75 til 530 hestöfl tryggir bændum og verktökum vél við sitt hæfi.
Ríkulegur staðalbúnaður og aukabúnaður sniðin að þörfum hvers og eins.
Hafið samband við sölumenn okkar og kynnið ykkur framúrskarandi nýjungar í CLAAS línunni.



- CLAAS Arion 510-550
- 125-165 hp 4 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 150 l LS vökvaflæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS Arion 610-660
- 135-205 hp 6 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 120 – 150 l LS vökvaflæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS Axion 810-960
- 205-445 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 220 l LS vökvaflæði



- CLAAS Arion 410-460
- 90 - 140 hestöfl. Quadrishift eða Hexashift
- Panoramic ökumannshús
- Framúrskarandi aðbúnaður og útsýni
- 60 l - 110 l LS vökvaflæði

CLAAS
VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is




Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns Véla ehf., við nýja Massey Ferguson dráttarvél en það merki hefur verið á toppnum í dráttarvélasölunni á Íslandi í fjölda ára. Mynd /HKr.

## Jötunn Vélar á Selfossi lifði af hremmingar efnahagshrunsins og á 15 ára afmæli þann 20. apríl:

# Ef okkur tekst öllum að stefna í sömu átt, þá er mjög bjart fram undan í íslenskum landbúnaði

### – segir Finnbogi Magnússon framkvæmdastjóri og telur að við séum að komast út úr óvissuástandi í efnahagslífinu



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Jötunn Vélar ehf. á Selfossi á 15 ára afmæli þann 20. apríl næstkomandi og þótti því við hæfi að taka hús á framkvæmdastjóranum, Finnboga Magnússyni, sem einnig er stærsti hluthafinn í fyrirtækinu.**

„Grunnurinn að stofnun Jötuns Véla var lagður 1. mars 1999 þegar fyrirtækið Búvélar var keypt. Áður höfðum við verið byrjaðir að vinna aðeins að innflutningi véla hjá fyrirtækinu Bílfoss en Bílfoss varð einn að eigendum Búvéla,“ segirFinnbogi.

„Að því kom líka Vélsmiðja KR sem var í þessu sama húsi við Austurveg 69 á Selfossi. Síðar þetta sama ár keypti Kaupfélag Árnesinga fyrirtækið Bújöfur af Þorgeiri og kemur með þá hugmynd að sameina þetta allt saman. Varð þá til fyrirtækið Bújöfur Búvélar. Þannig var það til ársins 2004 þegar Kaupfélagið lendir í töluvert miklum fjárhagsvanda og fer í nauðungarsamninga. Á þeim tímapunkti stofnum við Jötunn Vélar og kaupum Bújöfur Búvélar út úr þessum pakka. Inn í þetta rann líka hluti véladeildar IH sem okkur var þá boðinn til kaups. Var Jötunn Vélar stofnað 20. apríl 2004.“

### *Undir hatti eignarhaldsfélagsins Skógár*

Á bak við starfsemi Jötuns og tveggja systurfélaga í dag er eignarhaldsfélag sem heitir Skógá þar sem hluthafar eru 23 talsins. Stærstu hluthafarnir með samtals um 70% eignarhluti eru Finnbogi Magnússon, Vélaverkstæði Þóris og Sel ehf. í Hofstaðaseli í Skagafirði. Tengdir aðilar og aðrir starfsmenn eiga síðan samtals um 30% í fyrirtækinu.




Fjórir af kjarnastarfsmönnum Jötuns Véla sem gáfu sér tíma til að líta upp úr verkefnum dagsins. Létu þeir ekki smá haglél á sig fá rétt á meðan myndin var tekin. Talið frá vinstri: Össur Björnsson, Oddur Guðni Bjarnason, Tómas Guðmundsson og Helgi Jóhannsson. Mynd / HKr.

Nú er fyrirtækið með starfsemi á þrem stöðum á landinu, á Selfossi, þar sem höfuðstöðvarnar eru, við Sólvang 5 á Egilsstöðum og á Lónsbakka á Akureyri. Auk þess er starfsemi systurfyrirtækisins Vinnuvéla á Esjumelum norðan við Mosfellsbæ.

### *Mjög lítil starfsmannavelta*

„Starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt, en mjög lítið hefur verið um að fólk hafi hætt hér störfum ef menn hafa á annað borð fundið taktinn með okkur. Það eru því margir úr starfsmannahópnum búnir að vinna hér þessi fimmtán ár og unnu áður hjá Bújöfri Búvélum áður en Jötunn varð til. Starfsmannaveltan er því mjög lítil og má segja að í því liggi ein af okkar mestu verðmætum. Stöðugleiki í mannskap skiptir gríðarlega miklu máli því að í svona fyrirtæki býr mikil sérþekking á mörgum sviðum.“

### *Um 1.600 milljóna velta féll niður í 700 milljónir í hruninu*

Finnbogi segir að fyrirtækið hafi vaxið ört og á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 hafi veltan verið komin upp í 1.600 milljónir króna. Í þeim skell sem hrunið olli með nær algerri stöðnun í sölu á nýjum tækjum féll veltan niður í 700 milljónir króna.

### *Neituðu að gefast upp þótt við nær ókleifan múr væri að eiga*

„Má segja að á einni nóttu hafi fótunum verið kippt undan okkur. Vorum við þá í raun hvattir til þess að láta fyrirtækið bara fara sína leið í þrot, enda virkuðu skuldir þess þá sem ókleifur múr að eiga við enda voru um 90% skuldanna í erlendri mynt. Það sem verra var að tekjur dugðu engan veginn til að halda starfseminni gangandi.

Við ætluðum ekki að gefast upp og samstaðan í hópnum var mikil. Gíruðum við fyrirtækið niður og endurskoðuðum alla okkar uppbyggingu um leið og við leituðum nýrra leiða til af afla tekna.“

*– Hvað með tækjabúnað sem þið áttuð þá á lager, tókst ykkur að afsetja hann?*

„Við afsettum hann bara smám saman, en þurftum samt ekki að senda nein ný tæki úr landi. Hins vegar fórum við í að selja úr landi gamla Benz vörubíla, dráttarvélar og önnur tæki og hjálpuðum þar af leiðandi okkar viðskiptavinum við að búa til pening og losa um eignir. Í þessu voru alls konar gömul tæki sem menn höfðu aflagt og ekki var mikil eftirsjá í og hefðu ekki getað selst hér innanlands.

Í hruninu settum við undir okkur hausinn og ákváðum að taka bara einn dag í einu og leita allra leiða til að halda starfseminni gangandi. Við skárum niður allan kostnað eins og við gátum og áttum í mjög góðu samstarfi við okkar lánardrottna á þessum tíma. Þeir treystu okkur og gáfu okkur slaka og þannig tókst okkur að vinna okkur í gegnum þessar verstu brekkur. Þess má geta að allir okkar keppinautar, nema Þór hf., skiptu um kennitölur í hruninu sem og stór hluti annarra innflutningsfyrirtækja í landinu. Vissulega hefði lífið verið einfaldara hefðum við valið þá leið að láta fyrirtækið rúlla yfir, en við tókum þá ákvörðun að berjast áfram og sjáum ekkert eftir því. Við erum enn að eiga við hluta þessara skulda og eigum kannski tvö til þrjú ár eftir til að klára það sem eftir er.“

### *Hafa aukið veltuna úr 700 milljónum 2008–2009 í 3.000 milljónir*

„Frá hruni höfum við náð að auka veltuna úr 700 milljónum og er hún nú komin upp í rúma þrjá milljarða króna. Við erum því tvöfalt stærri en við vorum fyrir hrun og fjórfalt stærri en fyrstu tvö árin eftir hrun. Þá erum við með um 45% markaðshlutdeild í sölu dráttarvéla og vélbúnaðar til bænda.

Starfsemin byggist á því að við lítum á okkur sem alhliða þjónustufyrirtæki við bændur og er okkur í raun ekkert óviðkomandi varðandi það sem bændur eru að fikta við. Við höfum reynt að vera leiðandi á mörgum sviðum og vorum það t.d. í heilfóðurkerfunum þar sem við vorum brautryðjendur. Við höfum líka verið leiðandi

varðandi nýjar lausnir í jarðvinnslu og ýmislegt fleira.

Við höfum reynt að hjálpa mönnum inn á nýjar brautir og þegar slíkt hefur tekist hefur það um leið opnað ný viðskiptatækifæri. Við höfum líka prófað ýmislegt sem ekki hefur gengið upp.

Við höfum litið svolítið á það sem okkar hlutverk sem leiðandi fyrirtækis að vera fyrstir á markaðinn með nýjungar. Þá að gera prufur með ýmsa hluti á okkar kostnað sem hugsanlega gætu nýst okkar viðskiptavinum. Stundum eru það hugmyndir frá okkur sjálfum og stundum frá okkar viðskiptavinum sem okkur líst vel á og reynum þá að taka þátt í að framkvæma.“

*Byggðu um 20 hús fyrir hrun í gegnum Steel Building Ísland*

*– Þið hafi líka fengist við að útvega efni og reisa fjós og aðrar byggingar, hvað liggur þar að baki?*

„Við byggðum um 20 hús á árunum fyrir hrun. Það var í gegnum systurfélag okkar sem hét Steel Building Ísland. Við afhentum í kringum 20 stálgrindahús af ýmsu tagi, fjós, fjárhús og reiðhallir. Vorum við þar í samvinnu við félag í Ameríku sem hét Steel Building og þaðan var nafnið komið. Þegar hrunið kom þurrkaðist þessi markaður upp og settum við þá starfsemi á „hold“.

*Steel Building Ísland heitir nú Jötunn byggingar*

„Fyrir tveimur árum byrjuðum við að fikta við þetta aftur og þá á gömlu kennitölu Steel Building Ísland sem nú heitir Jötunn byggingar og er í 100% eigu Skógár. Þar störfum við nú með evrópskum framleiðendum þar sem verðið á húsum þaðan er hagkvæmara í dag en frá N-Ameríku.

Á síðasta ári byggðum við fjós á Hraunkoti við Klaustur. Við byggðum einnig varphænuhúsin á Hranastöðum í Eyjafirði og nautafjósið hjá Bessa Frey Vésteinssyni og Sólu [Sólrúnu Ingvadóttur] í Hofsstaðaseli í Skagafirði er frá okkur. Nú erum við að vinna að undirbúningi á nýjum verkefnum sem sum eru frágengin og önnur í lokaferli.“

*Bjóða smáhýsi og einbýlishús úr forsmíðuðum einingum*

„Annar angi í þessari byggingastarfsemi eru smáhýsi sem við höfum verið að bjóða til sölu. Þetta eru 20–80 fermetra hús og allt upp í heil íbúðarhús sem byggja öll á forsmíðuðum einingum úr timbri sem smíðaðar eru í Litháen. Smáhýsin koma fullbúin með húsgögnum og öllum búnaði.“

Finnbogi segir að þessi einingahús séu að öllu leyti smíðuð samkvæmt íslenskum kröfum og íslenskum stöðlum, hvað varðar einangrun og aðra þætti. Þá sé timbrið gæðavottað og aðeins með 12% rakainnihald þegar húsin eru smíðuð. Í þessum húsum er efnið því oft vandaðra en menn geta keypt hérlendis við húsasmíði. Í húsunum er vínylparket á gólfunum sem er með dýrari gólfefnum sem völ er á.

„Þarna erum við mikið að horfa til þarfa ferðaþjónustunnar og hefðbundinna sumarhúsa. Þessar einingar eru ódýrar í samanburði við að byggja hús frá grunni á staðnum. Þarna erum við líka að bjóða upp á lítil hús sem eru stækkanleg upp í kannski 80 fermetra. Þau geta einnig hentað vel þar sem kynslóðaskipti eru að fara fram í búskap. Þá geta menn sett niður svona hús á lausar undirstöður og þegar ekki er lengur þörf fyrir húsið er hægt að selja það og flytja í burtu.“

Segir Finnbogi að smá bakslag í þjóðfélaginu um þessar mundir hafi eflaust tímabundin áhrif á sölu smáhýsa, en framtíðarhorfurnar séu góðar og mikið af fyrirspurnum fyrir sumarið.



Jötunn Vélar og systurfyrirtæki þess, Jötunn byggingar og vinnuvélar eru með allt bókhald og umsýslu á einum stað og segir Finnbogi að það skili töluverðri hagræðingu í rekstri. Mynd / HKr.



Alls starfa 7 konur hjá Jötni Vélum. Hér eru fjórar þeirra, talið frá vinstri: Íris Ásdísardóttir, Fanney Magnúsdóttir, Guðný Pálmadóttir og Júlía Gunnarsdóttir. Mynd / FM



Magnús Maríasson er elsti starfsmaður Jötuns Véla. Hann er að verða 72 ára og keyrir daglega frá Reykjavík á Selfoss til vinnu í varahlutunum. Mynd / FM







Jötunn byggingar býður upp á 20–80 fermetra fullbúin smáhýsi sem koma til landsins í einingum frá Litháen. Þaðan er líka hægt að fá stærri sumarbústaði og íbúðarhús.

*Vildu taka þátt í að leysa húsnæðisvanda í Reykjavík*

Finnbogi segir að Jötunn byggingar hafi ætlað að taka þátt í útboði í Reykjavík þar sem hugmyndin var að leysa húsnæðisvanda þeirra sem minna máttu sín á ódýran hátt. Þar var horft til bygginga á 25 fermetra smáhýsum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir tilboðum á síðastliðnu hausti í slík hús fyrir velferðarsvið borgarinnar og voru útboðsgögn birt á vefnum 31. október 2018. Skila átti tilboðum 3. desember. Jötunn byggingar sendu inn tilboð ásamt 8 öðrum fyrirtækjum. Bauð Jötunn þar upp á fullbúin hús samkvæmt íslenskum stöðlum og með öllum búnaði á verði í kringum 7–8 milljónir króna með virðisaukaskatti. Lítið hefur síðan heyrst af málinu, en Finnbogi segir að borgin hafi dregið útboðið til baka með þeirri skýringu að borgin hygðist koma með eigin teikningar að slíkum húsum og efna til nýs útboðs.

*Byggja 5 íbúða raðhús á Hellu*

„Í dag erum við að byggja fyrir eigin reikning fimm íbúða raðhús á Hellu úr forsmíðuðum einingum. Þetta er tilraunaverkefni hjá okkur og munum við síðan selja þessi hús á almennum markaði. Ef þetta gengur vel, þá munum við skoða að byggja vönduð hús víðar á svæðum sem kalla á hagkvæmar lausnir við byggingu íbúðarhúsnæðis. Þarna er allur kostnaður þekktur svo framúrkeyrsla á ekki að eiga sér stað.

Fólk getur líka komið með teikningar til okkar af einbýlishúsi, raðhúsi eða hverju sem er og við gerum þá tilboð í það,“ segir Finnbogi.

*Fyrirtækið Vinnuvélar þjónustar sveitarfélög, golfvelli og verktaka*

„Þriðja fyrirtækið í Jötunssamsteypunni heitir Vinnuvélar og er staðsett á Esjumelum við Vesturlandsveg. Þar erum við að þjónusta sveitarfélög, golfvelli og vinnuvélaverktaka. Helstu vinnuvélaumboð þess fyrirtækis eru Bobcat og Doosan. Þetta fyrirtæki er sjálfstæð eining í eigu sömu aðila og Jötunn. Öll þessi félög deila samt bókhaldi og fyrir þau er einungis ein sameiginleg skrifstofa. Í því felst töluverð hagkvæmni. Allur innflutningur, bókhald, fjármálastjórn og annað fer fram í gegnum okkar skrifstofu hér á Selfossi.“

*Með á sjötta tug starfsmanna á annatímum*

Hjá Jötni Vélum starfa um 35 til 40 manns, misjafnt eftir árstíðum. Í Jötunn byggingum eru starfsmennirnir frá tveimur upp í kannski tíu eða tólf, allt eftir verkefnum. Hjá Vinnuvélum á Esjumelum starfa svo fimm manns. Heildar starfsmannafjöldinn undir hatti Jötunsfyrirtækja getur því verið vel á sjötta tuginn þegar mest er um að vera.

*Bjartsýni að aukist á ný eftir óvissu undanfarinna mánaða*

Finnbogi segir að fyrirtækið gangi vel í dag, þrátt fyrir að hafa þurft að glíma við skuldabagga hrunáranna, og hagnaður hafi verið af rekstri öll árin frá stofnun nema 2008 og 2009. Hann segir óvissuna undanfarna mánuði auðvitað hafa verið óþægilega og fólk hafi greinilega verið að bíða með ákvarðanir varðandi stærri fjárfestingar þangað til óvissu um kjarasamninga og WOW væri eytt. Nú séu komnar skýrar línur í þessi mál og ljóst sé að niðurstaða kjarasamninga sé mun hagfelldari fyrir þjóðfélagið en margir óttuðust og höggið af falli WOW væri líka mun minna en fólk hefði óttast. Eftir kvíða undanfarinna mánaða megi strax greina aukna bjartsýni í þjóðfélaginu.

„Þó hægt sé að finna ýmsar ógnanir fyrir þjóðina, þá er ansi margt sem vinnu með okkur. Við erum að sjá að þetta er ekki að fara eins illa og sumir óttuðust og við erum að fá öryggistilfinninguna aftur og frumkvöðlakraftinn sem er það sem gerir Íslendinga einstaka og hefur gert okkur kleift að vinna okkur hratt út úr stöðum sem stundum líta hálf vonlausar út, samanber tímabilið fyrst eftir hrun.“

*Gríðarlegir möguleikar í landbúnaði*

„Það eru gríðarlegir möguleikar í landbúnaði. Það góða við þessa erfiðu umræðu um hráakjötsmálið er að við erum að þétta raðirnar í landbúnaðinum og förum kannski að gera hlutina enn betur. Nú erum við meðal annars að fara að skerpa á merkingum matvæla og gerum meiri kröfur um að allt sé þar uppi á borðinu. Menn geri þar hreint fyrir sínum dyrum og dragi jafnvel úr innflutningi á kjöti til að markaðssetja betur og með skýrari hætti okkar eigin framleiðslu. Því íslenskir neytendur vilja almennt íslensk matvæli.

Hráakjötsmálið er því að skila okkur meiri meðvitund um hvar við þurfum að bæta úr.

Þarna sannast enn og aftur að það eru tækifæri í flestum aðstæðum sama hversu illa hlutirnir líta út. Jafnvel þó oft geti verið erfitt að finna þau tækifæri og breyta þeim í nýjan og spennandi veruleika.“

Ef okkur tekst öllum að stefna í sömu átt, þá held ég að það sé mjög bjart fram undan í íslenskum landbúnaði,“ segir Finnbogi Magnússon.

2004 - 2019
15 ÁRA AFMÆLI
25%
AFSLÁTTUR
af gleraugum í apríl*



Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN
* gildir ekki af ódýrum gleraugum á 19.900 kr. og 39.900 kr.

## Noregur:

# Kolsvört skýrsla um orkupakka 4

**Í Noregi hefur verið tekin saman ný skýrsla um það sem sagt er staðreyndir orkukerfis Evrópusambandsins, iðnaðinn og orkuverð. Byggir skýrslan, sem heitir „EUs energiunion, strømprisene og industrien“, á rannsóknum á skjalfestum gögnum, fjölmiðlaumfjöllun, viðtölum og samtölum við áhrifafólk í orkugeiranum.**




Í skýrslunni segir m.a. að mótun lagaramma fyrir sameiginlegt orkunet Evrópu sé nú lokið með gerð orkupakka 1 – 2 – 3 og 4. Lauk því ferli í desember 2018 sem samþykkt í ESB. Hefur þessi fjórði pakki verið sendur ríkisstjórn Noregs með það í huga hann verði felldur inn í EES-samninginn í kjölfar samþykktar Stórþingsins á orkupakka 3 í byrjun síðasta árs. Það er þó háð því að Ísland samþykki einnig innleiðingu á orkupakka 3.

### *Yfirþjóðlegt vald ACER staðfest*

Í skýrslunni segir að orkupakki 4 sé „**staðfesting á yfirþjóðlegum þætti orkustofnunar ACER**.“ Mun framkvæmdastjórnin fylgja eftir áætlunum aðildarlanda þess samnings um frekari virkjanir, orkunýtni og umskipti til nýtingar á endurnýjanlegum orkulindum.




**Í skýrslum ENTSO-E um sameiginlegan raforkumarkað Evrópu er raforka frá Íslandi alltaf höfð inni í myndinni.**

Markmið ACER er að tryggja heildarnettengingu milli landanna sem aðild eiga að sameiginlega orkuneti ESB í gegnum þessa samninga. Þessi óhefta tenging yfir landamæri kemur líka fram í skýrslum ENTSO-E [*European Network of Transmission System Oper ators for Electricity*] og í skýrslum EnR, [*European Energy Network*].

### *ACER tryggi óheft flæði ódýrrar raforku til landa með dýra orku*

ACER er ætlað að tryggja frjálst flæði orku frá svæðum með lágt raforkuverð yfir á svæði með hátt raforkuverð. Niðurstaðan verður samhæfður evrópskur raforkumarkaður, með enn hærra verði en verið hefur í Noregi. Orkunetinu er síðan ætlað að tengjast fyrir í aðrar heimsálfur, Asíu og Afríku og er þá nefnt **European super grid**.

Í norsku skýrslunni segir að ESB stefni að því að koma á fót svæðisbundnum miðstöðvum (Regional Operation Centres, ROC) til að halda utan um stjórnun og tryggja öryggi í flutningskerfi raforku. Athygli vekur að ekki er lengur talað um sjálfstæð ríki í Evrópu heldur svæði. Í dag er þetta á ábyrgð Orkustofnunar og Landsnets á Íslandi og Statnett í Noregi. Sett verður reglugerð í samráði við ríkisstjórn um raforkumarkaðinn sem hér segir:

### *Viðkomandi ríki munu ekki hafa ákvörðunarvald um hvert orkan verður seld*

„Í reglugerðinni er mælt fyrir um frekari ákvæði sem skiptir máli fyrir viðskipti yfir landamæri. Markmiðið er að tryggja meginregluna um vel samþættan raforkumarkað. Þetta þýðir að allir þátttakendur í sameiginlega orkuneti ESB verða að hafa jafnan aðgang að mörkuðum. Enn fremur er almennt ákvæði um flutningsgetu og flöskuhálsstjórnun. Þar segir m.a. að innflutningur og útflutningur á raforku megi ekki vera takmarkaður af innlendum þáttum.“

Með öðrum orðum geta norsk yfirvöld ekki ákvarðað hvernig orkan mun flæða í strengi og netkerfi erlendis. Hið sama ætti þá væntanlega við um Ísland.

### *Útflutningsgeta Norðmanna á raforku verður stóraukin*

Í dag er útflutningsgeta Norðmanna um orkunet og sæstrengi um 54 TWh (terawattstundir), en framleiðslugetan í norska raforkukerfinu er nú um 140 TWh. Með tveimur nýjum sæstrengjum sem nú er unnið að til Bretlands og Þýskalands, eykst flutningsgetan í um 78 TWh.

Leyfisveitingaferli vegna þriðja kapalsins, „NorthConnect“, er þegar í gangi og þá verður útflutningsgeta Norðmanna í allt að 90 TWh.

Mikilvægustu áhrifin af samþykkt orkupakkanna verða þau að Noregur verður að taka upp markaðsverð sem gildir á sameiginlegum orkumarkaði Evrópu. Innleiðing á orkupökkum 3 og 4 þýða gríðarlegar fjárfestingar í sæstrengjum og öðrum línulögnum (áætlað um 140 milljarðar norskra króna fram til 2040) án tillits til þess hvort umframorka sé fyrir hendi í Noregi til að fæða þá strengi eða ekki. Því verður stóraukinn þrýstingur á að Norðmenn setji upp fleiri virkjanir. Orkuverð mun samkvæmt skýrslunni stórhækka í Noregi og fyrirtæki þar í landi munu missa það samkeppnisforskot sem þau hafa í dag vegna allt að þreföldunar á orkuverði.

Með beintengingu við sameiginlega orkunetið og sölu á hreinni orku frá Noregi mun orkuskorti, m.a. vegna tæmingar uppistöðulóna í Noregi, verða mætt með innflutningi á orku sem framleidd er meðal annars með mengandi jarðefnaeldsneyti.

### *Tugir þúsunda starfa í hættu*

Í norsku skýrslunni segir að iðnaður sem eigi allt undir hagstæðu orkuverði, eins og pappírsiðnaður og málmiðnaður, leggist mögulega af og 12.000 manns, einkum á landsbyggðinni, geti þar misst vinnuna. Hliðaráhrifin eru talin verða þau að 30.000 manns til viðbótar missi vinnuna. Sameiginlega orkukerfi Evrópu sé því veruleg ógn við atvinnulífið í Noregi. Væntanlega gæti þá sama staða komið upp á Íslandi. /HKr.




*Staðan í júní 2018 samkvæmt úttekt Bloomberg*

# Efnahagsvandi Ítalíu er líka stóri vandi banka um alla Evrópu

## – Ef illa fer á Ítalíu gæti það hæglega leitt til nýs bankahruns víða um lönd

**Mikill ótti er nú meðal fjárfesta og stjórnmálamanna í Evrópu við að skuldastaða banka og ítalska ríkisins kunni að leiða til nýrrar bankakreppu. Fréttaveitan Bloomberg segir að fátt sé meira rætt í fjármálageiranum um þessar mundir.**

Fjallaði Bloomberg um málið í síðasta mánuði og þar kemur fram að hættulegust sé staðan gagnvart almennum lánum upp á 1,5 billjónir evra sem séu á bókum banka í Róm og Mílanó. Þetta samsvarar 204,6 milljón milljónum króna samkv. gengi 8. mars. Það er þó ekki eina hættan því vandræði heima fyrir myndu strax fljótt hafa keðjuverkandi áhrif víða um Evrópu.

### *Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur áhyggjur*

Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary Fund - IMF), Christine Lagarde, sagði á dögunum að pólitísk mistök hafi verið gerð í tengslum við evrusvæðið sem hafa orðið til þess að svæðið er hættulega berskjaldað gagnvart efnahagslegum krísum. Hún sagði einnig að bankar á evrusvæðinu stæðu ekki nógu styrkum fótum til að takast á við frekari efnahagserfiðleika.

Lagarde, sem er fyrrverandi fjármálaráðherra Frakklands, telur að lausnin liggi í enn nánari samruna innan Evrópusambandsins. Meðal annars með einni sameiginlegri innistæðutryggingu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði því í janúar að verg landsframleiðsla á Ítalíu standi nánast í stað á yfirstandandi ári en gæti hugsanlega lagast um 0,6 prósentustig. Miðað við 1,3% verðbólgu þýðir það í raun versnandi stöðu.

Ástæðan fyrir áhyggjunum er að Ítalía er með stórt og mikið efnahagskerfi, enda eru íbúar landsins rúmlega 60,7 milljónir. Erfiðleikar á Ítalíu geta því haft mjög alvarleg áhrif á efnahagskerfi ESB-ríkja í heild og sér í lagi þeirra ríkja sem eru aðilar að myntkerfi evrunnar. Þá er pólitísk staða í ESB-ríkjunum um þessar mundir



**Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.**

líka talin geta haft neikvæð áhrif á framvindu efnahagsmála, að því er fram kemur í uppfærðri skýrslu IMF um horfur í efnahagsmálum. Athygli vekur að sjóðurinn telur að ef Bretar fari út úr ESB án samnings, þá geti það haft verri afleiðingar en ella. Væntanlega byggir það á því að verulega muni þá draga úr fjármagnsflæði frá Bretlandi inn í efnahagskerfi evrusvæðisin, eða eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir; „with negative cross-border spillovers“.

### *Vandinn beintengdur inn í banka um alla Evrópa*

Samkvæmt umfjöllun Bloomberg gæti staðan fljótt snúist á þann veg ef illa fer að ítölsku bankarnir dragi með sér banka í Frankfurt í Þýskalandi. í París í Frakklandi og í Madrid á Spáni, sem halda utan um fjármögnun mikilla skulda opinberra aðila og einkaaðila á Ítalíu. Þannig gæti snarpur samdráttur á Ítalíu auðveldlega fellt fjölda banka víða um Evrópu. Er þetta byggt á gögnum opinberra bankayfirvalda í Evrópu.

Segir Bloomberg að þó aðeins hafi dregið úr þenslunni á Ítalíu á síðasta ársfjórðungi 2018 og rólegt virðist í augnablikinu, þá sýni tölur frá því í haust að staðan geti fljótt snúist upp í vandræði. Enginn viti í raun hvar vendipunkturinn liggur.

### *Franskir bankar í verstri stöðu*

Franskir bankar eru sagðir vera viðkvæmastir ef staðan versnar á Ítalíu og fjárfestar fara að losa sig út úr sínum skuldbindingum þar í landi. Þar er BNP Paribas-bankinn með verstu stöðuna eða útistandandi lán upp á 143,2 milljarða evra. Þar á eftir kemur Crédit Agricole með 97,2 milljarða evra og fjórir aðrir franskir bankar með 41,5 milljarða evra.

Í Þýskalandi er Deusche bank með hæstu lánin, eða 29,6 milljarða evra. Þá kemur Commerz- bank með 12,4 milljarða evra og Volkswagen bank með 5,3 milljarða evra. Síðan eru þrír aðrir bankar með samtals 8,6 milljarða evra.

Á Spáni er það BBVA-bankinn sem er í verstu stöðunni, með 13,2 milljarða evra útlán til Ítalíu. Tveir aðrir bankar á Spáni eru með samtals 8,3 milljarða evra.

Í Belgíu er það DEXIA-bankinn sem hrikt gæti illilega í, en hann er með 23,1 milljarð evra í lánum til Ítalíu.

Í Bretlandi er það Barclays sem farið gæti illa en hann er með 17,4 milljarða evra bundna í lánum á Ítalíu.

Fjöldi annarra banka á síðan mikið undir að ekki fari illa í ítalska efnahagslífinu. Þá eru bankar með flóknar tryggingar sín á milli, þannig að ef einn stór banki yrði dreginn niður í svaðið, þá gætu dómínóáhrifin orðið fljót að velta vandanum yfir á aðra evrópska banka. Kokhreysti stjórnmálamanna í Þýskalandi og Frakklandi gagnvart stöðunni á Ítalíu getur þannig hæglega valdið því að ítalska bankakerfið missi jafnvægið. Fátt bendir hins vegar til að menn hafi lært mikið af síðustu bankakreppu og vandséð að massív prentun á evrum geti bjargað mönnum aftur út úr þeim vanda tímabundið. Enda eru menn enn ekki búnir að bíta úr nálinni með síðustu peningaprentun.Þar er enn dulinn vandi í kerfinu þar sem raunverðmæti eru ekki á bak við allt það gríðarlega peningamagn sem sett var í umferð. /HKr.

ORKUSTOFNUN

Hefur þú kynnt þér **Smávirkjanaverkefni** Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

AROUNDTHEWORLD.IS



**Á slóðir íslensku Vesturfaranna**
**1. – 11. ágúst 2019**
Innifalið flug, gisting í 10 nætur með morgunmat, 1 hádegisverður, 2 kvöldverðir, allar skoðunarferðir í rútu, íslensk fararstjórn.
Verð í tvíbýli kr. 323.500 á mann.
**Kíktu á** www.aroundtheworld.is

*Með umhyggju alla leið*

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0300

Bændablaðið

GAS LYKKJUBYSSA

**Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir**



*Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS*

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

## Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar **www.agrogen.is.**

**Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:**

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200–900 þús. Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar **www.agrogen.is.**

**Umsóknum skal skilað fyrir 8. maí 2019** til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - **birna@lbhi.is.**

Erfðanefnd landbúnaðarins

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

ekkó
TOGHLERAR
www.ekko.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð
af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT
OG DRIFSKAFTAEFNI



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Rúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna

**Allt lín fyrir:**
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús

**Eigum allt fyrir:**
- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann



86 ára
EDDA
HEILDVERSLUN
Höfðabakki 9
110 Reykjavík
Sími 561 9200
eddaehf@eddaehf.is
www.eddaehf.is

### Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt um samband kynbóta og meyrni lambakjöts:

# Að ýmsu að hyggja í samanburðarrannsóknum

**Í síðasta Bændablaði var fjallað um rannsókn Matís frá síðasta hausti á kjötgæðum lambahryggvöðva sem komu annars vegar frá litlu handverkssláturhúsi í Seglbúðum í Landbroti og hins vegar iðnaðarsláturhúsi Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Þar kom fram að vísbendingar væru um að meyrni hefði minnkað talsvert á síðustu 30 árum sem líklega væri afleiðing ræktunarstarfsins. Eyþór Einarsson, ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að erfitt sé að fullyrða um hvort eðlisgæðin hafi minnkað.**

Guðjón Þorkelsson frá Matís greindi frá rannsókninni í þessari umfjöllun. Þar kom fram að bornar hefðu verið saman afurðir 10 tvílembinga (20 lamba) sem slátrað var til helminga í hvoru sláturhúsinu. Til samanburðar voru rannsóknir sem Matís gerði á kjötgæðum frá iðnaðarsláturhúsinu á árunum 2016 og 2017 – sem sýndu að seigja hafði þar aukið talsvert; úr 2,5–3,5 kg/cm2 í tæplega 5 kg/cm2. Í því verkefni var ekki hægt að sjá hvort skýringin lægi í ræktuninni fyrir meiri vöðva eða breyttum verkferlum í sláturhúsum – eða samspil þessara tveggja þátta.




Eyþór Einarsson, ábyrgðamaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, telur ekki óhugsandi að í framtíðinni muni bragðgæði lambakjöts verði hluti af því heildarkjötmati sem bændur fái greitt fyrir. Hann kynnir hér nýjan bækling, Frá fjalli að gæðamatvöru, á fagfundi sauðfjárræktarinnar á dögunum. Myndir / smh

*Margt sem getur haft áhrif*

Leitað var viðbragða hjá Eyþóri við þessum niðurstöðum – og almennt um ræktunarstefnu fagráðs í sauðfjárrækt varðandi kjötgæðin – og segir hann að þegar þessi máls séu skoðuð þurfi að gæta að ýmsum atriðum. „Það er margt sem getur haft áhrif á gæðin, svo sem aldur, þungi, kyn og síðan allir meðferðarþættirnir, bæði heima á búunum og í sláturhúsinu. Þá þarf líka að vera tryggt að mælingar sem verið er að miða við séu gerðar með nákvæmlega sama hætti. Því er erfitt að fullyrða neitt um það hvort eðlisgæðin hafi minnkað," segir Eyþór.

*Þurfum að standa vörð um bragðgæðin*

Að sögn Eyþórs hefur fagráð í sauðfjárrækt markað þá stefnu að jafnframt því að bæta skrokkgæðin (auka holdfyllingu en viðhalda hæfilegri fitu) þurfi að tryggja bragðgæði íslenska lambakjötsins séu varðveitt. „Það er í okkar ræktunarmarkmiðum, en hinsvegar þurfum við að byrja á að undirbyggja þetta með rannsóknum. Það var að frumkvæði fagráðs sem kjötgæðarannsóknir voru settar í gang haustið 2016. Það var umfangsmesta kjötgæðarannsókn hér á landi á síðari árum, en að henni stóðu auk Matís, Landbúnaðarháskóli Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Eitt af því sem þar kom fram var að nær ekkert samhengi virtist vera milli bakvöðvaþykktar (mælt með ómsjármælingum) og meyrni (mælt með skurðkrafti) sem gaf til kynna að val fyrir þykkari bakvöðva hefði afar lítil áhrif á meyrni. Víðtækari rannsóknir eru nauðsynlegar til að geta metið alla þætti sem hafa áhrif á bragðgæði með fullnægjandi öryggi, þar með talin öll meðferð sláturgripa og kjöts eftir slátrun."

*Draumakjötmatið*

„Vinna með bragðgæðaþætti í kynbótum krefst þess að hægt sé að meta þá þætti sem hafa áhrif; þannig að við fáum mælingar til að vinna með í ræktunarstarfinu og hægt sé að verðlauna mismunandi gæði," segir Eyþór spurður um núverandi fyrirkomulag á kjötmati sem liggur til grundvallar á greiðslum til bænda. „Í dag er það bæði dýrt og óraunhæft sem partur af hefðbundnu kjötmati en þó alls ekki óhugsandi til framtíðar. Draumakjötmatið myndi innihalda bæði mælingar á bragðgæðaþáttum og hlutlægar mælingar á skrokkgæðunum. Þannig að þeir sem t.d. hafa náð árangri í að bæta hryggvöðvann njóti betur ávinningsins og kjöt sem raunverulega bragðast best myndi vera hampað sem skyldi. Í kjötgæðaverkefninu frá 2016 var tekið vefjasýni úr öllum lömbum sem voru rannsökuð með það fyrir augum að geta greint erfðaefni (DNA). Það var í raun fyrsta skrefið í því að undirbúa genamengjaúrval fyrir bragðgæðaþáttum. Við erum þó alls ekki komin á þann stað í dag að geta hagnýtt okkur þetta."



Guðjón Þorkelsson frá Matís á fagfundi sauðfjárræktarinnar á dögunum þar sem hann greindi frá rannsóknum á kjötgæðum lambahryggvöðva.

*Áfram horft á kjötgæði í víðum skilningi*

„Við höfum náð gríðarlegum árangri í að bæta skrokkgæðin. Hryggvöðvinn af vænu lambi er ekki lengur lítill kjötbiti í stórum fituklumpi. Við getum gert enn betur í þeim málum en við þurfum líka að hafa fókusinn á bragðgæðaþáttunum; þekkja hvar við stöndum og vita hvert við erum að fara. Margt þarf að rannsaka betur og eitt af því er að fínstilla markmið varðandi fituna. Í dag er ekki áhersla á að minnka hana heldur að halda henni á „réttu róli". Meðferðarþátturinn er geysilega mikilvægur; ekki bara í sláturhúsinu, einnig hvernig meðferð er háttað fyrir slátrun.

Við erum í dag með ýmsar gæðakröfur á framleiðendur en áhugavert er að skoða einnig hvernig aðrar þjóðir setja upp viðmið fyrir framleiðsluferlið allt til að tryggja gæðin, líkt og Guðjón Þorkelsson útskýrði á nýafstöðnum fagfundi sauðfjárræktarinnar. Eitt af verkefnunum framundan er að halda áfram rannsóknum og leiðbeiningum sem miða að því að framleiða úrvals lambakjöt og bæta kjötgæði í víðum skilningi," segir Eyþór Einarsson. /smh









Farðu inn á www.youtube.com og slóðu inn:

cPx7PPYvNUM

Þá sérðu Microlift video

Sjón er sögu ríkari




**Microlift. Fyllir upp í bilið milli handtjakks og hefðbundins rafmagnstjakks.**
Kraftmikill rafmagnstjakkur með Lithium rafhlöðu, sem endist 2-3 klst. í stöðugri keyrslu.
Hleðslutæki fylgir, sem hleður rafhlöðu á 3-4 klst. Hægt er að fá hraðhleðslutæki, sem hleður á 2 klst.
Tveggja ára ábyrgð á rafhlöðu.

Aðeins 125kg án brettis og tekur lítið pláss. Kemur sér vel, ef lyftan hefur ekki mikla burðargetu og líka fyrir stóra kassabíla, sem með Microlift geta tekið öll brettin án þess að skilja rafmagnstjakkinn eftir. Með því að kúpla mótor frá nýtist Microlift, eins og venjulegur handtjakkur með 2,5ton burðargetu.

Með upprétt beisli snýst Microlift á punktinum og smýgur inn þar sem aðrir sitja fastir.

Migrolift-Freezer er fyrir notkun í röku umhverfi t.d. í frysti og kæligeymslum.

**ETNA ehf.** Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1. Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: siggi@pmt.is



**Grásleppa! Grásleppa!**

Kaupum grásleppu

Hafið samband í síma 866-7970 fyrir frekari upplýsingar.

Sverrir Björnsson ehf
Siglufirði

DANUBE UniMac

**Getum við orðið að liði?**

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.




Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.

IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300
**Næsta blað kemur út 2. maí**

**Lely Center Ísland**

STÍUGRINDUR



1,23m og 1,84m

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# BJB-Mótorstilling býður upp á mikið úrval af öllum tegundum af dekkjum



SAMEINUÐ GÆÐI

**Við bjóðum einungis gæða dekk á gæða verði**

Mótor stilling BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Pústþjónusta BJB Aukin þjónusta

Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is

# Ferðaþjónustan, menningin, íþróttirnar, skólarnir og landbúnaðurinn blómstra í „Gullhreppnum“

## – segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, sem vill skoða alvarlega sameiningu sveitarfélaga á svæðinu

**Hrunamannahreppur, eða „Gullhreppurinn“ sem sumir nefna svo, er í uppsveitum Árnessýslu sem liggur austan Hvítár. Flúðir er þéttbýlisstaður sveitarfélagsins.**

Mikill jarðhiti er í sveitarfélaginu, öflugur landbúnaður og garðyrkja, ekki síst ylrækt er stór partur af atvinnulífi sveitarfélagsins. Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri settist niður með blaðamanni þar sem farið var yfir helstu tíðindi í hreppnum.



Þrír góðir, frá vinstri, Ísólfur Gylfi Pálmason, fyrrverandi sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Ragnar Magnússon, fyrrverandi oddviti og Jón G. Valgeirsson, núverandi sveitarstjóri. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

### *Fólk að jafna sig eftir hjónaballið*

„Fólkið í sveitinni er aðallega að jafna sig eftir árlegt Hjónaball sem er spéspegill sveitarinnar þar sem síðasta ár er gert upp á ýmsan hátt. Þessi hátíð er orðin um 76 ára gömul hefð og núna síðustu tvö ár hefur hún verið haldin í íþróttahúsinu á Flúðum en fjöldinn hafði sprengt af sér Félagsheimilið. Þetta er orðin 350 manna viðburður og við búumst við að frekar fjölgi en hitt,“ segir Jón aðspurður hvað sé helst að frétta.

Þegar hann er beðinn um að fara yfir helstu framkvæmdir í Hrunamannahreppi segir hann að nú sé verið að undirbúa verkefni ársins og síðan eru ýmis fyrirtæki að huga að sínum málum. Veturinn hefur verið nokkuð góður til framkvæmda og hefur lítið þurft að stoppa vegna klaka í jörðu eða slíkt.

„Annars er stærsta verkefni sveitarfélagsins, sem er á lokametrunum, ljósleiðaravæðing í dreifbýlinu. Sveitarfélagið stofnaði fjarskiptafyrirtækið Hrunaljós um verkefnið og hefur þetta gengið vel og hefur m.a. gott tíðarfar í vetur hjálpað til að lítið er orðið eftir. Síðan hafa notendur verið að tínast inn en eðlilega tekur tíma að gera og græja til að geta tengst. Við viljum meina að þetta sé bylting á möguleikum til búsetu og atvinnusköpunar í dreifbýlinu og grundvöllur fyrir því að sveitarfélagið geti talist góður búsetukostur,“ segir Jón.



Ylrækt er mjög mikilvæg og stór atvinnugrein í Hrunamannahreppi enda mikið af heitu vatni á svæðinu.

### *12 ára sveitarstjóraafmæli*

Jón átti 12 ára sveitarstjóraafmæli 1. mars síðastliðinn. „Ég var sveitarstjóri fyrstu 3 árin í Grímsnes- og Grafningshreppi en síðan sumarið 2010 hef ég verðið sveitarstjóri hér. Þetta er því orðinn drjúgur tími og stór hluti af starfsævinni. Þetta hefur hingað til verið skemmtilegur tími og vettvangur til að hafa áhrif á þessi samfélög og reyndar á Suðurlandið allt að einhverju leyti því sveitarfélögin á Suðurlandi vinna þétt saman að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Það góða við þetta starf er að ef upp koma góðar hugmyndir, sama frá hverjum það er, þá er oft hægt að hrinda þeim í framkvæmd og það á bæði við stór og smá mál. Maður vill skilja við starfið þannig að maður sjái að eitthvað gott hafi gerst sem er samfélaginu til framdráttar.“

### *Frá Þverspyrnu í Hrunamannahreppi*

Jón er er fæddur og uppalinn í Þverspyrnu í Hrunamannahreppi, þannig að hann er kominn heim, þótt hann búi á Flúðum. Hann er því uppalinn með sveitarstörfunum og skólagangan byrjaði í Flúðaskóla þótt skólastarfið sé nú ansi mikið breytt frá því að hann gekk í skólann og flest til batnaðar. Jón fór síðan í Menntaskólann að Laugarvatni (ML) og árið eftir að hann útskrifaðist þar þá plataði Kristinn Kristmundsson skólameistari hann til að kenna í ML, sem Jón segir að hafi verið afar áhugavert verkefni fyrir nýútskrifaðan peyja. Síðan fór Jón í lagadeild Háskóla Íslands og eftir útskrift byrjaði hann að vinna hjá Lögmönnum Suðurlands á Selfossi og var þar í tvö ár þar til hann stofnaði, ásamt þeim félögum Lögmenn Vestmannaeyja. „Ég flutti til Eyja og þar rak ég lögmannsstofu og fasteignasölu í 11 ár þar til við seldum stofuna 2007 og ég flutti í Grímsnesið góða. Það stóð einmitt heima að á sama tíma varð maður einmitt hæstaréttarlögmaður þannig að maður hætti þeirri „vitleysu“ í bili og sneri sér að öðru. Maður er því búinn að flækjast um, búa í Reykjavík, Selfossi, Vestmannaeyjum, Borg og síðan núna aftur í Hreppnum þannig að konan og börnin tvö hafa verið á þessum flækingi með mér,“ segir Jón hlæjandi.

### *Vinsæll ferðamannastaður*

Hrunamannahreppur er mjög vinsæll ferðamannastaður, ekki síst svæðið á Flúðum og þar í kring. Hvernig skýrir Jón út þessar vinsældir sveitarfélagsins? „Það hefur svo sem alltaf verið drjúgur ferðamannastraumur en það er tvennt sem hefur breytt ferðamannamynstrinu hér. Fyrst var þegar Hvítárbrúin kom við Bræðratungu og tengdi Tungurnar við Hrunamannahrepp og síðan þegar Gamla laugin, eða „Secret lagoon“, komst í starfsemi sem sprenging varð í fjölda ferðamanna.

Þetta tengist að vissu leyti beint eða óbeint heita vatninu og nýtingu á því því Flúðir urðu til út af heita vatninu og garðyrkjan o.fl. hafa notið góðs af. Síðan er ýmislegt, fyrir utan fallega náttúru og gróðursæld, sem spilar inn í, svo gott tjaldsvæði, fjölbreyttir gistimöguleikar, golfvöllur o.fl. sem er á svæðinu. Þá erum í þægilegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Gullna hringnum sem stjórnar svolítið renniríinu á Íslandi.“

### *Um 800 íbúar*

Íbúafjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár í Hrunamannahreppi, eða um 800 manns. Jón segir að það sé sama vandamál í hans sveitarfélagi og víða annars staðar, það er skortur á húsnæði, og þá sérstaklega leiguhúsnæði. „Það er reyndar margt í pípunum á þessu ári þannig að vonandi losar það um einhverja hnúta. Hins vegar er atvinnuleysi lítið sem ekki neitt en hins vegar þyrfti atvinnulífið að vera fjölbreyttara en hins vegar má segja að Uppsveitir og Suðurland að hluta séu nú samt eitt atvinnusvæði, sem hjálpar til.“




Í Hrunamannahreppi búa nú um 800 manns. Flúðir er þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Jón segir að helsti kosturinn við lítið sveitarfélag séu stuttar boðleiðir og stuðningur fólksins hvað við annað og að samfélagið sé frekar stresslaust.




Hrunamannahreppur er stundum kallaður „Gullhreppurinn“ í ljósi þess hvað allt gengur vel í sveitarfélaginu og þar sé til nóg af peningum. Stjórnsýsla sveitarfélagsins fer fram í ráðhúsinu á Flúðum. Jón segir að það stefni í gott ár og góðar stundir í sveitarfélaginu, nú bíði allir spenntir eftir vorinu og því sem því fylgir.

### *Garðyrkjan mikilvæg*

Nú berst tal okkar Jóns að garðyrkjunni í Hrunamannahreppi og mikilvægi hennar fyrir sveitarfélagið. „ Já, garðyrkja er mjög stór og mikilvæg atvinnugrein hjá okkur en það hafa svo sem verið blikur á lofti, og sérstaklega höfðu svokölluð Costco-áhrif talsverð áhrif á ýmsa. Þá hafa sýkingar í plöntum ekki hjálpað til en flestar stöðvarnar eru býsna stórar þannig að í heildina séð stendur greinin bærilega. Hins vegar er ljóst að ýmsar ógnir eru, svo sem keppni við innflutning og síðan óvissa hvað kemur út úr kjarasamningum þar sem þessi grein er frekar mannaflafrek og er að keppa við framleiðendur úti í heimi þar sem því miður er ekki verið að bjóða starfsfólki kjör eða aðstæður eins og hér á Íslandi.“

### *150 þúsund ferðamenn í Gömlu lauginni*

„Ferðaþjónustan hefur verið mjög vaxandi í sveitarfélaginu og ferðamönnum fjölgað mikið. Jón er ánægður með það. „Já, já, Gamla laugin hefur slegið í gegn og eflaust heimsækja hana um 150 þús. manns á ári og bæði það og almenn fjölgun á ferðamönnum hefur haft jákvæð áhrif á möguleika að spila úr þessu. Sérstaklega hefur orðið mikil fjölgun á gistirýmum og það er m.a. ánægjulegt að sjá, það á ekki síður við í dreifbýlinu sem hefur styrkt búsetu og nýliðaskipti á bæjunum. Það er síðan töluvert í pípunum hvað þetta varðar.“

### *Gatna- og fráveituframkvæmdir*

„Stærstu verkefni sem snúa beint að sveitarfélaginu eru gatna- og fráveituframkvæmdir á Flúðum. Við höfum síðustu ár reynt að vera í stöðugu átaki að koma gatnakerfinu í gott horf og núna erum við að taka í notkun nýja hreinsistöð sem þjónar austurhluta Flúða.

Þetta eru dýrar framkvæmdir en



Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti sem vinna mikið saman að málefnum sveitarfélagsins.

nauðsynlegar en planið hjá okkur er að leysa fráveituvandann með nokkrum hreinsistöðvum á hentugum stöðum,“ segir Jón aðspurður um stærstu verkefni Hrunamannahrepps um þessar mundir.

Það kom einnig fram hjá honum að það er verið að byggja aðstöðuhús á „Seyrustöðum“ á Flúðum vegna vinnslu á seyru í samstarfi sveitarfélaga sem er mjög stórt verkefni og síðan er sveitarfélagið í massífum viðhaldsframkvæmdum á nokkru af húsnæði hreppsins eins og Flúðaskóla, félagsheimilinu og sundlauginni.

**Íþrótta- og menningarlíf blómstrar**

Jón segist vera mjög stoltur af íþrótta- og menningarlífinu í Hrunamannahreppi, sem blómstrar sem aldrei fyrr um þessar mundir.

„Það hefur verið löng hefð fyrir kórastarfi og mörg félög með mjög öfluga starfsemi í gangi. Við búum svo vel að félagsheimilið okkar gegnir hlutverki menningarhúss sem er í stöðugri notkun til að mæta þessum þörfum. Síðan er aðstaðan í íþróttahúsinu á Flúðum eftir stækkun 2015 ein sú besta á landinu og það má segja að flest börn séu í einhverri hreyfingu, auk íbúa ungra sem gamalla sér til heilsubótar. Þá hefur verið reynt að halda úti afreksstarfi með öðrum félögum á Suðurlandi og hefur körfuboltinn komið þar sterkur inn og núna eru t.d. 4 unglingar í unglingalandsliðum KKÍ þetta árið,“ segir Jón.

***Seyra til landgræðslu***

Hrunamannahreppur hefur sýnt frumkvæði í svokölluðu seyruverkefni sveitarfélaganna í uppsveitunum. Jón þekkir það mál mjög vel.

„Byrjun á verkefninu var að 2012 tókum við „blauta“ seyru og plægðum hana niður á landgræðslusvæði á Hrunamannaafrétti. Síðan var verkefnið tekið lengra á árinu 2015 þegar sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa komu inn í verkefnið og keyptur var kalkari til að geta dreift seyrunni á yfirborðið. Síðan hefur verkefnið verið tekið enn lengra, keypt hreinsibifreið og verið að byggja yfir aðstöðuna á Flúðum og þá hefur Ásahreppur verið tekinn í samstarfið. Tilgangurinn er að afsetja „áburð“ sem áður var urðaður og auk þess hefur góð landgræðsluáhrif en þess ber að geta að verkefnið fékk landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar í fyrra en verkefnið hefur verið unnið í nánu sambandi við Landgræðslu og Heilbrigðiseftirlitið,“ segir Jón, afar stoltur með verkefnið.

***Gott og öflugt skólastarf***

„Við búum við öfluga skóla og gott skólastarf og aðstöðu en í Flúðaskóla eru núna 100 nemendur, að vísu eru elstu þrír árgangarnir hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi hjá okkur. Í leikskólanum eru um 45 nemendur núna. Þess ber að geta að vel hefur gengið að manna þessa skóla og t.d. í Flúðaskóla eru allar stöður mannaðar af menntuðum kennurum. Við njótum þess líka í skólastarfinu að vegna nálægðar við skóg og annað skemmtilegt umhverfi er hægt að vera með öfluga útikennslu o.fl. því tengdu,“ segir Jón þegar hann var spurður út í skólastarf grunnskólans. Þá kom fram hjá honum að í leikskólanum Undralandi er það nýmæli að elsti árgangurinn er gjaldfrjáls og stefnan er að færa gjaldfrelsið niður á hverju ári þar til hann er alfarið gjaldfrjáls ef fjárhagurinn lofar.

***Ný fjós byggð og byggð***

Landbúnaður í Hrunamannahreppi er eitt af stolti sveitarfélagsins enda mjög öflugur hefðbundinn landbúnaður í sveitarfélaginu. Víða er verið að byggja ný fjós og framleiðsla hefur aukist til muna. Mjaltaþjónavæðingin er einnig á fullu og eins og staðan er núna væri hægt að framleiða meiri mjólk en gert er.

„Sauðfjárbúskapur er erfiðari eins og alls staðar en stendur hér á gömlum merg og það er alltaf seigt í fjárbændum. Það þarf hins vegar að hlúa að þessari atvinnugrein til að viðhalda þessari atvinnugrein og „menningu“, segir sveitarstjórinn.

***Beðið eftir lagasetningu varðandi sameiningu***

Þegar Jón er spurður út í sameiningarmál og hvort Hrunamannahreppur sé að horfa í einhverja sérstaka átt þar kemur fram hjá honum að það sé ekkert stórt í gangi í þeim málaflokki enda flestir að bíða eftir því hvort það komi ekki lagasetning frá Alþingi sem heggur á þennan hnút.

„Persónulega held ég að það ætti að skoða alvarlega með sameiningu sveitarfélaga, sérstaklega til að geta verið með enn öflugri hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu og höfuðborgarsvæðinu. „Innansveitarstreita“ í þessu sambandi er farin að vigta svo lítið í samanburði við stóru málin og stóru hagsmunina sem samfélögin hér eru sameiginlega að glíma við,“ segir Jón.

***Tveir ráðherrar í Hrunamannahreppi***

Hrunamannahreppur á tvo ráðherra í sveitarfélaginu, Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og svo sérstakan ruslamálaráðherra, Elvar Harðarson.

„Já, það er ánægjulegt að það sé samhengi í því að þeim er treyst fyrir að stjórna og að Hrunamannahreppi sé jafnframt treyst fyrir því að stjórna landinu, við erum því stolt af okkar manni, Sigurði Inga Jóhannssyni. Við bíðum hins vegar eftir því að hann hætti sem ráðherra þannig að við getum skipað hann ruslamálaráðherra og ég veit að Elvari, sem við erum búin að skipa ruslamálaráðherra fyrir árið 2019, er boðið á Bessastaði á ríkisráðsfund,“ segir Jón hlæjandi.

Til útskýringar er ruslamálaráðherra skipaður á hverju ári í sveitarfélaginu til að hafa yfirumsjón með ruslahreinsun íbúanna á vorin þar sem sjálfboðaliðar taka til hendinni.

***Sorp er „týndi“ málaflokkurinn***

Jón er formaður stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands en það hefur mikið gengið á í sorpmálum á Suðurlandi eftir að Sorpa ákvað að hætta að taka sorp frá landshlutunum.

„Það er flókin staða eftir að Sorpa lokaði fyrir móttöku á úrgangi. Sveitarfélögin á Suðurlandi eru á fullu í þessum málaflokki og það má segja að það góða við þetta sé að þá átta menn sig betur á hvað þessi „týndi“ málaflokkur skiptir okkur öll máli. Það er svo sem búið að finna bráðabirgðalausnir en nú hafa öll sveitarfélögin tekið upp lífræna flokkun og verið er að vinna í að setja flokkunarskyldu á fyrirtæki og frístundaeigendur.

Ég hvet alla bændur að taka málið til sín, hugsa þessi mál frá upphafi til enda þannig að menn flokki allt í drasl.“ segir Jón.

***Besta blað landsins***

Þegar Jóni var gefinn kostur á að koma með lokaorð stóð ekki á svarinu.

„Ég vil hrósa Bændablaðinu fyrir að vera besta blað landsins enda ber útgáfa þess vott um mikinn metnað.“ /MHH


**GPS-leiðsögutæki fyrir áburðardreifingu**

-Pakkinn samanstendur af hugbúnaði og GPS loftneti
-Hægt að tengja við alla snjallsíma og spjaldtölvur
-Handhægt, einfalt í notkun og nákvæmt tæki
-Hámarkar nýtingu á áburði
-Hentar vel á Íslandi, búið er að prófa búnaðinn hjá Landbúnaðarháskólanum





BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga og 10-14 laugardaga,
sími: 430-5500
www.kb.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LÍF & STARF

## Anna Kr. Ásmundsdóttir, bóndi í Stóru-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

# Hefur innflutning á klæðilegum norskum vinnufatnaði

## – hentar jafnt fyrir konur, ungmenni sem börn

**Eftir að hafa lesið grein um norska vinnufatnaðinn frá fyrirtækinu Traktorpikene í Bændablaðinu sem hugsað er fyrir konur, ungmenni og börn ákvað Anna Kr. Ásmundsdóttir í Stóru-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að hafa samband við fyrirtækið og hefja innflutning á vörunum. Lítur Anna á verkefnið sem eina leið að jákvæðari ímynd fyrir íslenskan landbúnað.**



Anna Kr. Ásmundsdóttir, bóndi í Stóru-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, í vinnufatnaði frá norska fyrirtækinu Traktorpikene en nú er Anna orðinn umboðsaðili fyrirtækisins á Íslandi sem selur klæðilegan vinnufatnað fyrir konur, ungmenni og börn.


Búið að handsala samninginn við Traktorpikene á landbúnaðarsýningunni Agroteknikk í Lillestrøm um samvinnu við íslensku bóndakonuna Önnu Ásmundsdóttur, frá vinstri: Eivind, eiginmaður Thrine, Anna, Thrine og Ine.

„Ég er ein af mörgum bændum sem vilja gjarnan að ímynd bændastéttarinnar verði jákvæðari, hvort heldur er af bændunum sjálfum eða búum þeirra. Það að vera snyrtilegur og í fallegum fatnaði er ein leiðin.

Við sem bændur vinnum svo sem oft í skítugu umhverfi en þá er maður líka klæddur til þeirra verka en það er eins og fjölmiðlar, aðrir en Bændablaðið, vilji allra helst draga þá mynd upp af okkur. Oft erum við líka að vinna þrifaleg störf og þá er maður klæddur til þeirra starfa og við viljum að sú mynd verði ímynd okkar sem fagstéttar og að það sé á hreinu að við erum stolt af störfum okkar og búum. Eitt af því sem við bændur þurfum að taka okkur verulega á, er að vinna að jákvæðri ímynd bændastéttarinnar og koma því vel og vandlega á framfæri að bændur eru ekki luralegir, sóðalegir, illa til fara og ganga illa um landareignir sínar. Oftar en ekki er einmitt þessi mynd dregin upp af okkur bændum í fjölmiðlum, kvikmyndum og þáttaröðum og má þar til að mynda nefna afar vinsæla íslenska þáttaröð sem sýnd var fyrir stuttu hér heima og verður síðan sýnd víða um heim. Þetta viðhorf þarf að breytast og við þurfum að gera átak í því að koma því á framfæri að bændur eru upp til hópa snyrtimenni, vel að sér og ákaflega stoltir af störfum sínum," útskýrir Anna.

### *Íslensk bóndakona selur vinnufatnað*

Það var upp úr grein í Bændablaðinu og vegna leitar að vinnufatnaði sem hugmynd Önnu kviknaði að hafa samband við norska fyrirtækið og hefja innflutning sjálf.

„Fyrir nokkrum árum sá ég grein í Bændablaðinu um systur í Noregi sem væru farnar að hanna og framleiða vinnufatnað fyrir konur sem stunda alls konar útistörf. Nákvæmlega um þær mundir hafði ég farið á stúfana, einu sinni sem oftar, til að finna mér vinnubuxur eða vinnugalla sem hentaði mér til að vinna í á mínum sveitabæ og sem væru líka þægilegir og fallegir. Þeir gallar og þær buxur sem ég skoðaði og mátaði voru eins og endranær, bara fyrir karla og hentuðu mér engan veginn og örugglega ekki mörgum konum. Þá kemur þessi blaðagrein í Bændablaðinu um Traktorpikene og mér fannst eins og þetta væri eitthvað sem mér væri ætlað að fylgja eftir," segir Anna og bætir við:

„Síðan dreif ég í því að skoða síðuna þeirra og skoðaði og skoðaði. Ég var komin langt með að panta mér buxur og galla en rann svo á rassinn með það því mér fannst ómögulegt að geta ekki mátað og skoðað. Hvað ef þetta passaði engan veginn? Og vesenið að þurfa að senda þetta aftur út og aftur heim og allt það. Svo ég setti þetta á bið sem varði ansi lengi. En alltaf var ég að tala um það við bónda minn að auðvitað ætti ég bara að athuga hvort ég gæti ekki fengið umboð fyrir þennan fatnað hér á Íslandi svo konur gætu mátað og prófað því það væru örugglega fleiri konur en ég sem fyndist betra að máta og skoða áður en þær versluðu sér vinnufatnað. Ég hafði svo loksins samband við þær systur í gegnum netpóst snemma síðastliðið haust og spurði þær hvernig þeim litist á að selja fatnaðinn í gegnum bóndakonu á Íslandi. Þær tóku mjög vel í það og við fórum strax að skoða hvernig við ættum að koma þessu á koppinn."

### *Kvenlegur fatnaður úr gæðahráefni*

Anna hóf því samstarf við Traktorpikene og heitir fyrirtæki hennar Valkyrjurnar þrjár en hún fékk nokkrar góðar vinkonur sínar til að aðstoða sig við nafngiftina.

„Stuttu eftir að ég og systurnar norsku vorum farnar að tala saman og finna flöt á samstarfinu sá ég að þær yrðu á landbúnaðarsýningunni Agroteknikk í Lillehammer og ég ákvað bara einn, tveir og þrír að skella mér á þessa sýningu og ganga frá því að ég yrði þeirra umboðsmaður hér á Íslandi. Ég fékk norsktalandi vinkonu til að koma með mér til halds og trausts. Þær systur vissu ekki af því að ég ætlaði að koma og það var mjög skemmtilegt augnablik þegar ég kynnti mig og þær uppgötvuðu að ég væri komin sérstaklega á þessa landbúnaðarsýningu til að hitta þær. Þarna handsöluðum við samninginn og fórum yfir hvernig við myndum hátta sölu hér heima," útskýrir Anna og segir jafnframt:

„Fatnaðurinn hentar konum sem starfa við landbúnaðarstörf, dýralækningar, lagerstörf, vöruflutninga, rafvirkjun, smíðar, pípulagnir, í leikskóla og svo mætti lengi telja. Einnig er fatnaðurinn frábær við garðvinnuna, skógræktina o.s.frv. Hægt væri að telja endalausa möguleika upp en fyrst og fremst snýst hönnunin um það að konur geti keypt sér fatnað sem hentar þeirra vexti og er kvenlegur, fallegur og úr gæðahráefni. Ég hef alltaf verið ákveðin í að halda í persónuleika þeirra systra og hafa söluna á sömu nótum og þær eru að gera, það er að hafa þetta persónulegt og í gegnum kynningar. Til að byrja með mun ég halda kynningar heima á bæjum, í fyrirtækjum og á ráðstefnum og fundum, sem mér myndi henta tilefninu. Eins mun ég hafa opið hér heima hjá mér þannig að konur geti komið hér við þegar hentar og ég er heima. Salan hér á Íslandi mun fara í gegnum Valkyrjurnar þrjár, það er ef konur til dæmis vilja panta fatnað sem þær sjá á pöntunarsíðu Traktorpikene.no þá munu þær panta í gegnum Valkyrjurnar þrjár og ég mun sjá um að panta fyrir þær og koma til þeirra vörunum. Þær myndu annaðhvort senda mér netpóst á valkyrjurnar3@gmail.com eða hafa samband í gegnum Facebook-síðuna okkar sem heitir Valkyrjurnar þrjár. Ég er einnig að opna heimasíðu sem heitir www.valkyrjurnar.is og þar verða settar inn myndir og tilboð og alls konar upplýsingar. En allra helst vil ég koma til kvennanna og kynna og sýna fatnaðinn og ræða beint við konurnar. Tilvalið fyrir hvers konar félagsskap kvenna, til dæmis saumaklúbba, kvenfélög, iðnfélög, garðyrkjufélög, starfsmannafélög og svo framvegis." */ehg*

MENNING & MINJAR

# Minjar um áveitur?

**Allt fram á þriðja áratug síðustu aldar voru áveitur mikilvægur hluti engjaræktar en engjar gáfu lengi vel af sér mestan hluta vetrarfóðurs búfjár hérlendis. Áveitur eru árþúsunda gamall ræktunarmáti. Um þær er getið í elstu lögbókum – frá þjóðveldistíma.**


Áveitugarður á kirkjustaðnum Söndum í Dýrafirði, líklega frá árunum 1882–84. Hann veitti árvatni heim á túnið: „… talin talsverð jarðabót og þykir til nytsemdar vera," sagði í vísitazíubók prófasts. Rissið var gert eftir gamalli ljósmynd.

Þær eru sennilega dæmi um elstu og umfangsmestu ræktunarframkvæmdir Íslendinga. Frægar eru áveiturnar stóru fyrir austan Fjall, sem gerðar voru á fyrri hluta síðustu aldar og mörgu breyttu fyrir sveitir þar. Vitað er um miklar áveitur víðar um land, svo sem í Húnaþingi, Skagafirði og víðar um Norðurland, en fæstar voru þær á Vestfjörðum. Bæði var um að ræða sam-áveitur nokkurra jarða og lutu félagslegu framtaki og stjórn, en líka áveitur á einstökum jörðum og þá minni í sniðum.

Þeim fækkar mjög sem kynntust áveitum af eigin raun. Sömuleiðis eru horfnar margar minjar um áveitur, sem sumar voru þó fyrirferðarmiklar á sínum tíma – áveituframkvæmdir sem kostuðu firna mikinn fjölda dagsverka í uppkomu. Enn munu þó slíkar finnast sem eru sjáanlegar og munnmæli hafa varðveist um.

Mig langar því til þess að leita eftir því hvort þú, ágæti lesandi, getir bent mér á enn vel sýnilegar og glöggar minjar um áveitur á svæði sem þú ert kunnugur á. Ég hef einkum í huga minjar utan þeirra sveita, sem í dag eru þekktastar fyrir áveitur, svo sem Árnesþing, því sem betur fer hefur mörgu um þær verið haldið til haga. Ekki er verra að punktar um sögu minjanna séu þekktir.

Ég er fyrst og fremst að leita eftir góðu og lýsandi myndefni sem tengist áveitum, vegna bókarskrifa – en líka gömlum og nýjum ljósmyndum ef til væru. Ég hef símann 894 6368 og netfangið bjarnig@lbhi.is.

*Bestu þakkir.*
***Bjarni Guðmundsson***
*Hvanneyri*










**Bændablaðið** *Auglýsingar 56-30-300*

*Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi*






FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Komatsu D155W er fyrsta jarðýtan eða beltaskóflan í heiminum sem gat unnið neðansjávar.

### Neðansjávar-jarðvinnuvélar:

# Komatsu D155W – fyrsta ýtan til að vinna á hafsbotni

**Komatsu D155W er fyrsta jarðýtan eða beltaskófla í heimi sem gat unnið á allt að 7 metra dýpi neðansjávar. Ekki þurfti ýtustjóri að sitja í þessari vél íklæddur kafarabúningi, heldur stýrði hann henni með fjarstýringu úr landi.**

D155W leit fyrst dagsins ljós í Osaka í Japan árið 1971 og var seld víða um heim og var m.a. notuð í Japan og gömlu Sovétríkjunum, Tékklandi og Ítalíu. Voru framleiddar 36 slíkar vélar og þar af voru 14 seldar utan Japans. Eru nokkrar þeirra enn í notkun í Japan. Ýmsar útgáfur hafa síðan verið smíðaðar af þessari vél eins og Komatsu D375 sem þótti skipta sköpum við björgunarstörf í kjölfar umbrota í eldfjallinu Fugen á Nagasaki í Japan 1988. Þá hefur Komatsu D85MS m.a. verið notuð við björgunarstörf í Afganistan, Kambódíu og í Angóla.

Var framleiðsla á Komatsu D155W endurvakin 2012 í gömlu verksmiðjunum í Osaka í kjölfar jarðskjálfta og flóða í Japan. Voru slíkar vélar m.a. notaðar við lagfæringar á undirstöðum Yuriage brúarinnar í mynni Natori árinnar sem rennur í gegnum Natori borg.

Forvitnilegt er að skoða þessa Komatsu jarðýtu þegar litið er til þess vandræðagangs sem verið hefur við að halda Landeyjahöfn opinni. Í þessari ýtu eð ámokstursskóflu er loftinntak og stýringar einfaldlega leiddar um margra metra loftstokk sem er þá það eina sem stendur upp úr sjó þegar ýtan er við sína vinnu. Líka eru til slík tæki með sandsugur í stað ýtutannar og dæla þá ýmist í tank á tækinu sjálfu eða flytja til stút á samdælurörum á botninum sem liggja síðan upp á land. Hönnun þessara véla er í dag ekki síst knúin áfram af námufyrirtækjum sem leitað hafa leiða til að vinna dýrmæta málma eins og gull og fleira af botni sjávar.

Eflaust naga einhverjir sem komið hafa að hönnun Landeyjahafnar sig í handarbökin yfir að ekki hafi verið leitað í smiðju Bandaríkjamanna sem höfðu áform um að grafa stórskipahöfn inn í Hólsá sem er neðsti hluti Rangánna. Hugmyndin var að þjónusta risastóran herflugvöll sem áform voru um að gera við Hellu undir stríðslok.

Ástæða þess að Bandaríkjamenn höfðu hug á Rangá fremur en t.d. Þorlákshöfn er sú staðreynd að með því að nýta rennsli hinnar tæru Hólsár þá væri hægt að halda höfninni hreinni af sandi og innsiglingunni þar fyrir framan.





Komatsu D155W að störfum.



Hugmynd að neðansjávarvinnutæki. Námufyrirtæki eru mjög farin að sækjast eftir vinnslu á hafsbotni. Þar er eftir ýmsum verðmætum málmum að slægjast, eins og gulli í hverastrýtum sem finnast m.a. við Ísland.




VVLAI eða ROV VVL-LD600-4000 er fjarstýrð neðansjávar sandsuga sem hönnuð var til námuvinnslu. Þessi vél er framleidd í Weihai í Kína sem framleiðir um 50 slíkar á ári. Verðið er sagt umsemjanlegt á heimasíðu fyrirtækisins.

Aftur á móti var tekin ákvörðun í stjórnsýslunni um að staðsetja Landeyjahöfn líklega á allra versta stað sem hugsast gat með tilliti til sandburðar við ströndina og óheyrilegs framburðar gosefna þar fast við hliðina úr Markarfljóti. Viðkomandi yfirvöld hafnarmála voru spurð á sínum tíma hvort þeir hafi skoðað hugmyndir Bandaríkjamanna um hafnargerð á svæðinu en svarið var einfalt – NEI.

Til að halda Landeyjahöfn hreinni þarf að dæla stanslaust upp úr henni og úr innsiglingarrennunni gríðarlegu magni af sandi. Þetta kostar óheyrilegar fjárhæðir og þrátt fyrir alla þessa sanddælingu er talið ógerlegt að halda höfninni opinni allt árið um kring. Í þessa sanddælingu hafa menn notast við sanddæluskip sem reynst hafa misjafnlega vel. Nú er verið að huga að dælum sem stýrt er úr landi, en áfram mun þetta vera líkt og að moka sandi í botnlausa fötu. Áform um að veita hluta Markarfljóts í gegnum höfnina eða vatni úr Álum til að búa til mótvægi við þrýsting og sandburð frá hafinu hefur enn ekki hlotið hljómgrunn í kerfinu. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI



Meðalnotkun Breta á vatni í dag er um 140 lítrar á dag en notkunin þarf að fara í 100 lítra á dag til að vel megi vera.

### Bretlandseyjar:

# Vatnsskortur innan aldarfjórðungs

**Samkvæmt nýjum spám Umhverfisstofnunar Bretlandseyja er talið að Bretlandseyjar gætu átt við alvarlegan vatnsskort að etja á næsta aldarfjórðungi.**

Skýrsla um vatnsbirgðir og vatnsnotkun á Bretlandseyjum var lögð fram á ráðstefnunni Waterwise í síðustu viku. Samkvæmt skýrslunni er vatnsþörf íbúa Bretlands í dag svo mikil að vatnsmagn í boði annar vart eftirspurn. Helsta ástæða þessa er sagður vera vaxandi fólksfjöldi og hækkandi hiti vegna loftslagsbreytinga.

Í tillögu til að stemma stigu við líklegum vatnsskorti er lagt til að fólk dragi úr vatnsnotkun sinni um allt að einn þriðja og að farið verði í gagngerar endurbætur á vatnalögnum í landinu til að draga úr leka þeirra. Talið er að um 35% af öllu vatni sem fara um vatnsleiðslur á Bretlandseyjum tapist vegna leka. Einnig er sagt nauðsynlegt að koma upp nýjum vatnslónum og auka hreinsun á vatni til muna.

Samkvæmt skýrslunni verða Bretar og stjórnvöld í landinu að hætta að stinga hausnum í sandinn þegar kemur að stöðu vatnsmála í landinu. Talið er að um 2040 muni hitabylgjur verða tíðar og líklega árvissar á Bretlandseyjum og að það muni auka vatnsþörfina en á sama tíma draga úr framboði á vatni. Talið er að fólksfjöldi á Bretlandseyjum muni fara úr 67 milljónum í 75 milljónir um miðja þessa öld sem mun að sjálfsögðu auka vatnsþörfina.

Á ráðstefnunni kom fram að meðalnotkun Breta á vatni í dag er um 140 lítrar á dag en að notkunin þurfi að fara í 100 lítra á dag til að vel megi vera. Einnig kom fram að Bretar hafa ekki byggt nýtt vatnslón í áratugi og að vegna þess þurfi að flytja neysluvatn langar vegalengdir eftir hriplekum vatnsleiðslum og að úr því verði að bæta hið bráðasta.

*/VH*

### Hlýnun sjávar:

# Fiskafli dregst enn meira saman

**Undanfarna áratugi hefur fiskafli í heiminum dregist verulega saman vegna ofveiða en spár gera ráð fyrir að sá samdráttur eigi eftir að aukast enn meira vegna hækkandi hitastigs í hafinu. Samdráttur afla í Norðursjó er með þeim mestu í heimi.**

Samdráttur í afla nytjastofna síðustu áttatíu ár er misjafn milli tegunda, eða allt frá því að vera yfir 35% og niður í tæp 4%. Tölurnar sem um ræðir byggja á skráningu á afla á árunum frá og með 1930 til 2010 og lengi vel var ofveiðum kennt um. Nú hefur önnur ógn við fiskveiðar komið en það mun vera hlýnun sjávar og breytingar í fæðuöflun fiska af þess völdum. Auk þess sem súrnun sjávar hefur sín áhrif.

Rannsóknarhópurinn, sem birti niðurstöður sínar í tímaritinu Science, náði til 38 svæða og 232 ólíkra stofna 124 fisktegunda og um 1/3 af fiskafla heimsins. Meðal þess sem rannsóknin náði yfir var afli og breytingar á sjávarhita.

Niðurstaða rannsóknarinnar var að mestur samdráttur í fiskafla hefur orðið í Norðursjó, Japanshafi og út af Íberíuskaga og í Biksæflóa. Niðurstaðan sýndi aftur á móti aukningu í fiskafla við Labrador, Nýfundnaland, Eystrasaltshafinu, Indlandshafi og í hafinu út af norðausturströnd Bandaríkja Norður-Ameríku. */VH*



Samdráttur í fiskafla er talinn líklegur vegna hlýnunar sjávar.

## Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL):

# Vornámskeið um eldi landnámshænsna

**Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL) mun halda vornámskeið í maí um flest allt sem mestu skiptir við eldi og ræktun landnámshænsna á smáum hænsnabúum eins og t.d. í þéttbýli.**



Félagið hélt námskeið á síðastliðnu hausti, en tæplega 20 manns sátu námskeiðið og komust þar færri að en vildu. Því var ákveðið að fara af stað með annað námskeið 5. maí næstkomandi á vegum ERL í samstarfi við þau Ólaf R. Dýrmundsson og Jóhönnu Harðardóttur. Þau verða leiðbeinendur á námskeiðinu líkt og í haust.

Magnús Ingimarsson, ritari ERL, segir að fyrirhugað námskeið verði haldið 5. maí næstkomandi í sal Ásatrúarfélagsins í Síðumúla 15, Reykjavík. Námskeiðið mun standa frá klukkan 10.00 til 16.00 með matarhléi. Þetta er stutt og hnitmiðað námskeið um flest allt sem mestu skiptir við eldi og ræktun landnámshænsna á smáum hænsnabúum, t.d. í þéttbýli.

*Umfjöllunarefni:*

- Stutt kynning á ERL, sagan í stuttu máli, ábyrgð félagsins, ræktunarmarkmið, vottun og sala.
- Undirbúningur hænsnahaldsins, að gera sig tilbúin til að annast hænur og byrja hænsnabúskapinn.
- Reglugerðir og o.fl. skemmtilegt. Um dýravelferð, hænsnahald í þéttbýli o.fl.
- „Slow food“ verkefnið. Samstarf ERL og Slow food samtakanna

*Hænan sjálf og ungarnir:*

- Egg og útungun, eggið og þroski fósturs, umhirða eggja til útungunnar og neyslu, undirstaða í að unga út (vélakostur, hita- og rakastig o.fl.)
- Ungar, klak og fyrstu dagar ungans, ungar teknir inn í kofann. Fóðrun og umhirða unga. Kyngreining.
- Hænsnavelferð, eftirlit með dýrunum, fóðrun og brynning. Almennt um heilsu hænsnanna, eftirlit með þeim innanhúss sem utan. Umhirða og þrif, fóðrarar og brynnarar, hænsnafóður af ýmsum gerðum. Fóðrun almennt.

*Húsakostur og aðbúnaður:*

- Hænsnakofinn og umhverfið. Vel útbúinn hænsnakofi, tækjabúnaður, innréttingar, efni til þrifa, undirlag á gólf og í kassa. Verklagsleiðbeiningar.
- Umhirða. Dagleg, vikuleg og árstíðabundin umhirða hænsnanna
- Sjúkdómar og varnir. Heilsa hænsnanna, gátlisti. Um helstu kvilla og varnir gegn þeim. Slátrun.
- Að njóta samvistanna. Hamingjusamar hænur og eigendur: gagnlegar pælingar um hænsnahald, t.d. í þéttbýli, ráð til að auðvelda hænsnahaldið og gera það vistvænna og skemmtilegra.
- Landnámshænan (skemmtilega hænan) og vinir hennar – saga ræktunarinnar. Upphaf og ástæða, saga, ábyrgð ræktandans, samfélagið.
- Fyrirspurnir og ráðgjöf – auðvitað er svo líka tekið við fyrirspurnum og rætt það sem gestum liggur á hjarta.

„Það eru allir velkomnir en nauðsynlegt er að skrá sig og því fyrr því betra,“ segir Magnús.

Námskeiðsgjald er 7.500 krónur, en félagsmenn greiða aðeins 5.000 kr. Skráning fer fram hjá Jóhönnu Harðardóttur í síma 566-7326 eða á netfanginu johanna@hlesey.is.

***Endurbætt heimasíða og komnir á Facebook***

„Ný og endurbætt heimasíða félagsins, www.haena.is, fór í loftið í síðustu viku. Þar verður sett inn auglýsing fyrir námskeiðið sem dæmi. Við hvetjum fólk til að kíkja þarna inn og skoða ýmsan fróðleik sem síðan hefur að geyma.

Þá er félagið komið með Facebook-síðu undir heitinu Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna. Þetta er svokölluð „Like“ síða, þar sem komið verður inn tilkynningum til félagsmanna, áhugamanna og velunnara um viðburði eða annað sem þurfa þykir,“ segir Magnús Ingimarsson. */HKr.*








Jón Helgason í Seglbúðum, f. 4. okt. 1931, d. 2. apríl 2019. Mynd / TB

# Minning – Jón Helgason

**Jón Helgason í Seglbúðum í Landbroti lést þriðjudaginn 2. apríl á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klaustur-hólum á Kirkjubæjarklaustri. Jón var kunnastur fyrir opinber störf sín en hann var alþingismaður fyrir Framsóknarflokkinn í Suðurlandskjördæmi á árunum 1974–1995 og jafnframt landbúnaðarráðherra frá 1983 til 1988 og dómsmálaráðherra 1983–1987. Forseti Alþingis var hann á árunum 1979–1983.**

Jón var formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Búnaðarþings 1991–1995. Árið 1998 var Jón kosinn á Kirkjuþing og á fyrsta þingi þar á eftir jafnframt forseti þess. Að auki sinnti hann ýmsum trúnaðarstörfum, bæði fyrir heimahérað sitt, bændastéttina og á landsvísu.

***Ötull baráttumaður landbúnaðarins og landsbyggðarinnar***

Í minningarorðum forseta Alþingis á dögunum kom fram að Jón Helgason tók fyrst sæti á Alþingi sem varaþingmaður í mars 1972. Hann var síðan kjörinn alþingismaður í kosningunum 1974 og sat samfellt á þingi í rúm 20 ár, eða til ársins 1995, samtals á 25 löggjafarþingum.

„Sem þingmaður beitti Jón sér mest í landbúnaðarmálum og hagsmunamálum landsbyggðarinnar. Bindindismál voru honum einnig mjög hugleikin og lét hann að sér kveða í þeim efnum bæði á Alþingi og utan þess. Hann sinnti líka nokkuð alþjóðastarfi á vegum þingsins,“ sagði í minningarorðum sem flutt voru á Alþingi í upphafi vikunnar.

Jón Helgason fæddist árið 1931 í Seglbúðum og var yngstur fjögurra systkina. Foreldrar þeirra voru Helgi Jónsson frá Seglbúðum og Gyðríður Pálsdóttir frá Þykkvabæ í Landbroti.

Jón bjó í Seglbúðum, ásamt konu sinni, Guðrúnu Þorkelsdóttur, en þau héldu þó jafnframt heimili í Reykjavík. Guðrún lifir eiginmann sinn. Börn þeirra eru Helga og Bjarni Þorkell og fóstursonurinn Björn Sævar Einarsson.

Í ítarlegu viðtali, sem birt var í tveimur tölublöðum Freys árið 2005, fór Matthías Eggertsson ritstjóri yfir uppvaxtarár Jóns og búskapinn í Seglbúðum. Þar sagði Jón meðal annars frá fyrstu árum sínum í heimangönguskóla í Þykkvabæ efri. Þangað fylgdi hann yngstu systur sinni, Ásdísi, þegar hún var tíu ára en hann átta. Þetta var um 40 mínútna gangur hvora leið en þar var hann í skóla í fjóra vetur. Veturinn áður en Jón lauk fullnaðarprófi fór hann í nám hjá séra Gísla Brynjólfssyni á Kirkjubæjarlaustri í nokkrar vikur, aðallega í íslensku og dönsku. Markmiðið var að sækja um skólavist í Menntaskólanum í Reykjavík. Leið Jóns lá síðan til Reykjavíkur í undirbúningsdeild hjá Einari Magnússyni menntaskólakennara. Vorið 1945 tók Jón inntökupróf í MR og varð í hópi þeirra 32 sem settust þar í 1. bekk um haustið. Þaðan lauk hann stúdentsprófi árið 1950. Örlögin höguðu því þannig að Jón tók við búi móður sinnar í Seglbúðum og var bóndi þar til ársins 1980 samhliða ýmsum öðrum störfum.

Með Jóni er genginn góður Skaftfellingur sem minnst er fyrir lipurð, samviskusemi og dugnað. Bændasamtök Íslands þakka fyrir störf Jóns Helgasonar í þágu íslensks landbúnaðar. */TB*

# Minni Inga Tryggvasonar skógarbónda 1921–2018



Ingi Tryggvason.

*Skaparans iðja, list og leikur,*
*lætur undrin ske.*
*Af fræjum smáum uxu eikur,*
*yfrin skógartré.*
*Hver stofn með greinum stendur keikur,*
*storma og kulda hlé.*

*Og hver sú jörð er skógar skreyta*
*skapar lífi mátt.*
*Slíku má ei bylta og breyta*
*í bervangstómið grátt.*
*Enn er skógum lands að leita,*
*líta í sólarátt.*

*Auðkenni Inga Tryggvasonar*
*var afburðafærnin hrein*
*að samhæfa þætti vits og vonar*
*og viðhorfin sönn og ein.*
*Þótt ævinnar störf væru ýmiss konar*
*ein var hans forláta grein.*

*Ingvar Gíslason*

*Það slæddust inn tvær stafavillur í ljóðinu í síðasta blaði og er það því endurbirt*

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS


Villtar skáldaliljur eru milli 20 og 40 sentímetrar að hæð og bera ilmsterk hvít blóm og gulleita bjöllu með rauðum jöðrum.

# Blóm eru andleg munaðarvara



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Afskorin blóm eins og hátíðarliljur eru falleg og gleðja bæði hjartað og andann, eða eins og Guðmundur Daníelsson rithöfundur sagði: „Blóm eru andleg munaðarvara eins og til dæmis skáldlistin, gagnlaus þeim sem sneyddir eru fagurskyni og hæfileikum til hughrifa, grænmeti og garðávextir eru hins vegar átmeti. Hvorugt má vanta.“**

Erfitt er að átta sig á fjölda þeirra hátíðarlilja, eins og páska- og hvítasunnuliljur eru stundum kallaðar, sem ræktaðar eru í heiminum enda eru þær ræktaðar bæði í einkagörðum og sem afskorin blóm í garðyrkjustöðvum. Stærstu framleiðendur afskorinna blóma í heiminum eru Kína, Indland og Bandaríki Norður-Ameríku og stærsti inn- og útflytjandi þeirra er Holland. Bretar eru einkar hrifnir af hátíðarliljum og áætlað að þeir rækti þær til afskurða á um 4400 hekturum lands. Verslun með lauka hátíðarlilja er einnig mikil og hér á landi eru þeir settir niður á haustin.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rúm 6,2 tonn af páskaliljulaukum í dvala og 128 kíló af páskaliljulaukum í vexti árið 2018. Ekkert er flutt inn af afskornum páskaliljum í blóma og Íslendingar sjálfum sér nógir hvað þær varðar.

Gísli Jóhannsson hjá Dalsgarði í Mosfellsdal er stærsti framleiðandi afskorinna páskalilja hér á landi og framleiðir að eigin sögn 70 þúsund stykki á ári. Að sögn Þorvaldar Snorrasonar, garðyrkjubónda í Flóru, framleiðir hann um 15 þúsund afskornar pákaliljur árlega. Auk þess sem nokkrir garðyrkjubændur rækta þær í minna mæli og má því ætla að árlega séu ræktaðar um 100 þúsund afskornar páskaliljur hér á landi.

Áætluð framleiðsla hér á landi af smáum hátíðarliljum í pottum, eða 'Tete-á-Tete' eins og þær kallast, er um 25.000 stykki á ári.

### *Ættkvíslin Narcissus*

Upprunaleg útbreiðsla lauka af ættkvíslinni Narcissus er í Suður-Evrópu og norðanverðri Afríku. Grasafræðingar eru ekki á sama máli um fjölda tegunda innan ættkvíslarinnar. Tegundafjöldi hefur verið sagður á bilinu 6 til 160. Í dag segja sumir tegundirnar um 60 og að helmingur þeirra séu náttúrulegir blendingar en aðrir vilja ekki telja blendingana til tegunda og segja þá undirtegundir og tegundirnar því í kringum 30.

Allar tegundir ættkvíslarinnar eru fjölærar og vaxa upp af laukum sem myndast á fyrsta ári eftir að plantan hefur vaxið upp af fræi. Laukurinn sem ofanjarðarhlutinn vex af er ljósbrúnn og túrban eða egglaga með áberandi hálsi sem blöðin vaxa upp af. Hver laukur skiptist í lög sem vaxa innan frá og fjölgar lögunum með auknum vexti og aldri, ystu lögin þurrt skæni en þau innri safarík og mjúk.

Blöðin safarík, ljós- eða blágræn, 5 til 80 sentímetrar að lengd eftir tegundum, flöt eða ávöl, heilrennd og með sljóum oddi. Blómstöngullinn sem er holur getur verið kantaður eða ávalur og vex upp í miðju blaðanna. Hann ber eitt til tuttugu blóm eftir tegundum sem eru hvít eða gul og einstaka sinnum græn. Blómin eru þrískipt, yst eru sex krónu- eða hlífðarblöð sem mynda stjörnu, næst er eins konar bjalla sem umlykur frævuna og sex frævla. Blómin annaðhvort uppreist eða drjúpandi og sjá skordýr um frjóvgun þeirra. Eftir frjóvgun myndast þrískiptur fræbelgur og í honum fjöldi svartra fræja sem eru eins og stór sandkorn að stærð. Fræbelgurinn þornar og rifnar þegar fræin hafa náð fullum þroska.


Hátíðarlilja í blóma.


Laukur hátíðarlilju.


Ummyndun Narcissuar. Salvardor Dali, 1937.

Að lokinni fræmyndun safna blöðin forða í laukinn og sölna að því loknu. Neðan á lauknum vaxa fremur stuttar en gildar rætur sem draga hann aðeins dýpra ofan í jörðina á haustin um það leyti sem laukurinn fer í vetrardvala fram að næsta vori. Eins og blöðin visna ræturnar fyrir veturinn. Við góð skilyrði mynda laukarnir hliðarlauka og eru einstakir laukar fremur langlífir.

### *Narcissus poeticus – Skáldalilja*

Þau blóm sem við þekkjum sem páskaliljur í dag þekkjast ekki villtar í náttúrunni og eru að öllum líkindum afkomandi Narcissus poeticus, eða skáldalilju á latínu, en hátíðarliljurnar N. tazetta og N. jonquilla koma einnig til greina sem forverar þeirra.

Villtar skáldaliljur eru milli 20 og 40 sentímetrar að hæð og bera ilmsterk hvít blóm og gulleita bjöllu með rauðum jöðrum. Plantan er upprunnin í Mið- og Suðaustur-Evrópu frá Spáni allt til Úkraínu.

Ræktaðar hátíðarliljur skiptast í fjölda undirtegunda og ræktunarafbrigði og yrki N. poeticus skipta þúsundum og 2018 höfðu 28.000 hlotið nafn en greining milli þeirra er vandasöm og ekki á færi nema sérfræðinga og jafnvel þekkingar í erfðafræði. Mismunandi yrki og afbrigði eru ólík að hæð, stærð, lit og lögun blóma. Ólík afbrigði og yrki eru ræktuð til afskurðar eða sem laukar sem seldir eru til áframræktunar í görðum og við þekkjum sem haustlauka.

Bretar hafa lengi verið duglegir að frjóvga saman N. poeticus og N. pseudonarcissus sem vex villt á Bretlandseyjum og þannig ná fram fjölbreyttu úrvali afbrigða og yrkja. Sumir áhugasamir ræktunarmenn segja að ýmis gömul yrki séu öllum blómum fallegri.

Gular páskaliljur eru mikið seldar sem afskorin blóm á vorin og í margra huga tákn vorsins og páskanna.

*Uppruni og saga*

Talið er að forverar ættkvíslarinnar Narcissus hafi fyrst komið fram á Íberíuskaga fyrir 18 til 30 milljónum ára og snemma á þróunarferlinum skipst í ýmsar tegundir samhliða því að plönturnar breiddust út norðan og sunnan Miðjarðarhafsins.

Elsta skráða heimild um skáldalilju er í grasafræðiriti Grikkjans Theophrasusar sem var uppi á annarri og þriðju öld fyrir Krist. Rómverska skáldið Virgil nefnir einnig skáldalilju í fimmta Hjarðkvæði sínu sem var samið í sexliðahætti um 40 fyrir Krist. Gríski læknirinn, grasa- og lyfjafræðingurinn, Dioscorides, sem uppi var á þriðju og annarri öld fyrir Krist talar um skáldaliljur í grasafræði sinni.

Í einni útgáfu grískra goðsagna um hetjuna Narkissos refsaði hefndargyðjan Nemisis hetjunni með því að breyta Narkissos í blómið sem við þekkjum sem skáldalilju í dag. Í annarri útgáfu segir að fegurð Narkissosar hafi verið slík að hann hafi orðið ástfanginn að eigin spegilmynd þar sem hann sat við lækjarbakka og horfði í vatnið og við það breyst í skáldalilju. Með tímanum hefur heiti Narkissosar orðið samnefnari yfir sjálfsást og fólk sem hugsar um eigin hag umfram allt annað.

Ilmur skáldaliljunnar er samkvæmt goðsögnum tengdur gyðjunni Persefón og fylgjendum hennar og því að undirheimaguðinn Haden hafi rænt henni og flutt til heljar. Á öðrum stað segir að Jörðin hafi skapað skáldaliljuna að beiðni Seifs til að gleðja Hades þar sem hann tók við svo mörgum til undirheima eftir andlátið. Mun sá siður sem víða þekkist erlendis að planta hátíðarliljum á grafir tengjast þeim goðsögum.

Ramses II Egyptalandsfaraó var lagður til í steinkistu sína með hátíðarlauka í augntóftunum.

Í kristnum helgimyndum tákna hátíðarliljur aftur á móti sigur kærleikans og framhaldslífs yfir dauðanum, egóinu og syndinni.

Það var Rómverjinn Pliny eldri, uppi á fyrstu öld eftir Krist, sem fyrstur kallar plöntuna latneska heitinu Narcissus í náttúrufræði sinni.

Miðalda rithöfundurinn Albert Magnus segir, af óþekktri ástæðu, skáldalilju minna í útliti á púrrulauk í De Vegetabilibus et Plantis frá þrettándu öld og endurreisnarmaðurinn William Turner segir frá lækningamætti þeirra í A New Herbal frá 1551. Svíinn Carl Linnaeus lýsir skáldalilju í bók sinni Species Plantarum sem kom út 1753 og heldur sig við heitið Narcissus og þar festist heitið endanlega við ættkvíslina.

Plantan hefur lengi verið í ræktun bæði sem skrautblóm og sem lækningajurt. Til eru heimildir sem greina frá landnámi bæði villtra og ræktaðra hátíðarlilja í Austurlöndum fjær á tíundu öld og hefur því verslun með þær hafist snemma.

Sagan segir að breski lávarðurinn Geoffrey de Fynderne hafi borið með sér fyrstu lauka skáldalilju til þorpsins Findern á Bretlandseyjum eftir krossferð sína til landsins helga skömmu fyrir 1100. Laukarnir sem Fynderne hafði með sér döfnuðu og hafa gert sig heimakomna kringum þorpið og dafna þar vel enn í dag. Talið er að laukarnir hafi borist til Nýja heimsins seint á átjándu öld í farangri nýbúa frá Evrópu.

Heimildir sýna að ræktun á hátíðarliljum nær langt aftur í aldir en vinsældir þeirra uxu mikið í Evrópu á sautjándu öld og hafa haldist allt til dagsins í dag. Sem dæmi um vinsældir hátíðarlilja í Evrópu snemma á átjándu öld þá bauð hollenskur pöntunarlisti til sölu 50 mismunandi laukaafbrigði.



Vincent van Gogh. 1890. Tvær fígúrur í undirgróðri. Olía á striga 50x100 sentímetrar.



Narcissus fellur fyrir eigin spegilmynd. Málverk eftir Alexey Chizhov, 2011.



Áætluð framleiðsla hér á landi af smáum hátíðarliljum í pottum, eða 'Tete-á-Tete' eins og þær kallast, er um 25.000 stykki á ári.



Ólíkar blómgerðir hátíðarlilja.

*Nafnaspeki*

Latneska ættkvíslarheitið Narcissus er að líkindum dregið af gríska orðinu narkad sem þýðir að deyfa eða svæfa og vísar til ilms blómsins. Tegundarheitið poeticus þýðir aftur á móti skáld eða skáldmæltur.

Á ensku þekkjast heitin daffadown dilly, daffydowndilly, daffodil, pheasant's-eye daffodil, poet's narcissus og lent lily eða föstulilja. Á frönsku nefnist plantan claudinette, narcisse, narcisse poetes og 'oeil de faisan. Þjóðverjar kalla plöntuna weiße Narzisse, Ítalir og Spánverjar kalla hana narciso auk þess sem heitin narciso blanco og trompon þekkjast á Spáni og Svíar kalla hátíðarliljur pingstlilja.

Heitin páska- og hvítasunnulilja á íslensku tengjast að öllum líkindum blómgunartíma plantnanna og heitið hátíðarlilja er samheiti yfir margar tegundir. Til að rétt sé rétt kalla sumir N. poeticus páskalilju á íslensku en N. pseudonarcissus hvítasunnulilju.

Lilju-endingin í íslenska heitinu gæti átt rætur að rekja til þess að í eina tíð töldust tegundir innan ættkvíslarinnar Narcissus til ættkvíslarinnar Lilium eða sem liljur.



Hátíðarliljuakur í Hollandi.

*Verndun*

Þrátt fyrir miklar vinsældir ræktaðra hátíðarlilja eiga villtar hátíðarliljur víða undir högg að sækja í náttúrulegum heimkynnum sínum og sumar á mörkum þess að deyja út sem villtar tegundir. Ástæður þessa eru meðal annars útþensla borga og ásælni safnara í sjaldgæfa Narcissussa. Í dag eru fimm tegundir hátíðarlilja á lista International Union for Conservation of Nature yfir plöntur sem eru taldar í útrýmingarhættu eða IUCN Red List. Það eru N. alcaracensis, N. bujei, N. longispathus, N. nevadensis og N. radinganorum.

*Nytjar og tákn*

Auk þess að vera einstakt augnakonfekt og andleg munaðarvara eru framleiddar ilmolíur úr hátíðarliljum og er angan þeirra sá algengasti sem notaður er í alls kyns tælandi vellyktandi og ilmvötn.

Hátíðarliljur hafa frá ómunatíð verið notaðar í lækningaskyni. Í seinni tíð hefur verið unnið úr þeim efni sem kallast galantamine og er notað í baráttunni við Alzheimer. Þær eru víða um heim tákn um baráttuna gegn krabbameini.

Í Kóreu eru efni sem unnin eru úr hátíðarlilju notuð í augndropa við sprungnum augnæðum, þvagfæravandamálum og tíðateppu.

Hátíðarliljur eru þjóðartákn Wales en á Írlandi var um tíma bannað að bera páskaliljur í hnappagatinu á páskasunnudag þar sem þær voru sagðar tákn um uppreisnina í Dublin 1916.

Liljurnar, sem stundum eru nefndar í Biblíunni, eins og til dæmis í Síraksbók 50:9 „Hann var sem útsprungin rós á vordegi, liljur við lindaruppsprettu, skrúð Líbanonsskóga á sumardögum“ og í 6:2 í Ljóðaljóðunum, „Elskhugi minn er farinn niður í garð að sinna ilmjurtareitunum, til leiks í görðunum, að tína liljur“, eru af grasafræðingum taldar geta verið annaðhvort eða bæði N. poeticus og N. tazetta.

Hátíðarliljur eru gríðarlega vinsælar í íslamskri garðlist og blómið sagt minna á auga. Spámaðurinn Múhameð á að hafa sagt að ef menn ættu tvö brauð ættu þeir að selja annað og kaupa sér hátíðarlilju í staðinn. „Brauðið mettar magann en blómið sálina.“

Goðsögnin um Narkissos hefur víða komið fram sem viðfang í myndlist og bókmenntum. Ítalinn Caravaggio sem uppi var á 16. öld málaði fræga mynd af Narkissos þar sem hann dáist að eigin spegilmynd og Salvador Dali málaði sína sýn á goðsögnina 1937. Narkissosarmótífið er einnig greinilegt í bókinni Myndin af Dorian Gray eftir Oscar Wilde.

Allar tegundir af ættkvíslinni Narcissus eru eitraðar og ekki ætlaðar til átu, auk þess sem margir hafa ofnæmi fyrir þeim.

*Ræktun*

Best er að setja hátíðarliljulauka niður á haustin í lok september eða byrjun október eða áður en jörð frýs. Laukunum líður best séu þeir hafðir nokkrir saman í hnapp og auk þess er fallegra að þeir standi nokkrir saman eftir að þeir koma upp í stað þess að standa einn og einn á stangli. Laukunum líður best í næringarríkri og eilítið sandblendinni mold með pH 6.5 til 7.0. Einföld þumalfingursregla segir að setja skuli laukana niður sem nemur tvö- til þrefaldri hæð þeirra, og heldur dýpra í lausum jarðvegi. Yfirleit blómstra laukarnir í lok maí og verða 40 til 50 sentímetra háir.

'Tete-á-Tete' eru smáar hátíðarliljur sem mikið er selt af í pottum um páskaleytið. Eftir blómgun má gróðursetja plöntuna eins og hún kemur fyrir í pottinum úti í garðinum og þar kemur hún upp og blómgast á hverju vori eftir það.

*Hátíðarliljur á Íslandi*

Um miðjan fyrsta áratug síðustu aldar og árin þar á eftir má sjá auglýsingu í íslenskum blöðum þar sem boðnar eru til sölu páskaliljur. Það er þó ekki fyrr en með tilkomu sérhæfðra blómaverslana að einhver festa kemst í sölu afskorinna blóma hér á landi. Í bókinni Hallir gróðurs háar rísa – Saga ylræktar á Íslandi eftir Harald Sigurðsson segir að stríðsárin hafi verið blómlegt tímabil í rekstri blómabúða í Reykjavík. „Öll blóm sem berast í búðirnar seljast upp en framleiðslan er ekki ýkja mikil á þessum árum. Herliðið í bænum kaupir að sjálfsögðu mikið af blómum handa stelpunum. Jóhanna Zoëga sem rekur Litlu blómabúðina í Bankastræti á þessum árum fer ekki varhluta af góðri sölu. Sagt er að Jóhanna hafi engan peningakassa en setji peningana þess í stað í poka og af því að salan er svo góð virðist alltaf vera nóg af peningum í pokanum.“

Hjónin Þórður Þorsteinsson, fyrrum hreppstjóri í Kópavogshreppi og garðyrkjubóndi að Sæbóli, og Helga Sveinsdóttir stofnuðu fyrstu blómabúðina í Kópavogi skömmu eftir miðja síðustu öld og fékk verslunin heitið Blómaskálinn. Áður en hjónin stofnuðu verslunina voru þau með torgsölu á blómum í Reykjavík.

Sagan segir að einu sinni skömmu fyrir páska hafi verið svo mikið af páskaliljum á markaði að óhugsandi virtist að hægt væri að selja þá alla. Sagt er að Þórður á Sæbóli hafi tekið 30.000 stykki til sölu. Þegar viðskiptavinirnir fóru að streyma í torgsöluna um morguninn segir Þórður hverjum og einum viðskiptavini að allt útlit sé fyrir að það verði skortur á páskaliljum og að það verði að skammta hverjum og einum 20 til 30 blóm svo að allir fái eitthvað. Þegar komið var fram að hádegi var Þórður búinn að selja allar páskaliljurnar.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM


Páskaliljur eru meðal harðgerðustu laukplantna og auðvelt er að veita þeim framhaldslíf því þær þrífast vel í görðum hérlendis.

# 'Tête-à-tête' Febrúarlilja

**Um þessar mundir eru íslenskir garðyrkjubændur í óða önn að senda frá sér blómstrandi plöntur í pottum til notkunar innandyra. 'Tête-à-tête' er ein þeirra, skyld páskaliljum.**



Vinsældir þeirra koma ekki á óvart, með sínar gulu, óviðjafnanlega fögru klasasprengjur en auk þess eru þær meðal harðgerðustu laukplantna og auðvelt er að veita þeim framhaldslíf því þær þrífast vel í görðum hérlendis.

### *Uppruni*

Febrúarliljur (N. cyclamineus) tilheyra ættkvísl hátíðarlilja (Narcissus), fjölærra laukjurta sem upprunnar eru í löndum sem liggja við Miðjarðarhafið og í Austurlöndum nær.

Ættkvíslarheitið er jafnan tengt við grísku goðsöguna um Narkissos, undurfagran pilt sem varð svo ástfanginn af eigin spegilmynd að hann veslaðist upp og dó og breyttist í jurt þessarar ættkvíslar á árbakkanum. Merking orðsins á ensku þýðir 'svæfa' eða 'deyfa' en plönturnar framleiða einmitt ýmsar gerðir lýtinga (alkalóíða) til að verja sig gegn ágangi grasbíta og skordýra. Franska orðið 'Tête-à-tête' er hægt að þýða sem 'samræður' eða 'höfuð við höfuð' og er talið að nafnið á yrkinu sé til komið vegna þess að það líti út sem lútandi blómin séu að tala saman.

Innan ættkvíslarinnar Narcissus má finna þúsundir tegunda og tegundablendinga. Afrakstur ræktunarstarfs skilaði meðal annars 'Tête-à-tête', smávöxnu, harðgeru og margverðlaunuðu yrki. Það sem gerir yrkið svo eftirsótt er hvað það er fagurt, fínlegt og harðgert og síðast en ekki síst, hvað það er blómviljugt en hver laukur getur sent frá sér mörg blóm.

### *Lækningajurt*

Menn hafa nýtt sér plönturnar öldum saman til lækninga, svo sem við brunasárum, tognunum og liðverkjum og einnig í nútíma lyfjaframleiðslu. Varast skal þó að leggja sér plöntuhlutana sér til munns því þessi efni geta valdið uppköstum og niðurgangi sé þeirra neytt og einnig framkallað útbrot ef þau komast í snertingu við húð.

### *Útlitseinkenni*

Upp úr laukunum koma sprotar, umvafðir blaðslíðri sem innihalda lauf-, stöngul- og blómvísa. Laufblöðin eru græn með bláleitum tón, fremur mjó. Blómin eru hulin af himnukenndum háblöðum fyrir blómgun en springa svo út, ilmandi og falleg.

### *Umhirða*

Plönturnar þurfa bjartan stað en forðast skal að hafa þær í suðurglugga því of hár hiti og mikil sól geta valdið því að blöð sölni og blómin standa skemur en ella.

Jarðvegurinn í pottinum þarf að haldast rakur þegar plantan er í vexti og er ágætt að stinga fingri ofan í pottinn og vökva þegar efstu tveir cm jarðvegsins eru farnir að þorna. Afrennslisvatn ætti að fjarlægja úr undirskál eftir um 30 mínútur eða svo.

### *Framhaldslíf*

Eitt af því sem gerir þessar plöntur svo skemmtilegar, er að þær eru auðræktaðar úti við, meira að segja hér á landi. Þær eru duglegar að mynda hliðarlauka, og því fær maður mikið fyrir peninginn. Gott ráð er að klípa slöpp blóm af svo orkan fari í að ljóstillífa og safna forða í laukinn í stað þess að mynda fræ. Þegar blómgun er lokið ætti að draga úr vökvun og leyfa blöðunum að sölna. Svo er hægt að setja laukana út í garð eftir síðasta frost.

Febrúarliljur eru yfirleitt með fyrstu hátíðarliljum til að byrja að blómstra og færa okkur þannig fjær vetrardrunganum, eitthvað sem við þráum flest.

***Aldís Björk Sigurðardóttir,*** *nemi í garðyrkjuframleiðslu.*

UTAN ÚR HEIMI


Veitingastaðurinn Under, sem staðsettur er í Lindesnesi í Noregi, er stærsti neðansjávarveitingastaður í heiminum.

# Fyrsti neðansjávarveitingastaður í Evrópu er í Lindesnesi í Noregi

**Norska arkitektafyrirtækið Snøhetta kynnti á dögunum fyrsta neðansjávarveitingastað í Evrópu og þann stærsta sinnar tegundar í heiminum sem nú hefur tekið til starfa í Lindesnesi í Noregi. Veitingastaðurinn, sem ber nafnið Under, er á syðsta hluta strandlengju Noregs þar sem sjórinn lemur á staðnum úr norðri og verður einnig notaður sem rannsóknarstöð fyrir lífið neðansjávar.**


Á veitingastaðnum getur að líta heimsklassa arkitektúr en víðglugginn sem sökkt var í sjóinn er 11 metra breiður og til að hámarka upplifun gesta af lífinu í sjónum var komið fyrir sérstakri lýsingu innandyra með 380 stykkjum af sérstökum LED-ljósaperum.

Lindesnes er þekkt fyrir öfga í veðri, þar sem skilin milli logns og storms geta breyst nokkrum sinnum á dag. Veitingastaðurinn mun taka 40 manns í sæti og rúmu ári fyrir opnun hans höfðu 1.200 manns pantað sér borð á þessum áhugaverða veitingastað. Bræðurnir Gaute Ubostad, sem á og rekur Lindesnes Havhotell og bróðir hans, Stig, fengu hugmyndina að veitingastaðnum og ákváðu að framkvæma hana með góðri hjálp Snøhetta-fyrirtækisins. Nú er nánast uppbókað á veitingastaðinn út septembermánuð. Hafa bræðurnir fengið danska kokkinn Nicolai Ellitsgaard Pederesen til liðs við sig þar sem framreiddur verður norrænn matur en um 20 réttir verða á matseðlinum. Vilja þeir þó leggja áherslu á að þetta verði ekki sjávarréttaveitingastaður, heldur blanda af öllu því besta fáanlega á hverjum tíma. Gestir sem eru svo heppnir að fá borð á veitingastaðnum geta vænst þess að eyða um 30 þúsund krónum íslenskum í máltíðina og að auki þurfa allir sem panta borð að borga fyrirvaragjald upp á um 15 þúsund íslenskar krónur. */ehg*




Veitingastaðurinn á Lindesnesi.

# ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

**LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.**



## FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

**Verndar þarmana** – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni
**Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans** – Natríumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosfót
**Eykur orku** – Dextrósi
**Styrkir erta slímhúð** – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, tímótei og thymol

## LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

**Heilbrigð þarmaflóra** – Mjólkursýrugerlar
**Eflir ónæmiskerfið** – Broddur
**Örvandi – Jurtakraftur** (kóla, gúarana)
**Eykur líkamlegan styrk** – Flókin samsetning vítamína og járns
**Eykur orku** – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þríglyseríðar

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is






TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# GJAFAGRINDUR
*- á gjafverði*



**EIGUM EFTIR NOKKRAR GJAFAGRINDUR Á GÓÐU VERÐI.**

Verð á grind 34.900 kr. auk vsk. Ef keyptar eru þrjár grindur eða fleiri lækkar verðið í 29.900 kr. auk vsk.

**Gjafverð!**

Grindurnar eru á Hvolsvelli en hægt að senda hvert á land sem er.

**Upplýsingar og pantanir í símum 899 1776 og 669 1336.**

AURASEL
Meira fyrir aurinn



# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



**Lely Center Ísland**

**HAUGHRÆRUR**





**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



# Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur

**Opnanlegar bæði með hlera og hurð**

**Ríkulegur útbúnaður**

**2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk**

**3ja hesta kerrur frá kr. 1.690.000 m/vsk**



BRIMCO ehf.
**EFRIBRAUT 6 (við Reykjalund)**
**270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is**

LÍF & STARF

# Kvenfélag Grímsneshrepps 100 ára


Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps, sem hefur í nógu að snúast með sínum félagskonum vegna 100 ára afmælis félagsins.


Kvenfélagskonurnar með þeim Bergþóri Pálssyni og Alberti Eiríkssyni, sem heimsóttu þær nýlega og voru með skemmtilega fræðslu. Með í för var Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, sem er faðir Bergþórs.

Mynd / Kvenfélag Grímsneshrepps

**Kvenfélag Grímsneshrepps mun fagna 100 ára afmæli félagsins laugardaginn 24. apríl næstkomandi en þá er öld frá því að tuttugu konur komu saman og stofnuðu félagið.**

„Við erum að leggja lokahönd á að skrifa 100 ára sögu félagsins sem hefur verið heilmikið verk og lærdómur að fara í gegnum öll gögn sem finnast yfir starfið og sögurnar í kringum starfið. Við stefnum á að bókin komi út í kringum afmælisdaginn stóra, 24. apríl. Söguritari er Margrét Sveinbjörnsdóttir frá Heiðabæ í Þingvallasveit,“ segir Laufey Guðmundsdóttir, formaður félagsins.

100 ára afmælinu verður líka fagnað á afmælisdaginn sjálfan með mat, skemmtun og balli fyrir félagskonur, maka og sveitunga, allir eru velkomnir á þá skemmtun.


Grímsævintýri á Borg í Grímsnesi er einn af hápunktum í starfi kvenfélagsins en dagurinn er alltaf laugardaginn eftir verslunarmannahelgi. Hér eru þær Þóranna Snorradóttir og Sigríður Björnsdóttir kvenfélagskonur, hressar og kátar á markaðnum á Grímsævintýrum.


Kvenfélagið stóð fyrir málþingi á Borg laugardaginn 9. mars þar sem spurt var „Hver eru gildi frjálsra félagasamtaka fyrir samfélög?“ Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, heiðraði þingið með nærveru sinni og stuttu ávarpi. Hér er hann með Laufeyju, formanni félagsins.

Dagana 26. apríl til 1. maí ætla kvenfélagskonurnar að skella sér til Póllands og heimsækja Varsjá.

„Grímsævintýrin okkar á Borg verða að sjálfsögðu á sínum stað laugardaginn eftir verslunarmannahelgina og reiknum við með að gera flotta dagskrá í ár líkt og vanalega. Tombólan okkar fræga, sem félagið hefur haldið árlega frá árinu 1926, verður á sínum stað. Og markaður, kaffisala, hoppukastalar og skemmtun fyrir börn og fullorðna,“ bætir Laufey við. */MHH*



Íslenskt sárasprey
fyrir öll dýr, stór og smá
- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

*Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land*

primex
www.primex.is
s. 460 6900
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS


Verðlaunahafar úrvalsmjólkur árið 2018.

Mynd / Atli Vigfússon 641.is

# Úrvalsmjólk í Norðausturdeild

**Deildarfundur Auðhumlu fyrir Norðausturdeild var haldinn í Sveinbjarnargerði í Eyjafirði fyrir skömmu. Á fundinum voru m.a. afhent verðlaun til bænda sem framleiddu úrvalsmjók á árinu 2018.**

Mjólkurframleiðendur í Norðausturdeild sem framleiddu úrvalsmjólk árið 2018 voru ábúendur á Torfum, Villingadal, Hallandi 1, Breiðabóli, Víðigerði og Hóli í Eyjafirði. Einnig ábúendur á Breiðabóli og Veisu í Fnjóskadal, Vogum í Mývatnssveit, Búvöllum og Hraunkoti í Aðaldal og Laxamýri í Norðurþingi. */MÞÞ*

# Gjafagrindur spara hey

Íslensk framleiðsla





VIG
Vélsmiðja Ingvars Guðna

vig@vig.is s:486 1810





# SKEIFUDAGURINN

MORGUNBLAÐSSKEIFAN - GUNNARSBIKARINN - STÓÐHESTAHAPPADRÆTTI - REIÐSÝNING

25. APRÍL KL 13

Hestamannafélagið Grani heldur Skeifudagaginn hátíðlegan í 63. skipti, sumardaginn fyrsta kl 13 á Mið-Fossum í Borgarfirði. Kaffisala, happadrætti og verðlaunaafhending eftir sýningu á Hvanneyri.

FACEBOOK: GRANI LBHÍ / WWW.LBHI.IS



STRÚKTÚR

Vegg- og þakklæðningar



Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |



# MUNIÐ!

## HJÁ MÉR FÁST:

- STEINBITAR FRÁ ANDERSBETON
- FLATGRYFJUR FRÁ BOSCHBETON
- GÚMMÍMOTTUR FRÁ KRAIBURG

*Benedikt Hjaltason*
fjosbitar@simnet.is
S: 8 946 946



EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Lely Center Ísland

# VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR




Útvegum varahluti í gömlu vélarnar

**Reykjavík** Krókháls 5F – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is

## UTAN ÚR HEIMI



Miðað er við að um 30% af hafi á jörðinni verði friðað fyrir árið 2030.

Umhverfismál:

# Hafsvæði sem þarf að vernda

**Hópur fræðimanna á vegum Sameinuðu þjóðanna vinnur nú að söfnun upplýsinga og gerð korts sem á að sýna hafsvæði í heiminum sem þarf að friða fyrir ásælni manna til að draga úr hættu á hruni dýralífs í höfunum.**

Kortinu er ætlað að sýna stjórnvöldum í löndum heims hvaða hafsvæði þurfa á friðun að halda og hvað löndin geta gert til að stuðla að verndun þeirra. Samkvæmt því sem segir um vinnu við kortin er miðað við að um 30% af hafi á jörðinni verði friðað fyrir árið 2030. Einnig segir að friðunin eigi að taka tillit til vistkerfa sem heild en ekki að vera bundin við einstaka dýrategundir.

Ástæður þess að vernda þarf mismunandi hafsvæði eru ólíkar og geta ráðist af því að um sé að ræða ofveiði, olíu- eða gasvinnslu, mengun, hlýnun eða súrnun svæðisins vegna loftslagsbreytinga. Þannig að verndarsvæði geta hæglega skarast yfir landahelgi ríkja.

Auk þess sem að í hafinu er að finna fjölbreytt dýralíf og flókin vistkerfi leika höfin stórt hlutverk þegar kemur að því að viðhalda veðrakerfum og binda kolefni.

Á kortinu verður heimshöfunum skipt upp í 25 þúsund ferninga sem hver um sig er 100 kílómetrar á kant og eru mismunandi ástæður friðunar sagðar vera 458. /VH




Ofurkvígan Olga.

# Olga setti Evrópumet

**Nýtt met var sett við sölu á Holstein kvígu í febrúar er kvígan Olga, sem heitir reyndar Gah Olga Des Grilles, var seld á 130.000 evrur, sem gera hvorki meira né minna en 17 milljónir króna. Þessi ótrúlega upphæð er nýtt met í Evrópu.**

Á naut.is segir Snorri Sigurðsson að kvígan, sem fæddist 30. júlí 2018 á kúabúi í Normandí, hafi verið boðin upp á kynbótamarkaðinum Paris Dairy Sale í Frakklandi. Strax í sumarbyrjun verður hægt að byrja að skola úr henni egg og tæknifrjóvga, en það er afar vinsæl aðferð sem nú orðið er mikið notuð, þ.e. glasafrjóvgun.

Skýringin á þessu ævintýralega verði á kvígunni Olgu er að greining á erfðaefni hennar gaf einstaklega há svör, sem bendir til þess að um yfirburða kynbótagrip sé að ræða.

Þannig fékk hún 235 í einkunn samkvæmt franska ISU staðlinum, 172 í einkunn samkvæmt þýska RZG staðlinum og 4916 gPFT stig. Framangreindar einkunnir eru flestum framandi á Íslandi en þetta munu víst allt vera einstaklega háar einkunnir. /VH


## TIL SÖLU ERU VINNUBÚÐIR TIL FLUTNINGS

**- Ýmsar stærðir og gerðir -**

Staðsetning: Búðarháls. Búrfell. Þeistareykir.





**Nánari upplýsingar, sölugögn, teikningar og fl. veita:**
Sigurður - 898 3708 & sigurdur@gardatorg.is
Hlynur - 697 9215 & hlynur@gardatorg.is

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN


## Á FAGLEGUM NÓTUM



Í Danmörku eru mörg náttúrusvæði sem hið opinbera hefur ákveðið að skuli vernda og holdanaut og sauðfé eru sérlega vel fallin til þess að halda niðri ósækilegri gróðurmyndun. Myndir / SEGES

# Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku – 1. hluti



**Snorri Sigurðsson**
snsig@arlafoods.com

**Hið árlega og þekkta danska fagþing nautgriparæktarinnar var haldið á dögunum og venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt í Evrópu.**

Að þessu sinni voru erindin alls 68 talsins í tíu ólíkum málstofum. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum af þeim fróðlegu erindum sem flutt voru í málstofunum sem fjölluðu um fóður, holdanautaeldi og bústjórn.




Til þess að ná árangri við stöðlun á vinnubrögðum og vinnuferlum á kúabúum hefur það reynst vel að útbúa skýringarmyndir og -texta og láta skilaboðin þannig seytla smátt og smátt inn í vitund starfsfólks.

### 1. Fóður

Í þessari málstofu voru flutt sex erindi og þar á meðal var eitt afar fróðlegt sem sneri að nýrri nálgun við fóðrun geldkúa. Undanfarna áratugi hafa vísindamenn víða um heim komið með afar ólíkar ráðleggingar um hvernig sé best að fóðra kýr í geldstöðu og heimildir um slík ráð ná reyndar rúmlega 100 ár aftur í tímann! Nú virðist sem sjáist til lands varðandi þetta gamla þrætuepli og flestir eru á því að skipta skuli geldstöðunni upp í tvö megin tímabil, þ.e. fyrri hluta og síðari hluta geldstöðu. Fyrri hlutinn, sem nefnist „Far-off“ á ensku, stendur þar til þrjár vikur eru í burð og tekur þá síðari hlutinn við sem nefnist „Close-up“ á ensku.

Í þessu erindi var skýrt frá því af hverju það sé mikilvægt að skipta fóðruninni upp í tvö aðskilin tímabil en það felst í afar ólíkum þörfum kúnna sjálfra en flestir kúabændur þekkja það af eigin reynslu að nýbærur eru oft viðkvæmar fyrir áföllum en því betur sem þær eru búnar undir að hefja mjólkurframleiðslu, því minni líkur eru á því að þær lendi í einhverju áfalli eins og efnaskiptasjúkdómi svo dæmi sé tekið. Margir kúabændur hafa til þessa stundað það að flytja kýr í burðarstíur stuttu fyrir burð en í dag er bændum ráðlagt að hverfa frá slíku vinnulagi en færa þær frekar í velferðarstíur þremur vikum fyrir burð. Sé það gert eru kýrnar og kvígurnar rólegri, auk þess sem það gefur færi á því að fóðra þennan geldkúahóp sérstaklega.

Í stuttu máli sagt er munurinn á fóðrinu sá að í fyrri hluta geldstöðu eru kýrnar að fá mun lægri orkustyrk í fóðrinu en í síðari hlutanum og þá er geldstöðufóðrið í síðari hluta geldstöðunnar sýrt aukalega en það hefur jákvæð fyrirbyggjandi áhrif á efnaskiptasjúkdóma. Það er hins vegar ekki mælt með því að gefa kúm á fyrri hluta geldstöðu slíkt aukalega súrsað fóður og mæla danskir ráðunautar með því að bændur fylgist með sýrustigi hlands geldkúnna til þess að meta hvort breyta þurfi sýrustigi fóðursins. Rétt er að benda lesendum á að leita ráða hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins varðandi allar nánari upplýsingar um þessa þrepaskiptu fóðrun geldkúa.

### Hærra prótein fyrir kýr

Annað áhugavert erindi fjallaði um breytta próteinfóðrun mjólkurkúa en um tilraunaverkefni var að ræða á vegum háskólans í Árósum. Gerð var tilraun með að þrepaskipta próteinfóðrun kúa þannig að þær fengu hátt hlutfall af fóðurpróteini á fyrri hluta mjaltaskeiðsins en lægra á síðari hluta þess.

Kýr eru alla jafnan í neikvæðu AAT-jafnvægi eftir burð og lægst í kringum viku eftir burð og gekk tilraunin út á að reyna að bæta úr þessu með því að gefa kúnum 23% prótein fyrstu 30 dagana eftir burð, þá 17% fram að 150. degi eftir burð og svo lækka hlutfallið niður í 15,4% á síðasta hluta mjaltaskeiðsins. Útreikningar háskólans sýna að þessi þrepaskipta próteinfóðrun skilar nytaukningu um 14% í samanburði við afurðir kúa sem fá 17% prótein allt mjaltaskeiðið. Þessi nytaukning þýðir jafnframt að 2/3 af því viðbótarpróteini sem kýrnar fengu skilaði sér sem mjólkurprótein í mjólkinni sem kýrnar mjólkuðu aukalega umfram hinar kýrnar. Með þá vitneskju í farteskinu hefur það verið reiknað út að þessi þrepafóðrun getur borgað sig, þrátt fyrir að fóðurpróteinið kunni að vera nokkuð dýrt. Það skal þó tekið fram að um tilraun var að ræða og enn er ekki búið að reyna þetta fóðrunarlag við hefðbundnar aðstæður.

### 2. Holdanautaeldi

Í þessari málstofu voru flutt fimm erindi en dönsk holdanautarækt er afar mikilvæg búgrein og er hún víða stunduð sem hliðarbúgrein samhliða öðrum búrekstri, en einnig eru til þónokkur bú sem eingöngu eru í holdanautarækt.

Flest erindin sneru í raun beint að dönskum skilyrðum til holdanautaframleiðslu og því ekki beint gagnleg íslenskum bændum en eitt erindið var þó áhugavert en það sneri að notkun holdanauta til varðveislu á náttúrunni!

Í mörgum löndum Evrópusambandsins eru sérstakir umönnunarstyrkir til bænda en styrkina fá bændurnir fyrir það að sjá til þess að halda niðri vexti á gróðri á skilgreindum opnum svæðum. Sé ekkert gert, gróa þau upp t.d. með hríslum og runnagróðri og verða illnýtanleg auk þess sem skilyrði fyrir bæði ákveðna fugla, plöntur og skordýr hverfa. Nautgripir eru sérlega vel til þess fallnir að nýta í svona verkefni og fjallaði einmitt eitt erindið í þessari málstofu um þetta gagnmerka hlutverk.

Í erindinu kom m.a. fram að umönnun náttúrunnar með því að nýta grasbíta er hreint ekki einfalt mál enda krefst það mikillar vandvirkni svo tryggt sé að ákveðnar plöntur nái að vaxa og dafna á meðan öðrum sem eru óæskilegar sé haldið niðri. Reynslan sýnir að holdanaut eru afar gott „verkfæri“ til þess að halda niðri gróðri og því krefst það töluverðrar vinnu við beitarstjórn svo náttúran haldist í jafnvægi. Fram kom að styrkirnir sem bændur geta fengið duga ekki fyrir þeim kostnaði sem bændurnir hafa vegna beitarstjórnar og eftirlits auk þess sem eftirlitskostnaður hins opinbera er einnig verulegur. Niðurstaðan var í raun sú að ef Danir vilja halda í náttúruna og dýralífið sem þar býr þurfi að breyta styrkjakerfinu verulega þannig að bændurnir fái

meira í sinn hlut. Þá geta þeir með góðu móti sinnt því hlutverki að vernda náttúruna, en um leið að geta fengið góðan og réttmætan afrakstur af vinnu sinni og holdanauta sinna. Hvernig þetta verður gert í framtíðinni er nú verið að ræða en þær hugmyndir sem eru ræddar er að vera með breytilega styrki eftir því hvaða plöntur og dýralíf þarf að vernda og að útbúa stjórn-tæki fyrir hið opinbera til þess að geta veitt nauðsynlegt eftirlit með þessum opnu svæðum sem holdanautin ganga á.

### *3. Bústjórn*

Þessi málstofa innihélt níu ólík erindi sem var eiginlega hvert öðru betra. Má þar t.d. nefna stórgott erindi Íslandsvinarins og landsráðunautar SEGES hennar Vibeke Fladkjær Nielsen en hún fjallaði um legusvæði kúa. Tíð notkun á legudýnum í legubása mjólkurkúa er einmitt eitt af því sem íslenskar og danskar aðstæður í fjósum eiga sameiginlegt og í þessu erindi fór hún yfir kosti og galla ólíkra valkosta sem bændum stendur til boða þegar fjós eru byggð eða endurnýjuð. Gerð var tilraun með átta mismunandi legubásadýnur sem kýr gátu sjálfar valið á milli að leggja sig á. Í ljós kom að latexdýnur leiddu til lengri legutíma hjá kúm en hefðbundnar gúmmíkurlfylltar dýnur eða hreinar gúmmídýnur. Þá kom í ljós að kýrnar völdu jafnt dýnur með ólíku yfirborði en sumar voru með gúmmídúk og aðrar með trefjadúk. Það sem mestu réð um val kúa á legusvæði var staða þeirra í virðingarröðinni í fjósinu sem og hvar legubásinn var staðsettur innan fjóssins. Helst vildu kýrnar velja að liggja þar sem friður og ró var.

Í kjölfar rannsóknarinnar hafa nú verið gefnar út leiðbeiningar fyrir bændur þegar þeir velja undirlag í básana. Dýnurnar eiga að lágmarki vera 50 mm og gjarnan 60 mm þykkar, mýkt þeirra sem er mæld í kg/m3 má ekki vera undir 260 kg/m3 og gjarnan vera 300 kg/m3 og þá á yfirborð dýnanna að vera það mjúkt að þær geti ekki fengið nuddsár af því að liggja á dýnunum.

### *„Nudging“*

Eftir því sem kúabúin stækka og verða tæknivæddari reynir meira og meira á innra skipulag búanna og því betra sem það er, því betur gengur reksturinn yfirleitt. Í þessu sambandi er mikilvægast að þeir sem vinna á búunum gangi í takt og til að ná þeim árangri hefur reynst einkar vel að fá fólk til að gera sömu hlutina og eins með því að breyta hegðan þeirra í smáum skrefum. Þetta kalla Danirnir *„nudging“* en það gengur út á að ýja að breyttri hegðan frekar en að skipa fólki fyrir.

Dæmi um þessa aðferðarfræði er t.d. að setja lítið merki ofan í hlandskálar á karlasalernum eða mynd af flugu en svo virðist sem þetta litla atriði gjörbreyti umgengni á salernum karla og auki hittni verulega. Svona aðferð má s.s. einnig nota á kúabúum og fjallaði erindi bústjórans Adri Peereboom og vinnuráðgja SEGES, Helle Birk Domino, um þessa aðferð. Adri þessi er bústjóri á kúabúi með 850 mjólkurkýr og á búinu starfa 17 manns af þremur þjóðernum. Til þess að tryggja að öll vinnubrögð væru rétt og eins á hverjum tíma virkjaði Adri þessi allt starfsfólkið í því að skrifa niður vinnuferla, hvernig mætti gera þá betur og svo voru útbúnar einfaldar myndir og skýringartextar sem sýna hvernig er best að standa að hlutunum. Þetta hefur m.a. leitt til þess að starfsfólkið er ánægðara í vinnunni og vinnubrögðin eru mun staðlaðari nú en áður.

### *Kulnun meðal bænda*

Kulnun eða vinnustreita er ástand sem getur myndast hjá fólki glími það við mikla streitu í starfi í langan tíma og á þetta jafnt við um störf kúabænda sem og annarra. Kulnun er ekki sjúkdómur heldur samsafn einkenna sem benda til þess að viðkomandi hafi lengi glímt við mikla streitu í sínu starfi og sú streita sé nú farin að hafa alvarleg áhrif á vinnugleði og líðan og getur lýst sér sem mikil líkamleg þreyta sem og sem tilfinningaleg og andleg uppgjöf. Um þetta efni fjölluðu tveir kúabændur, Anders Overgaard og Klaus Jørgensen, sem báðir hafa lent í þessu og greindu frá af hreinskilni hvernig þeir tókust á við vandamálið, en erfiðast fannst þeim að horfast í augu við það að eitthvað væri að. Svo virðist sem margir af þeim sem eru með kulnun líti á það sem mikið veikleikamerki og gerir það því hlutina oft mun verri.

Helstu andlegu einkenni kulnunar hjá kúabændum eru „allt fer í taugarnar á viðkomandi“, áhyggjur af hinu og þessu, sveiflur á lundarfari, minnisleysi, erfiðleikar með einbeitingu, áhugaleysi, skortur á matarlyst, þunglyndi og lítið sjálfsálit.

Vinnustreita getur einnig valdið líkamlegum einkennum eins og háum blóðþrýstingi, hausverk, magasári, grunnöndun, þreytu, exemi, skjálfta í höndum, svima, tíðum þvaglátum og fleira mætti nefna.

Bændurnir sem fluttu erindið bentu á að mikilvægast væri að fara til læknis og fá úr því skorið hvað væri að svo unnt væri að takast á við málið en þeir höfðu allir komist yfir sín vandamál með breyttum lifnaðarháttum. Sögðu þeir lausnina felast fyrst í því að horfast í augu við það að það væri eitthvað að og leita sér hjálpar! Þá væri mikilvægt að þekkja einkennin sem fylgja þessu vandamáli og síðan að læra að forgangsraða því hvernig þeir sinna vinnunni og lifa sínu lífi. Að setja sér takmörk og læra að þekkja inn á sjálfan sig sé mikilvægara en margt annað. Þá er mikilvægt að hvílast vel og halda sér í góðu líkamlegu formi, það hjálpi verulega þegar vinnustreitan herjar á fólk. Að vera duglegur að taka sér raunverulegt frí og vera „latur“ var annað sem nefnt var að væri hverjum hollt að upplifa. Þá sögðu þeir einnig frá því að líf þeirra í dag væri gjörbreytt og mun betra en það var áður!

Í næsta Bændablaði verður haldið áfram umfjöllun um þetta áhugaverða fagþing en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgriparækt) og þar undir „Kvægkongressen“.



**Legubásadýnur fyrir kýr geta verið afar ólíkar bæði hvað verðar samsetningu, þykkt, mýkt og yfirborð.**


**Lely Center Ísland**

**SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR**



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



## Fundarboð - Tölum um heilsuna

Verið velkomin á bændafund í félagsheimilinu Brautarholti á Skeiðum
**mánudaginn 15. apríl kl. 20.00**

**Fundarefni:** Heilsufar og vellíðan.

**Fyrirlestrar**
kl. 20.00 **Guðmundur Hallgrímsson, Hvanneyri**
*Verkefnið Búum vel, Öryggi – Heilsa – Umhverfi*

kl. 20.25 **Pétur Skarphéðinsson læknir**
*Vinnuumhverfi bænda*

kl. 21.15 **Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur**
*Byrjunareinkenni þunglyndis og kvíða. Hvað er til ráða?*

kl. 22.00 **Kaffi - Umræður og fyrirspurnir**

**Allir velkomnir**

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**

Kvenfélög Gnúpverja og Skeiða
Búnaðarfélög Gnúpverja og Skeiða
Bændasamtök Íslands




**ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?**



MHG VERSLUN

Husqvarna

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**



MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

## Landbúnaðar-umhverfisverndarkerfið „High Nature Value – HNV Farming“:

# Landbúnaður og náttúruvernd

**Sigurður Torfi Sigurðsson**
*búfræðingur og umhverfismál hjá RML*
*sts@rml.is*



Dr. Brendan Dunford lítur yfi land í Burren-héraði á Írlandi sem er HNV-svæði á vesturströnd landsins. HNV landslag og vistkerfi sýna bæði notkun fyrir vetrar- og sumartíma. Brendan er framkvæmdastjóri yfir verkefni sem þeir kalla Burren Program. Við verkefnið starfa 6 einstaklingar sem halda utan um og sinna leiðbeiningarþjónustu fyrir bændur sem stunda sjálfbæran HNV-landbúnað á svæðinu. Innfellda myndin er af Brendan Dunford í vettvangsferð með Karli Bretaprins í Burren-héraði. Mynd / BD

**Á sama tíma og þjóðir heims kalla eftir meiri matvælaframleiðslu til að tryggja fæðuöryggi sinnar þjóðar, er líka verið að kalla eftir betri umgengni við umhverfi og náttúru. Þarna er bæði verið að kalla eftir verndun á óspilltri náttúru en einnig eftir aðgerðum til að vinna gegn loftslagsbreytingum síðari ára.**

Í tölulegu samhengi við útblástur gróðurhúsalofttegunda, þá telur mengun frá landbúnaði umtalsvert, eða um 24% á heimsvísu. Mestu mengun í landbúnaði má rekja til stórra framleiðslueininga, sér í lagi þar sem stunduð er svokölluð þaulrækt eða þauleldi. Umhverfisáhrif og kolefnisfótspor þessara búa eru hlutfallslega meiri en hjá litlum og meðalstórum einingum. Sem mjög sjáanlegt dæmi um áhrif vegna þéttleika búa og ræktunarlands má nefna fækkun fuglategunda. Aftur á móti byggja lítil og meðalstór bú afkomu sína gjarnan á hefðbundinni nýtingu úthaga til beitar húsdýra sem oft auðgar lífbreytileika og viðheldur búsvæðum fyrir fugla og önnur villt dýr.

Sem mótvægisaðgerð við mengun og umhverfisáhrif frá landbúnaði hafa stjórnvöld víða um heim sett ákvæði um umhverfis- og náttúruvernd í landbúnaðarsamninga. Vægi og hlutfall þessa málaflokka hefur aukist til muna á undanförnum árum þar sem stjórnvöld og ekki síst bændur eru farnir að átta sig á mikilvægi náttúru og lífbreytileika sem mótvægi í loftslagsmálum en einnig til að viðhalda frjósemi jarðvegs og öðrum lífsgæðum. Í regluverki ýmissa þjóða um landbúnaðarframleiðslu og styrki eru tilgreind ákveðin landbúnaðar-umhverfisverndarkerfi sem notuð eru til að meta þann árangur sem sóst er eftir. Þessir styrkir eru oft tengdir dreifbýlisstuðningi og þá fer það eftir eðli og umfangi hvers þáttar sem á að mæla hvaða kerfi er notað og hvað það nær yfir breitt svið. Bændur sem bjóða sig fram í að taka þátt í þessum verkefnum vinna eftir ákveðnum skilyrðum sem eru sett í samning. Þeir tileinka sér ákveðnar aðferðir eða vinna skilgreind verkefni til að stuðla að náttúrvernd og umhverfisvænum búskaparháttum, sem dæmi um verkefni má nefna sjálfbæra nýtingu á beitarhögum, endurheimt vistkerfa og verndun vatnasvæða.



Nautgripir á beit



Nautgripir á ræktuðu túni með skjólbeltum á láglendinu í Burren.



Yfirlitsmynd af engjum Baldursheims í Mývatnssveit. Engin heita Framengjar og hafa mjög fjölbreyttan vaxtarmikinn gróður og auðugt fuglalíf og eru notuð til beitar að einhverju leyti allt árið og Baldar hafa einnig ræktað tún á holti í engjunum án þess að spilla umhverfinu í kring. Mynd / STS



Kýr á grösugum engjum í Baldursheimi. Mynd / STS

### *HNV-landbúnaður*

HNV-farming (High Nature Value) er viðurkennt sérstakt landbúnaðar-umhverfisverndarkerfi í Evrópu. Hugtakið HNV-landbúnaður var fyrst skilgreint snemma á síðasta áratug 20. aldar og er það kerfi eða aðferðarfræði sem hefur verið í hvað mestri þróun á undanförnum árum og trúlega eitt best skilgreinda landbúnaðar-umhverfisverndarkerfi sem notað er í dag. Skilyrði fyrir HNV er að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hvort annað. Í stuttu máli er HNV rammi um náttúruvæna búskaparhætti, landbúnaðarland og náttúruvernd.

### *Almenn skilgreinin á HNV landi er:*

- Að HNV sé á skilgreindu landbúnaðarlandi og aðal landnotkun sé landbúnaðartengd.
- Að verndun tegunda, búsvæða og vistkerfa byggist á sérstakri landbúnaðarnotkun.
- Að búskaparhættir ýti undir og styðji við fjölbreytileika í búsvæðum og villtum tegundum og/eða viðveru villtra tegunda með evrópskt/lands/staðbundið verndargildi.

HNV-landbúnaðarsvæði í Evrópu tilheyra oft jaðarsvæðum eða eru tengd náttúruverndarsvæðum sem eru þegar skilgreind og flokkuð undir öðrum náttúruverndarsamningum og njóta þeirra stuðnings.

Góð reynsla hefur verið á samþættingu þessara kerfa, þau geta unnið mjög vel saman og stutt við hvort annað þar sem markmiðin eru að miklu leyti þau sömu þó nálgun og áherslur séu út frá mismunandi forsendum. HNV er þ.a.l. kerfi og aðferðarfræði í náttúruvernd þar sem menn og húsdýr eru tekin inn í reikninga sem hluti af náttúrunni og eðlilegar breytur.

HNV er fjölþátta kerfi og einkennist af miklum breytileika þar sem í verkefnum er tekið mið af sérstöðu og einkennum hvers svæðis. Þannig er það eðlilegt að ákveðinn breytileiki sé á milli landa sem endurspeglar mismun í búskaparháttum og náttúrugerðum hvers lands. HNV svæði eru flokkuð í þrjá flokka og geta HNV svæði einkennst af einum, tveggja eða allra þessara flokka.

### *HNV flokkar eru:*

**Flokkur 1:**
Landbúnaðarland sem einkennist af ósnortinni náttúru þar sem náttúruleg og/eða hálf-náttúruleg vistkerfi eru ríkjandi.

**Flokkur 2:**
Landbúnaðarland sem einkennist af umhverfisvænum búskaparháttum (e. low-intensive farming), náttúrusvæðum og/eða menningarminjum (t.d. fornminjar eða gömul mannvirki með verndargildi þar sem jafnframt hafa þróast sérstök búsvæði og vistkerfi).

**Flokkur 3:**
Landbúnaðarland sem einkennist af búsvæðum villtar tegunda sem hafa hátt náttúruverndargildi og/eða sem nauðsynleg búsvæði á alþjóðavísu (t.d. varp- eða áfangastaðir fyrir farfugla).

Helstu markmið HNV-landbúnaðar er að stundaður sé umhverfisvænn landbúnaður þar sem framleitt er hágæða hráefni fyrir matvælavinnslu en jafnframt veitt samfélagsþjónusta í formi náttúruverndar. Þar má helst telja verndun og viðhald lífbreytileika, búsvæða og vistkerfa en HNV nær þó einnig til fleiri þátta t.d. kolefnisbindingar, vatns- og jarðvegsverndunar.

### *Menning, fræðsla og nýsköpun*

HNV-landbúnaður hefur menningarlegt gildi og byggir oft á aldagömlum búskaparháttum, menningu og hefðum. Á HNV svæðum er mikið lagt upp úr varðveislu menningarminja sem oft einkenna heilu svæðin og eru partur af vistkerfum og búsvæðum dýra. Til að einkenni og ásýnd lands haldist óbreytt þarf notkun að vera sjálfbær og allt verklag byggt á grunni gamallar þekkingar. Með því að viðhalda hefðum og verkþekkingu skapast oft grundvöllur fyrir áframhaldandi þróun þar sem grunnurinn er gömul verkþekking sem verður lykill að vel heppnaðri nýsköpun. Þar sem best hefur til tekist hafa stjórnvöld beitt sér fyrir ráðgjöf og fræðslu til bænda þar sem umhverfis- og markaðsmál eru tengd saman. Það hefur sýnt sig að HNV hvetur til nýsköpunar, er atvinnuskapandi og

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Sauðfé í engjum Baldursheims í Mývatnssveit. Mynd / STS

hafa margar einstakar vörutegundir orðið til á HNV svæðum. Eins sýnir reynslan að vel upplýstir bændur eru frekar tilbúnir að breyta til og snúa sér að umhverfisvænum aðferðum og noti það sem tækifæri til að efla starfsemi og aðgreina afurðir sínar á mörkuðum.

### *Dæmi um ávinning af HNV verkefnum:*

- Bætt lífsskilyrði fyrir almenning, t.d. með hreinna vatni, betra lofti, lífbreytileika o.fl.
- Fjölbreyttari störf til sveita
- Meiri nýliðun / ættliðaskipti
- Styrkir dreifbýli á jaðarsvæðum
- Markaðssetning og sérstaða í markaðsmálum
- Nýsköpun
- Jákvæð ímynd á landbúnaði og vörum unnum úr landbúnaðarafurðum

### *HNV-tækifæri á Íslandi*

Mikil tækifæri geta falist í því fyrir íslenska bændur að taka þátt í verkefnum tengdum náttúruvernd. Afkoma íslenskra bænda byggist jafnframt að stórum hluta á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og falla þ.a.l. undir skilgreiningu HNV enda er Ísland skilgreint í Evrópu sem HNV-svæði.

Það má segja að nú þegar séu til vísar af HNV verkefnum hér á landi t.d. verkefnin „Bændur græða landið“ og „GróLind“. Einnig má í þessu samhengi nefna friðlandið í Andakíl sem er dæmigert HNV svæði og nýtt verkefni Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindarráðuneytis „Landbúnaður og náttúruvernd - LOGN“ en þar verður HNV notað sem fyrirmynd við gerð sviðsmynda.

Færa má rök fyrir að bændur sem eru þátttakendur í náttúruverndarverkefnum njóti e.t.v. meiri stuðnings meðal almennings. Hinn almenni neytandi er oft meðvitaður um náttúruvernd og velur þá frekar íslenskar afurðir en að styðja við innflutning. HNV-landbúnaður getur þ.a.l. verið tækifæri fyrir íslenskan landbúnað, undirstrikað hreinleika íslenskra landbúnaðarvara og HNV-Ísland verið vörumerki fyrir íslenskar landbúnaðarvörur á erlendri grundu.

**Heimildir**


*Andersen, E., et.al. 2004. Developing a High Nature Value Farming Area Indicator. European Environment Agency, Copenhagen.*

*EPA. Global Greenhouse Gas Emission Data. https://www.epa.gov/ghgemissions/global-greenhouse-gas-emissions-data*

*European Commission. Agri-environmental indicators. https://ec.europa.eu/agriculture/envir/indicators_en*

*European Forum on Nature Conservation and Pastoralism. Vefsíða. http://www.efncp.org/*

*Ferraro, 2008. Asymmetric information and contract design for payments for environmental services https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0921800907004272*

*HNV-link. Vefsíða. http://www.hnvlink.eu/*

*Oppermann, R. et.al., 2012. Features of HNV farmland mosaic landscapes. High Nature Value Farming in Europe. Oppermann, R., Beaufoy, G., & Jones, G. (Eds.). Ubstadt-Weiher, Germany: verlag regionalkultur.*



MAST Matvælastofnun

**Auglýst er eftir umsóknum um stuðning við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum**

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum vegna stuðnings við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum í samræmi við ákvæði V. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. framangreindrar reglugerðar og hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti faggildrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, með síðari breytingum, geta sótt um aðlögunarstuðning.

Skilyrði fyrir stuðningi eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í þeim búgreinum sem við á hverju sinni.

**Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn eru eftirfarandi:**

1. *Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila.*
2. *Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af faggildri vottunarstofu.*
3. *Staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi undirritað samning við hana um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu.*

Nánari upplýsingar um nauðsynleg fylgiskjöl má finna í framangreindri reglugerð.

Opið er fyrir rafrænar umsóknir í þjónustugátt Matvælastofnunar (umsóknareyðublað nr. 7.21). Netfang: www.mast.is

**Umsóknum skal skila inn eigi síðar en 15. maí nk.**






Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 2. maí






VÉLABÁSINN

# Volkswagen Touareg Elegance

## – Lengi getur gott „bestnað“



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Hekla er umboðsaðili fyrir Volkswagen og þar er jepplingurinn Touareg sem hefur verið nokkuð vinsæll hjá Íslendingum í nokkur ár. Reglulega koma nýjar og breyttar árgerðir af þessum jepplingum.**

Fyrir nokkru kom enn ein árgerðin af Touareg í sölu og í boði eru nokkrar tegundir af bílnum með mismunandi vélum sem eru frá 230 hestöflum upp í 421 hestafl. Ég prófaði fyrir skemmstu bílinn með minnstu vélinni sem nefnist Volkswagen Touareg Elegance.



**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Lengd | 4.878 kg |
| Hæð | 1.702 mm |
| Breidd | 1.984 mm |

Volkswagen Touareg V6 dísil.

Myndir / HLJ

### *Þó að þetta væri smæsta vélin er krafturinn fínn*

Touareg Elegance er hlaðin þægindum og gott að keyra, vélin er V6 dísil sem á að skila 230 hestöflum, sjálfskiptur með 8 þrepa skiptingu. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,6 lítrar á hundraðið og kostar hann 9.990.000.

Innréttingin er flott og sæti leðurklædd og þægileg að sitja í. Þægindi eru mikil og töluvert mikið lagt upp úr öryggi samanber, skiltalesara, árekstravörn, akreinalesara, blindhornslesara, upphitaða framrúðu, hita í stýri, 220 volta tengil fyrir rafmagnstæki og fleira.

Að keyra bílinn er gott, sérstaklega á malbiki, skiltalesarinn les vel og ef maður fer yfir hámarkshraða lætur mælaborðið vita af því að maður eigi að létta á hægri fætinum. Þá finnur maður fyrir örlitlum titringi undir eldsneytisgjöfinni um leið. Akreinalesarinn les hliðarlínur svo vel að ef maður sleppir stýrinu í aflíðandi beygju beygir bíllinn sjálfur og heldur sig mitt á milli línanna. Hins vegar ef maður sleppir stýrinu þá lætur mælaborðið strax vita af því og heimtar að hendurnar komi á stýrið.



Framsætin eru mjög góð og mikið pláss í aftursætum.



Ókostur við að stækka felgur undir bíl er að þegar ekið er í snjó og krapa fyllast felgurnar af snjó, það er ávísun á vandamál og titring.

Þó að bíllinn sem prófaður var hafi verið með minnstu vélina sem er í boði í Touareg línunni var krafturinn alltaf nægur fyrir það sem ég bað um og ætlaði bílnum.

### *Prufuaksturinn, upp og ofan*

Fyrst var tekið á bílnum í innanbæjarakstri og fann maður þá vel hvað 20 tommu felgurnar og dekkin voru að svara vel í hringtorgum og kröppum beygjum. Þegar komið var að hraðahindrunum sem nefnast „hattar“ var bíllinn hins vegar aðeins að höggva og í malbiksskemmdum (sem eru ansi víða núna á götum Reykjavíkur) hjó bíllinn líka, enda ekki mikla fjöðrun að fá út úr 20 tommu dekkjunum og með bíl á gormafjöðrun.

Meðaleyðslan hjá mér þessa fyrstu kílómetra innanbæjar var rétt tæpir 12 lítrar á hundraðið sem mér fannst hreint ótrúlegt miðað við aksturslag og stóra vél.

Næst var það langkeyrsla og akstur á malarvegi. Í langkeyrslunni virtist ég vera að nota um 6 lítra á hundraðið að öllu jöfnu á um 90 km hraða. Í lok prufuakstursins, sem var meðalblandaður akstur, 120 km og mín eyðsla var 9,1 lítri á hundraðið, sem er að mínu mati mjög gott miðað við stóra vél og mitt aksturslag.

### *Ekki besta val á felgum og dekkjum fyrir möl*

Á malarvegi vakti það furðu mína hversu lítið bíllinn var að skríða til hliðanna þrátt fyrir holóttan veg og krapaslabb á veginum, þó var hann að höggva óþægilega mikið í stærstu holunum.

Að keyra holóttan malarveg á dekkjum sem heita 285/45/20 er bara eðlilegt að bíllinn sé harður. Hefði bíllinn verið á loftpúðafjöðrum og dekkjum sem Offroad Touareg kemur á, eða 235/65/18 sem eru mun hærri dekk og gefa betur eftir, þá er ég ekki viss um að ég hefði kvartað undan holum á malarveginum.

Í lok malarkaflans byrjaði bíllinn allt í einu að hristast og skjálfa og fyrsta hugsun hjá mér var að framhjól væri laust undir bílnum svo að ég stoppaði eins fljótt og ég gat. Tuttugu tommu felgurnar höfðu fyllst af krapanum og í síðustu holunni hafði hluti af krapanum losnað úr við höggið og fyrir vikið mikill mismunur á þyngd inni í dekkinu í blautum krapanum. Því var eðlilegt að skjálftinn væri mikill. Þarna kom berlega í ljós ókosturinn að stækka felgur undir bíl því stærri felga gefur meira pláss fyrir snjó og drullu inn í felgur sem getur losnað í hlutum með mis miklum skjálfta.

### *Ekki bara hamingja en neikvæðu punktarnir fáir*

Þessi bíll er næstum gallalaus, en varadekkið er loftlaust og ekki fyrir hvern sem er að koma því undir, einnig að til þess að fá afturljósin á bílinn í daglegum akstri þarf að muna að kveikja ljósin og ekki er hægt að hafa þau kveikt þar sem við hverja ræsingu á bílnum fara ljósin sjálfkrafa í AUTO.

Það eru allavega fáir bílar sem fá eins fáa neikvæða punkta frá mér og þessi bíll. Volkswagen Touareg er í boði í a.m.k. 12 útfærslum og með mismiklum aukabúnaði á verðinu frá 8.590.000 upp í 16.290.000 krónur. Allar nánari upplýsingar má nálgast hjá sölumönnum Volkswagen og á vefsíðunni www.hekla.is.



Það fer lítið fyrir varadekkinu, frekar flókið að koma því undir bílinn.



Mælaborðið segir mikla sögu og er sífellt að vara ökumann við hættum og hraða.









ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Vélar þurfa viðhald og vöktun, annars gæti maður verið í slæmum málum

## – Er olíumagnið á vélinni rétt og eru hjólarær örugglega nægilega vel hertar?



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það fór ekki framhjá neinum sem fylgdist með fréttum fyrir skemmstu þegar skemmtiferðaskipið Viking Sky varð vélarvana með 1373 áhafnarmeðlimi og farþega um borð úti fyrir strönd Noregs. Allar fjórar vélar skipsins drápu á sér samtímis og skipið varð stjórnlaust í ölgusjó skammt frá landi. Þegar áhöfn skipsins náði að stöðva stjórnlaust rek skipsins og varpa ankerum voru aðeins nokkur hundruð metrar í hættuleg sker.**

Ástæða þess að vélarnar drápu á sér var að nemar sem segja hversu mikið smurolíumagn er á vélunum gáfu fölsk skilaboð um að það vantaði smurolíu á vélarnar vegna mikils veltings í stórsjónum sem þarna var þegar óhappið átti sér stað. Við rannsókn var þetta niðurstaðan. Olíumagnið var ekki einu sinni komið í lágmark, en í veltingnum hölluðu vélarnar það mikið að nemarnir fóru upp úr og fór því sem fór.

### *Flestar vélar brenna olíu og í mörgum vélum eru nemar sem eiga að drepa á vélum vanti olíu*

Þegar skipt er um olíu á vélum eru margir sem setja það mikla olíu á vélina að hún mælist í hámarki þegar verkinu lýkur. Persónulega vil ég ekki fylla alveg upp í hámark þegar ný olía er sett á vél og reyni alltaf að hafa olíumagnið sem 3/4 af því sem kvarðinn eða mæliglugginn segir að eigi að vera á milli hámarks og lágmarks á þeim mælingarkvarða sem er fyrir viðkomandi vél. Ástæðan er að ef verið er að fara upp eða niður bratta langa brekku rólega getur olíumagn sem er í hámarki hugsanlega runnið það mikið til að olían fer á nema og drepur á vélinni. Það gerist ef skynjarar eru staðsettir þannig í vél að olía kemst á þá og gefa þeir til kynna að of mikil olía sé á vélinni. Sum fjórhjól og dráttarvélar eru með nema sem drepa á vél ef of mikil olía er í olíurými og er það hugsað sem varnagli ef eldsneyti lekur niður með stimpli inn í olíurýmið.



Í flestum nýjum dráttarvélum hangir svona miði til að minna á að herða rærnar á felgunum.



Séu óhreinindi á fletinum sem felgan á að leggjast upp að er það ávísun á að felguboltar losna með tímanum, sérstaklega vinstra megin á ökutæki.

Nokkur dæmi er um að þegar bíll hefur nýlega verið smurður og olíumagn er í hámarki og fyrsta ferð er í gegnum Hvalfjarðargöngin. Þegar farið er upp eða niður norðanmegin í göngunum er brekkan svo brött að olíumagnið fer fremst eða aftast í vélarbotninn og viðvörunarljós kviknar í mælaborðinu um að of mikil olía sé á vél. Fylgist vel með olíunni, gott er að mæla reglulega á 1000–2000 km. fresti.

### *Dekkjaskipti, áríðandi að taka á og herða alla bolta stuttu eftir dekkjaskipti*

Þegar skipt er um dekk þá setja ábyrgir starfsmenn betri hjólbarðaverkstæða miða á stýrið með dagsetningu hvenær skipt var um dekk til að minna á að herða á öllum boltum undir bílnum eftir einn til tvo daga eða ákveðið marga kílómetra. Ótrúlega oft losna hjólbarðar, en sérstaklega þegar bílar eru nýir teygjast boltarnir og rærnar aðeins og því losna boltarnir.

Á stærri bílum eins og vörubílum er hættan enn meiri, sérstaklega að aftan séu vörubílar á tvöföldum hjólbörðum. Ástæðan að þar sem að hjólbarðarnir eru settir spegalðir á og eru almennt 10 rær sem festa hjólbarðana. Ef smá ryð eða óhreinindi lendir á milli felgu og öxulnafs er nokkuð öruggt að felgan losnar fyrr eða síðar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að herða aftur boltana eftir 50–100 km eða einn til tvo daga.

Svo eru það vinnuvélar og dráttarvélar sem þarf að passa sérstaklega vel upp á. Þegar skipt er undir svona hæggengum vélum sem almennt eru stórar og þungar og eru almennt með frekar grófan gang í vélinni og titra oft fínum titring.

Í eigandahandbókum flestra vinnuvéla segir að eftir hjólbarðaskipti eigi maður að herða (með átaksmæli uppgefna herslu) á allt að klukkutíma fresti þar til að maður getur ekki hert lengur neina ró eða skrúfu frá því að hert var síðast.

Mjög sjaldgæft er að maður þurfi að herða oftar en tvisvar. Á þetta er lögð mikil áhersla þegar menn taka vinnuvélaréttindi. Dekk sem eru vinstra megin á ökutækjum eru í meiri hættu á að losna undan ökutækjum vegna snúningsáttar á hjólbörðum. Fyrir 10–40 árum var oft öfugur skrúfgangur á boltum og róm vinstra megin á stærri tækjum til að koma í veg fyrir þetta. Til að koma í veg fyrir óhapp af þessum sökum borgar sig alltaf að hugsa aðeins og huga vel að viðhaldi.






# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR

**„Við þáverandi konan mín, Sonja Suska, fluttum í Hvamm með börnin okkar, Hauk Marian, Leon Paul og Lilju Maríu, í lok árs 2001," segir Haukur Suska-Garðarsson.**

„Árið 2006 fæddist svo yngsta stelpan okkar, Inga Rós. Frá upphafi og til þessa dags hefur búskapurinn nær eingöngu snúist um hesta og ferðamenn. Hefur ferðaþjónustan og þá aðallega lengri hestaferðir vaxið og orðið stærsti hluti búrekstursins."

**Býli:** Hvammur 2.

**Staðsett í sveit:** Vatnsdalur, Húnavatnshreppi.

**Ábúendur: Haukur Suska-Garðarsson.**

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Börnin mín 4, tíkin Mandla og 2 kettir.

**Stærð jarðar?** Ekki hugmynd.

**Gerð bús?** Hestar og ferðamenn.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Eitthvað rúmlega 100 hross á búinu.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er lítið um hefðbundna vinnudaga. Það fer mjög eftir árstíðum hvernig dagurinn er. Í ferðunum á sumrin er byrjað á veglegum morgunverði milli 8 og 9. Svo er riðið með skemmtilegu fólki um húnvetnskar grundir allan daginn með 70 til 90 hesta. Eftir reiðdaginn er svo notið góðs matar, spjallað og sungið...



**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast að þjálfa reiðhestana með fjölskyldunni fyrir ferðirnar. Leiðinlegast að tína plast af girðingum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Áframhaldandi uppbygging í hestamennsku og þjónustu við ferðamenn.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Held að sá félagsskapur geti látið margt gott af sér leiða. Styrkurinn liggur í þekkingu og samtakamættinum.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Ég hef fulla trú á íslenskum landbúnaði. Við eigum góða bændur og hreint land og við eigum að framleiða okkar matvöru sem mest sjálf.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Vörumerkið Ísland er sterkt og stendur fyrir hreinleika og heilbrigði í matvælaframleiðslu. Þessi gæði verða sífellt eftirsóknarverðari meðal neytenda sem geta greitt meira fyrir betri vöru.




**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** AB-mjólk.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Kúrekapanna, (pulsur, baunir og ananas m.a.).

Þetta er að vísu bara mín skoðun. Þetta er það eina sem ég kann að elda.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þau eru svo mörg að ómögulegt er að taka eitthvað eitt.

Þó man ég eftir einu þar sem ég var að gera við girðingu að hausti og missti dýrmætan járnkall í djúpan skurð fullum af vatni. Hann fór á bólakaf. Þrátt fyrir hryssingsveður ákvað ég að vippa mér úr fötunum og hoppa niður í skurðinn til að sækja járnkallinn. Það var svolítið kalt, en ekkert með það.

Hins vegar þegar ég skelli járnkallinum á land, heldur drjúgur að hafa náð honum, þá lendir hann beint í rafmagnsgirðingunni og ég enn í skurðinum. Það var mjög óþægilegt og hafði í för með sér gríðarleg óhljóð hjá undirrituðum.

En eftir að ég var kominn í fötin og inn í hlýjan traktorinn aftur gat ég ekki annað en hlegið að þessum klaufagangi og hugsaði til þess ef nágrannarnir á Hjallalandi eða Hofi hefðu nú séð þessi vinnubrögð og aðfarir.

MATARKRÓKURINN

# Nokkrir fermingar- og veisluréttir



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Hér koma nokkrar góðar reglur sem vert er að hafa í huga þegar veisluhald er í vændum.**

**Hversu marga smárétti þarf ég fyrir 50 gesti?**

› Fyrir smáréttaborð þarf átta til 12 bita á mann. Gestir munu venjulega borða um fimm bita á fyrstu klukkustundinni og svo þrjá bita á hverri klukkustund eftir það.

**Vertu vel undirbúinn og góður gestgjafi.**

› Svo veislan gangi sem best – og gestgjafinn skemmti sér líka – þarf hann að vera undirbúinn og tilbúinn. Nauðsynlegt er að spyrja fyrirfram um ofnæmi og séróskir svo ekki þurfi að redda því á síðustu stundu.

**Gakktu úr skugga um að allir séu ánægðir.**

› Ekki láta gesti fara svanga heim, frekar bjóða upp á popp, osta eða sætan eftirmat þegar líður á veisluna.

**Ekki láta fólki leiðast eða líða vandræðalega.**

› Ef það er laust pláss er sniðugt að hafa spil eða eitthvað sem gæti verið skondið og brotið ísinn bæði fyrir krakka og fullorðna.

**Einfaldur matur er oft bestur.**

› Hér er uppskrift að bruschetta sem er í rauninni ristað brauð með áleggi að eigin vali. Svo er líka hægt að vera bara með kökur og hér eru tvær einfaldar og góðar.

## Bruschetta

